



Áshildur Haraldsdóttir
HELDUR TÓNLEIKA Í STRÆTÓ
►52



Íslenska dómnefndin í Eurovision ►60

Íslenskir ástríðuglæpir
ELDSVOÐINN Í BREIÐHOLTI
►26



FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
3. maí 2014
103. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



EIGA EKKERT NEMA LÍFIÐ SJÁLFT

Þrjú ár eru síðan stríðið braust út í Sýrlandi og um þrjár milljónir hafa nú flúið landið. Helmingurinn er börn. Ljósmyndarinn **Páll Stefánsson** deilir áhrifaríku ferðalagi sínu til Líbanons og Sýrlands í máli og myndum. ► 18, 20

MYND/PÁLL STEFÁNSSON



RÓMANTÍK Á TÖKUSTAÐ
Kærustuparið Ágústa Eva og Jón Viðar deila jafnt atvinnu sem einkalífi. ► 24



Tatiana Ósk Hallgrímsdóttir
LANDAÐI SAMNINGI Í LOS ANGELES
►70

KOMUMST VIÐ ÁFRAM?
Fréttablaðið skoðar keppinauta Pollapönks í fyrri undanúrslitakeppni Eurovision. ► 34



FÓLK
atvinna
pögun
Starfsmaður í reikningsháð

VORÚTSALA

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18
OG LAUGARDAGA 11-16

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT



**UNDIRSKRIFTIR AFHENTAR 4**

Forsvarsmenn Já Ísland afhentu forseta Alþingis tæplega 54 þúsund undirskriftir gegn þingsályktunartillögu um að draga til baka aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

VILL GÖNG Í STAÐ LANDEYJAHAFNAR 6

Meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er fallinn samkvæmt könnun Fréttablaðsins.

ÁTÖKIN Í ÚKRAÍNU HARÐNA 8

Úkraínustjórn segir fjölda uppreisnarmanna hafa fallið í átökum við her landsins í austanverðri Úkraínu. Tvær þyrlur stjórnarhersins voru skotnar niður.

KERFIÐ ÚRRÆÐALAUST 10

Faðir konu sem var ein í íbúð við Íðufell í Breiðholti þar sem eldur kom upp segir kerfið úrræðalaust gagnvart geðsjúkum.

SKOÐUN 12**SKOÐUN 12****PÓLÍTÍSK ÓVISSA OG VEIKLEIKI 12**

Þorsteinn Pálsson um andstæðinga evrópskrar samvinnu og pólitíska óvissu.

**HELGIN 16→42****MATUR FRÁ ÖLLUM HEIMSHORNUM 16**

Samtökin SUMAR, Samtök um matseld annarra ríkja, bjóða til alþjóðlegrar matarhátíðar á KEXI hostelum um helgina.

MEIRIHLUTI FALLINN Í ÍSA-FJARÐARBÆ 32

Meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er fallinn samkvæmt könnun Fréttablaðsins.

VILJUM VIÐ VERA HERÚLAR? 36

Illugi Jökulsson heldur áfram að rekja sögu Herúla og þeirrar kenningar að þessi dularfulla þjóð hafi endað hér á Íslandi.

**MENNING 52→57****STRÆTÓLÖG Í STRÆTÓ 52**

Áshildur Haraldsdóttir býður í tónleikaferðalag.

FJÖGURRA STJÖRNU BARNASÝNINGAR 53

Gagnrýni um sýningar á Fetta bretta og Óður og Flexa reyna að fljúga.

LAY LOW HITAR UPP FYRIR TÚR 56

Tónleikar á Café Rosenberg í kvöld.

LÍFIÐ 56→70**MÆTTI Í GEGNSÆJUM BOL 58**

Leikarinn Corey Feldman stal senunni þegar iHeartRadio-tónlistarverðlaunin voru veitt.

FRUMFLYTUR LAG MÆÐ MALTNESKRI EUROVISION-STJÖRNU 61

Valgeir Magnússon er umboðsmaður söngkonunnar Chiara Siracusa.

ÁSGEIR TRAUSTI TIL BANDARÍKJANNA 62

Fer í sitt fyrsta tónleikaferðalag eftir að hann samdi við Columbia.

**SPORT 64****PEIR UNGU SKILA TITLUNUM 64**

Aðeins einn af 33 Íslandsmeistarabjálurum í körfubolta karla frá 1984 hefur verið yfir fertugu.

KR VERÐUR MEISTARI 64

Íþróttadeild Fréttablaðsins og Vísis spáir KR sigri í Pepsi-deild karla í sumar.

**FIMM Í FRÉTTUM NÝR ODDVITI OG MÓTMÆLASVELTI**


KRISTJÁN JÓHANSSON, formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins, var mikið í fréttum vikunnar. Verkfall vofði yfir og drög að lögum á verkfalli komin fram. Ekkert varð þó af verkfalli og því frestað til 22. þessa mánaðar.



BRYNJAR DAGUR STEFÁNSSON sigraði í Ísland Got Talent með eftirminnilegum dansspor. Áhorfendur vissu ekki hvort sumar hreyfingar hans væru úr þessum heimi eða öðrum. Brynjar Dagur er 10 milljónum króna ríkari.



FINNUR FREYR STEFÁNSSON fagnaði innilega í leikslok þegar Íslandsmeistaratið var í höfn. „Við erum fokking Íslandsmeistarar,“ sagði hann af því tilefni við Guðjón Guðmundsson í beinni útsendingu Stöðvar 2 Sports.



GHASEM MOHAMADI fór í mótmælasvelli til að mótmæla sinnuleysi íslenskra stjórnvalda í sinn garð. Vildi hann frekar deyja á Íslandi en vera fluttur til baka til Afganistans.



→ **SVEINBJÖRG BIRNA SVEINBJÖRNSDÓTTIR** er nýr oddviti Framsóknarflokks eftir ævintýralegt brölt við að setja saman lista. Fjórar konur skipa efstu sætin. Sveinbjörg er mikil tungumálakona.

Segja sáttaferli um flugvöllinn ekki virt

Formenn Hjartans í Vatnsmýri segja ráðist á Reykjavíkurlugvöll á þrennum vígstöðvum. Vilja yfirlýsingu frá framboðum um að ekki verði hróflað við Reykjavíkurlugvelli fyrr en niðurstaða er fengin um starfsemina sem nú fer fram.

SKIPULAG „Við viljum að forsvarsmenn framboðanna allra lýsi því yfir að þeir muni ekki hrófla við flugvöllinn, hvorki neyðarbrautinni né öðrum brautum, fyrr en komin er niðurstaða um hvað eigi að verða um þá starfsemi sem nú fer fram og myndi þurfa að fara annað, þar á meðal sjúkraflygið og neyðarbrautina.“

Þetta segir Friðrik Pálsson, annar formanna samtakanna Hjartað í Vatnsmýrinni sem í gær fullyrtu á fundi með fréttamönnum að meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur virti ekki samkomulag um sáttaferli flugvallarins sem samið var um í Hörpu í lok október 2013.

„Meirihlutinn hefur hafið árás á flugvöllinn á þrennum vígstöðvum samtímis. Hann fer fram með offorsi og virðir ekki það sáttaferli sem málið var sett í með stofnun sérstakrar sáttanefndar borgarinnar, ríkisins og Icelandair Group. Nefndin átti að fullkanna alla valkosti fyrir innanlandsflug til og frá Reykjavík. Skilningurinn á bak við samkomulagið var að ekki yrði hróflað við vellið á meðan,“ segir Friðrik.

Hann getur þess að í fyrsta lagi virðist sem borgin ætli að leyfa strax byggingar á Hlíðarendasvæðinu þótt það liggja ljóst fyrir að það verði ekki gert nema neyðarbrautinni verði lokað.

„Í öðru lagi hafa eigendur Fluggarða nýlega fengið tilkynningu um að niðurrif flugskýla og flugskóla á svæðinu hefjist strax árið 2015 og verði án bóta. Niðurrifið rifur hjarta kennslu og almannaflugs upp með rótum og enginn annar



MYNDHJARTANNA Í VATNSMÝRI

staður er í boði fyrir starfsemina.“

Í þriðja lagi hafi borgin samþykkt skipulag og tilkynnt um byggð sem rísa á á neyðarbraut flugvallarins við Skerjafjörð. Friðrik segir byggðina munu eyðileggja neyðarbrautina og hafa alvarleg áhrif á flugsamgöngur til borgarinnar í verstu veðrum.

Í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg frá því í gær segir að borgin hafi virt samkomulag við innanríkisráðuneytið og Icelandair um innanlandsflug í einu og öllu. Nýtt deiliskipulag fyrir flugvöllinn sé í fullu samræmi við samkomulagið. Raunar hafi verið kveðið á um fjölmörg atriði þess í samkomulaginu.

Jafnframt er fullyrt að uppbyggingaráform Valsmanna á Hlíðarendasvæði séu í fullu samræmi við samkomulagið.

69.782

Íslendingar skrifuðu undir áskorun til borgarstjórnar og Alþingis um að halda flugvöllinn í Vatnsmýrinni.

Bent er á að Isavia hafi það verkefni með höndum að finna framtíðarstaðsetningu fyrir æfinga- og kennsluflug.

Formenn Hjartans í Vatnsmýri benda á að rúmlega 69 þúsund Íslendingar hafi skrifað undir áskorun til meirihluta borgarstjórnar og Alþingis um að tryggja flugstarfsemi í Vatnsmýri til framtíðar. Þá vilji 80 prósent landsmanna og 71 prósent íbúa í Reykjavík að völlum verði áfram í Vatnsmýri. ibs@frettabladid.is

Nýr hægrisinnaður flokkur opnar skráningarsíðu fyrir stuðningsmenn:

Boða stofnun frjálslynds afls

STJÓRN MÁL Nýtt frjálslynt stjórn málafl á Íslandi hefur boðað komu sína með opnun heimasíðu á netfanginu vidreisn.is. Þar gefst fólki kostur á að skrá sig styðji það undirbúning og stofnun slíks afls. Abyrgðarmenn síðunnar eru Benedikt Jóhannesson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Hanna Katrín Friðriksson.

Benedikt sagði í samtali við Fréttablaðið að ólíklegt væri að það hefði áhrif á stofnun þessa nýja afls ef ríkisstjórnin ákvæði að draga til baka þingsályktunartillöguna um að draga til baka umsókn í Evrópusambandið, en hann var meðal þeirra sem afhentu Alþingi undirskriftir gegn ályktuninni í gær.

„Hann [flokkurinn] er ekki bara tengdur þessu eina máli, ýmislegt fleira hefur komið til og það er



FLOKKUR Nýr flokkur verður ekki eins máls flokkur segir Benedikt Jóhannesson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kannski þannig að það er virkileg þörf fyrir framboð sem er svona frjálslynt og hefur þessi almennu stefnumál um frelsi á markaði, haftalaust þjóðfélag og ég held að við munum uppfylla þá þörf að minnsta kosti að stórum hluta,“ sagði Benedikt.

→ Markmið aflsins:

Réttlátt samfélag Vel skilgreindur réttur allra til góðrar menntunar og heilbrigðisþjónustu og gróska í menningarlífi. Lífskjör á Íslandi svipuð og í nágrannalöndum.

Jafnvægi Stöðugt efnahagslíf og fjölbreytt atvinnutækifæri. Verðmætasköpun með hugviti og skynsamlegri nýtingu auðlinda nú og til framtíðar. Hallalaus fjárlög og skuldir ríkisins lækkaðar.

Viðskiptafrelsi Markaðslausnir þar sem við á, gjaldþyrsking felld niður, engar samkeppnishindranir. Frelsi, jafnrétti, lýðræði og jafn atkvæðisréttur fyrir alla.

Vestræn samvinna Samningaviðræðum við Evrópusambandið lokið með hagstæðasta hætti fyrir Íslendinga og samningur borinn undir þjóðina.

Þegar þú vilt gæði

TABBERT



Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is



Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Mosæyðing

Svona gerum við gegn mosa í grasflöt.

Notum mosaeyði eða:

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni.
2. Berum grasáburð á grasflötina.
3. Berum kalkáburð á grasflötina.
4. Sáum grasfræi í sárin.
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er.
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur.



Lára Jónsdóttir
Garðyrkjufraeðingur



Grasáburður

5kg

1.190 kr

~~1.590 kr~~

ER MOSI Í GRASINU?

RÁÐGJÖF OG GOTT VERÐ UM HELGINA

<p>Grasfræ 1 kg 1.490 kr 1.890 kr</p>	<p>Gróðurmold 10 ltr 399 kr 629 kr</p>	<p>Kalkkorn 839 kr 5 kg</p>	<p>Mosæyðir 3.990 kr 5.290 kr</p>	<p>Rósmarín stór kryddjurt 999 kr 1.579 kr</p>	<p>Ávaxtatré 4.990 kr Epla, peru, plómu, kísuberja</p>
<p>Gasgrill 105.900 kr Broil King</p> <p>Gasgrill Broil King Signet 20 3 brennarar, rafkveikja. Grillgrind úr pottjárni 11.4 kW 3000602</p>	<p>Gasgrill Weber 39.890 kr. Q120 svart ferðagrill</p> <p>Weber Q120 Brennari: 2,64 kW Grillflötur: 42x32 cm 3000244</p>	<p>Hekklippur 5.995 kr Ikra 520W</p> <p>Hekklippur rafmagn 520W 50 cm blað, klippir 16 mm Þyngd 3.3 kg 5083756</p>	<p>Sláttuorfi 3.995 kr Ikra rafmagnsorf</p> <p>Rafmagnsorf RT2124DA. 350W. Slær 24 cm, aukaspóla 5086612</p>	<p>Hjólbörur 3.995 kr 80 ltr</p> <p>Hjólbörur 80 ltr. GREEN IT 5080086</p>	<p>Jarðarberja planta 699 kr Fersk og falleg</p>

Author Energy
33.900 kr.
20"

Author Trophy
32.900 kr.
26"



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

27.04.2014 → 2.05.2013

2 milljóna króna

styrk frá mennta- og menningar-
málaráðuneyti fá Forritarar fram-
tíðarinnar. Skólar og sveitarfélög
geta sótt um styrki úr sjóðnum.



84 þúsund refir

voru drepnir á Íslandi frá 1995 til 2012.
Kostnaðurinn við veiðarnar var um 1,6
milljarðar reiknað á verðlagi ársins í ár.



8,4 MILLJARÐA

afgangi skilaði
Reykjavíkurborg
árið 2013.



3

milljörðum króna
nam netverslun Ís-
lendinga á síðasta ári.

1,3 MILLJÓNIR

gesta komu í tónlistarhúsið
Hörpu í fyrra.



13 sinnum

hefur Ókeypis mynda-
sögudagurinn verið
haldinn í versluninni
Nexus.

Vildu spara 3,3 milljónir: Samrekstur út úr myndinni

SKÓLAMÁL Vegna mikillar andstöðu
á Fáskrúðsfirði hafa bæjaryfirvöld
í Fjarðabyggð hætt við fyrirhugað-
an samrekstur leik- og grunnskóla
bæjarins. Ætlunin var að gera til-
raun í eitt ár á meðan leikskóla-
stjórnin er í leyfi.

Foreldrafélag leikskólans og
starfsmenn beggja skólanna mót-
mæltu, auk þess sem athugasemdir
bárust frá Félagi leikskólakennara
og Félagi stjórnenda í leikskólum.

Spara átti 3,3 milljónir með sam-
rekstrinum. „Mikil andstaða for-
eldra og starfsfólks bæði leik- og
grunnskóla er hins vegar til staðar
og ótti við skerta þjónustu,“ bókaði
fræðslunefnd Fjarðabyggðar. -gar

Enginn beðið um kjörskrár: Taka afstöðu ef beiðnin kemur

STJÓRNSÝSLA Stjórnmalaflokkar
og stjórnmalasamtök hafa enn
ekki óskað eftir því við forsætis-
ráðuneytið að fá afrit af kjör-
skrárstofnum vegna komandi
sveitarstjórnarkosninga eins og
tíðkast hefur í áratugi.

Eins og fram hefur komið telur
Persónuvernd vafa leika á að
heimilt sé að afhenda slíkum aðil-
um kjörskrárstofna sem flokkarnir
hafa notað í starfi sínu. „Berist
slíkt erindi verður við afgreiðslu
þess af hálfu stjórnvalda tekin
afstaða til álítaefna sem uppi eru
varðandi afhendingu umræddra
gagna,“ segir í svari forsætisráðu-
neytisins við fyrirspurn Frétta-
blaðsins. -gar

LEIÐRÉTT

Rangt var farið með kostnaðinn við
gerð Kárahnjúkavirkjunar í töflu sem
fylgdi frétt í Fréttablaðinu í gær. Rétt
upphæð var 2,3 milljarðar dollara, eins
og fram kom í texta greinarinnar.

Telja víst að undirskriftir muni hafa áhrif á þingmenn

Forsvarsmenn Já Ísland afhentu Alþingi tæplega 54 þúsund undirskriftir gegn þingsályktunartillögu um að draga til baka aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra segist opinn fyrir hugmyndum svo fremi sem ríkisstjórnin nái því fram að ekki verði sótt um aðild að Evrópusambandinu.

ALÞINGI „Krafan er einföld og hún er mjög skýr. Hún gengur út á það að þingsályktunartillagan verði dregin til baka og það verði boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi áfram eða ekki,“ sagði Jón Steindór Valdimarsson, formaður Já Ísland, við afhendingu undirskriftarlista til Alþingis í gær. Þar var skorað á þingmenn að leggja til hliðar tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og boða til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Alls skrifuðu 53.555 kosninga-
bærir einstaklingar undir áskorunina, eða 22,1 prósent atkvæðis-
bærra manna. Árið 2010 skoruðu
alls 56.089 manns á forseta Íslands
að synja Icesave-lögunum staðfest-
ingar. Jón Steindór sagði í ávarpi
sínu að söfnunin hefði staðið yfir í
63 daga, sem væri táknað þar sem
63 þingmenn sætu á Alþingi.

Jón sagði enn fremur að ekki væri
hægt að gera miklar málamiðlanir
á kröfunni líkt og Gunnar Bragi
Sveinsson utanríkisráðherra hefði
boðað.

Einar K. Guðfinnsson, forseti
Alþingis, veitti áskoruninni viðtöku
ásamt þingflokksformönnum allra
flokka.

„Ég held að það sé öllum lands-
mönnum ljóst að þessi slitatillaga
er mjög slæm og það er gríðarlega
mikil andstaða við hana. Það er best
fyrir alla stjórnmalaflokka að koma
þessu máli upp úr skotgröfum og
leggja það einfaldlega í dóm þjóð-
arinnar í atkvæðagreiðslu,“ sagði
Helgi Hjörvar, þingflokksformaður
Samfylkingarinnar, í samtali við
Fréttablaðið.

Jón Steindór sagði aðspurður að

hann teldi fullvíst að undirskriftir-
ar myndu hafa áhrif á áform ríkis-
stjórnarinnar í þessu máli. Söfnun-
in hefði þegar haft áhrif á meðferð
málsins og tímenn sem farið hefði í
afgreiðslu þess. „Þetta hefur síðan
vakið viðbrögð á Austurvelli, það
eru búnir að vera samstöðu- og
mótmælafundir og við höldum því
áfram á morgun ásamt því að það er
kannski nýtt stjórnmalaafl í mótun.
Allt eru þetta afleiðingar af þessari
ákvörðun ríkisstjórnarinnar að
leggja fram þessa þingsályktunar-
tillögu með þessum hætti og vinnu-
brögðin í kringum hana.“

Guðlaugur Þór Þórðarson, vara-
formaður þingflokks sjálfstæðis-
manna, sagði mikilvægt að ræða
efnislega um hvað felist í því að
ganga í Evrópusambandi í þessu til-
liti. „Ef við ætlum að sækja um aðild
að Evrópusambandinu er það auðvit-
að gert af því að við viljum ganga
inn í Evrópusambandið.“

Hann sagði öll viðbrögð almenn-
ings, líkt og undirskriftalistann,
koma inn í umræðu um þetta mál hjá
ríkisstjórnarflokkunum. Aðspurður
um hvort næðist að klára þessa
umræðu fyrir þinglok sagði Guð-
laugur Þór það hæpið. „Það er ansi
knappur tími núna en það breytir
því ekki að við verðum að taka þessa
umræðu. En það segir sig sjálft að
það er erfitt að koma því við að klára
þetta núna ef menn ætluðu sér það,“
sagði Guðlaugur.

Benedikt Jóhannesson, formaður
félagsins Sjálfstæðis Evrópu-
menn og einn forvígismanna nýs
hægrissinnaðs stjórnmalaafls sem
er í bígertö, sagði mörgum innan
meirihlutans hafa komið á óvart
þessi miklu viðbrögð almennings



ASKORUN Alls skrifuðu 22,1 prósent kosningabærra manna undir áskorunina.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

við þingsályktunartillögunni. „Mér
hefur heyrst að þeir vilji taka til-
lit til hans, það á náttúrulega ekki
við um alla, en mjög marga,“ sagði
Benedikt.

Gunnar Bragi Sveinsson utan-
ríkisráðherra svaraði ekki ítrekuð-
um óskum Fréttablaðsins um viðtal
vegna málsins í gær. Í samtali við
RÚV sagði hann:

„Ég sjálfur hef ekki trú á að und-
irskriftalistinn sem slíkur geri það
að verkum að tillagan verði dregin
til baka. En ég hef alltaf sagt að ef
það er hægt að finna leið til þess að
hlusta á þá sem hafa skrifað undir
listann eða þá sem hafa tjáð sig um
þetta mál og um leið að ná fram á
einhvern hátt markmiðum stjórn-
valda þá hef ég ekki útilokað breyt-
ingar á málinu. En málið verður ekki
dregið til baka, það er alveg ljóst.“

53.555

kosningabærir Íslendingar
skrifuðu undir áskorun um
að stjórnvöld hætti við að
draga aðildarumsókn Íslands
að ESB til baka.

Hann sagði ennfremur, í samtali
við RÚV: „Ég vil ítreka það að ég er
opinn fyrir hugmyndum ef það er
hægt að ná einhverri lendingu sem
gerir það samt að verkum að ríkis-
stjórnin nær að sjálfsögðu sínu fram
um að sækja ekki um aðild að Evró-
pusambandinu.“

Ekki náðist í Bjarna Benedikt-
sson, fjármálaráðherra og formann
Sjálfstæðisflokksins, vegna málsins
í gær. fanney@frettabladid.is

15%

afsláttur af Nicorette Fruitmint


Allar pakningastærðir
og allir styrkleikar



Lyf & heilsa
Við hlustum!

Gildir til 30. maí 2014

Veðurspá



HELGARVEÐRIÐ Vætusamt á S- og V-landi í dag en síðan má búast við að úrkoma falli í öllum landshlutum á morgun. Hiti 4-12 stig næstu daga og mildast V-lands. Fremur hæg SA-læg átt N- og A-lands en heldur stífari með S-ströndinni.

Auglýsingaábyrgðingur FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonlaf@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranntur Helgason hrannur@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

VERÐUR ÞÚ NÆSTA ANDLIT SMÁRALINDAR?

Módelleit Smáralindar verður haldin í Smáralind í dag kl. 13.

Ef þú ert á aldrinum 18-35 ára og hefur áhuga á fyrirsætustörfum er þetta tækifærið fyrir þig!

TAKTU ÞÁTT
OG ÞITT
ANDLIT GÆTI
BIRST HÉR.

 SMÁRALIND

elite
CASTING

L'ORÉAL
PARIS

MODUS



1. Hvað heitir borgarstjórinn í Toronto, sem nú er kominn í meðferð?
2. Hvers konar verksmiðu vill Hvalfjarðarsveit fá á Grundartanga?
3. Hve mikið fór kostnaðurinn við gerð Kárahnjúkavirkjunar fram úr áætlun?

SVÖR:
 1. Rob Ford. 2. Sólarkraftverksmiðu. 3. 50 prósent.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar harðort í garð Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna brennisteinsmengunar: Íbúar sagðir leiksoppar tilraunaverkefni

UMHVERFISMÁL Bæjarráð Hveragerðisbæjar fordæmir að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HES) skuli gefa jákvæða umsögn um tímabundna undanþágu frá hertum ákvæðum um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Undanþágan var samþykkt 22. apríl. Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 30. apríl síðastliðinn var umsögnin rædd og eftirfarandi fært til bókar: „Bæjarráð Hveragerðisbæjar furrar sig á því að forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur skuli ekki

fyrir löngu hafa nýtt sér þær lausnir til mengunarvarna sem vitað er að virka og hafa verið nýttar annars staðar. Vonandi mun tilraunaverkefni um niðurdælingu gefa góða raun en á meðan eru íbúar austustu byggða höfuðborgarsvæðisins og íbúar fyrir austan fjall leiksoppar tilraunaverkefni sem heitir Hellisheiðarvirkjun en berlega hefur komið í ljós að þar var farið af stað meira af kappi en forsjá.“ Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarráðgjafi Hveragerðisbæjar, undrast

málavexti. „Okkur finnst mjög sérkennilegt að eftirlitsstofnun, sem á að gæta þess að aðstæður fólks og umhverfi sé eins og best verður á kosið, fari fram með þessum hætti. Okkur finnst freklega verið að ganga á rétt íbúa ef undanþága verður veitt frá reglugerðinni sem sett var, ekki bara hér heldur einnig á höfuðborgarsvæðinu. Það er óskiljanlegt að rekstraraðili Orkuveitunnar, sem er Reykjavíkurborg, skuli ekki bera hag íbúa sinna betur fyrir brjósti en þetta.“ -gar



BRENNISTEINN Mengun frá Hellisheiðarvirkjun má tímabundið vera yfir viðmiðunarmörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



HJÁLMAR HJÁLMARSSON Tillaga áheyrnarfulltrúans fékk ekkert atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óvenjuleg krafa í bæjarráði: Vill fá mynd af sér á forsíðuna

SVEITARSTJÓRNIR Hjálmar Hjálmarsson, bæjarfulltrúi Næst besta flokksins, lagði til í bæjarráði Kópavogs að mynd af honum yrði birt forsíðu heimasíðu bæjarins.

„Kópavogur er eina sveitarfélagið sem birtir mynd af bæjarstjóra á forsíðu. Ég tel ekki eðlilegt að heimasíða bæjarins sé vettvangur auglýsinga fyrir frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins,“ bókaði Hjálmar.

Árman Kr. Ólafsson bæjarstjóri sagði enga breytingu hafa verið gerða á formi heimasíðunnar þegar hann tók við sem bæjarstjóri.

Tillaga Hjálmarsson féll á jöfnum atkvæðum því enginn greiddi atkvæði með og enginn á móti. Sjálfur er Hjálmar aðeins áheyrnarfulltrúi í bæjarráði og gat því ekki greitt atkvæði. -gar

ATVINNUMÁL

150 milljónir í ungmenni

Verja á um 150 milljónum króna úr Atvinnuleysisstryggingasjóði til átaks sem tryggja á 390 námsmönnum, átján ára og eldri, störf í sumar hjá ríki og sveitarfélögum.

Aurskriða í Afganistan:

Tvö þúsund manns saknað

AFGANISTAN, AP Allt að tvö þúsund manns er saknað í þorpinu Hobo Barak í norðaustanverðu Afganistan, en aurskriða féll á þorpið í gær. Um þrjú hundruð hús grófst undir skriðunni, en það er um það bil þriðjungur allra húsa þar.

Þorpið er afar afskekkt og biðu menn í ofvæni eftir búnaði og aðstoð við að leita í rústunum að fólki, sem enn kynni að vera á lífi. „Við höfum ekki nóg af skóflum. Við þurfum fleiri vélar,“ segir Shal Waliullah Adeeb, ríkisstjóri í Badakhshan-héraði. -gb



UPPREISNARMENN Í HOMS Eitt höfuðvígi uppreisnarmanna fallið. FRÉTTABLAÐIÐ/APA

Vopnahlé í Homs:

Uppreisnarher fer frá Homs

SÝRLAND, AP Samkomulag tókst milli Sýrlandsstjórnar og uppreisnarmanna um tveggja sólarhringa vopnahlé í borginni Homs, svo hundruð uppreisnarmanna gætu komist óáreittir út úr borginni.

Sýrlandsstjórn nær þar með völdum í Homs á ný, en þar var lengi vel höfuðvígi uppreisnarmanna gegn Bashar al Assad forseta og stjórn hans.

Stórir hlutar borgarinnar eru rústir einar eftir hörð átök og linnulitlar sprengjuárásir stjórnarsins síðustu misserin. -gb

Árni Johnsen vill loka Landeyjahöfn

Árni Johnsen, fyrrverandi alþingismaður, vill hætta við smíði nýrrar ferju fyrir Eyjamenn og loka Landeyjahöfn. „Göng ódýrasti kosturinn í stöðunni,“ segir Árni.

SAMGÖNGUR Árni Johnsen, fyrrverandi alþingismaður og áhugamaður um samgöngur milli lands og Eyja, hélt borgarafund í gærkvöld á Kaffi Kró í Vestmannaeyjum, um samgöngumál. Á fundinum kom hann með tillögu að skjótri og markvissri lausn í samgöngumálum eyjarkeggja.

„Óvænta tillagan er sú að það eigi að hætta við smíði nýs skips sem sigla á milli lands og Eyja, leggja Landeyjahöfn af og einhenda sér í það verkefni að gera jarðgöng milli lands og Eyja á fjórum árum. Það er hægt,“ sagði Árni í samtali við Fréttablaðið.

„Þetta er miklu ódýrari kostur, mun spara milljarða á um þrjátíu árum og óvissan er úti,“ segir Árni. „Hvernig heldur þú að það yrði ef Ártúnsbrekkan yrði lokuð átta tíma á dag varanlega?“ spyr Árni og telur þessa hugmynd sína þá einu sem myndi tryggja ódýrar og varanlegar samgöngur milli lands og Eyja.

„Það liggur fyrir frá Samgöngustofu að Landeyjahöfn verður ekkert betri en hún er í dag þótt þar verði gerðar breytingar og byggðir nýir varnargarðar. Mér er sagt hjá Samgöngustofu að þar beri mönnum ekki saman um það hvort eigi að hanna skipið og smíða það eða smíða líkan og prufa það við aðstæður sem eru í Landeyjahöfn. Þetta nýja skip mun kosta um sex milljarða auk rekstrarkostnaðar, bæði á ferju og höfnum. Jarðgöngin munu afskrif-



VILL GÖNG Hugmyndir um jarðgöng til Vestmannaeyja eru ekki nýjar af nálinni, en Árni Johnsen talaði fyrir þeim á fundi í Eyjum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

„Það liggur fyrir frá Samgöngustofu að Landeyjahöfn verður ekkert betri en hún er í dag þótt þar verði gerðar breytingar og byggðir nýir varnargarðar.“

Árni Johnsen, fyrrverandi alþingismaður.

ast á endanum og kosta um 20 til 25 milljarða samkvæmt mínum heimildum.“

Hugmyndir um göng milli lands og Eyja eru alls ekki nýjar af nálinni og hafa skotið upp kollinum með vissu millibili síðustu ár. Árni bar upp þingsályktunartillögu um göng milli lands Eyja, fyrst árið 1987. Þessi óvænta hugmynd Árna hefur áður verið viðruð. Í lok árs 2003 var haldinn fundur hjá áhugafélagi í Vestmannaeyjum sem kallast Ægisdyr. Þar komu einmitt fram

þær hugmyndir að framlag ríkisins sem fer í rekstur Herjólfss færri í göngin í staðinn.

Þann 6. apríl 2003 birtist aðsend grein Árna Johnsen í Morgunblaðinu um samgöngur milli lands og Eyja. Þar sagði hann: „Ég er ekki í nokkrum vafa um það að næsta skref í stórbættum samgöngum milli lands og Eyja verður annaðhvort ferjuhöfn á Bakkafjöru eða jarðgöng, en hvort tveggja er fýsilegt kostnaðarlega.“

sveinn@frettabladid.is

Stjórnvöld geta ekki hindrað ákvarðanir með því að hunsu Persónuvernd:

Hafna endurupptöku skólamáls

STJÓRNSÝSLA „Stjórnvöld geta ekki komið í veg fyrir að Persónuvernd taki ákvörðun í tilteknum málum sem til meðferðar eru hjá stofnuninni með því að svara ekki fyrirspurnum hennar eða óskum um skýringar,“ segir Persónuvernd sem hefur synjað kröfu menntamálaráðuneytisins um endurupptöku á máli sem snerti persónuleikapróf í framhaldsskólum.

Þann 13. mars síðastliðinn tók Persónuvernd ákvörðun í máli sem hófst með erindi eins skólameistarara í fjölbrautarskóla sem benti á að menntamálaráðuneytið hefði kynnt kröfur um að nemendur sem lykju framhaldsskólaprófi fengju prófskrifteini með upplýsingum um almenna þekkingu, leikni og hæfni viðkomandi. Skólameistarinn taldi þetta verða erfitt án þess að safna viðkvæmum persónuupplýsingum.

Persónuvernd sagði lög um framhaldsskóla ekki fela í sér heimild til vinnslu persónuupplýsinga um annað en námsmat og vitnisburð þeirra nemenda. Menntamálaráðuneytið krafðist endurupptöku.



ILLUGI GUNNARSSON MENNTAMÁLARÁÐHERRA Menntamálaráðuneytið telur Persónuvernd hafa tekið ákvörðun í framhaldsskólamáli án þess að kynna sér það til hlítar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Hér virðist vera um einhvern misskilning að ræða af hálfu stofnunarinnar,“ segir ráðuneytið sem „gerir alvarlegar athugasemdir“ við þá greiningu sem fram kemur í forsendum úrskurðar stjórnar Persónuverndar.

„Ráðuneytið hefur ekki enn þá gefið út neinar fyrirmyndir eða eyðublöð um hvað tilgreina skuli í umsögn framhaldsskóla um almenna þekkingu, leikni og

hæfni á prófskrifteinum nemanda. Afgreiðsla stjórnar Persónuverndar byggist á þessu leyti á einhliða málflutningi skólameistarans.“

Persónuvernd hafnar því að hafa misskilið málið og ásökunum ráðuneytisins vegna þess að ákvörðun hafi verið tekin án þess að það kæmi sjónarmiðum sínum að. Ráðuneytið hafi endurtekið fengið fresti til þess.

-gar



VEIÐIMÁLASTOFNUN
 Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Hvernig verður stangveiðin í sumar ?

Ársfundur Veiðimálastofnunar 2014

Verður haldinn þriðjudaginn 6. maí 2014
 í sal Veiðimálastofnunar 3. hæð á Keldnaholti (Árleyni 22)

Dagskrá:

14:00 Fundur settur

Yfirlit um starfsemi Veiðimálastofnunar
Sigurður Guðjónsson

14:20 Staða Atlantshafslaxins hér á landi og annars staðar
Guðni Guðbergsson

14:40 Kaffihlé

15:10 Framleiðsla í íslenskum ám
Jón S. Ólafsson

15:30 Áhrif hita á smádyr í ferskvatni, rannsóknir í Hengladölum
Elisabet R. Hannesdóttir

Allt áhugafólk velkomio

FIND **NEW** ROADS™



CHEVROLET



FÁÐU MEIRA...

CRUZE
2.890.000.-
LT BENSÍN 1.8L
BEINSKIPTUR



Bíll á mynd: Chevrolet Cruze LTZ

ÖRYGGI OG RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI

Fjölskyldubíllinn Cruze og metsölubíllinn Spark eru með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.



Bíll á mynd: Chevrolet Spark LTZ

SPARK
1.790.000.-
LS BENSÍN 1.0L
BEINSKIPTUR



Chevrolet Spark hlaut hæstu einkunn í sínum flokki hjá Bílaöryggisstofnun Bandaríkjanna

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.



Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Bílaöryggis
Benna**
Sérfræðingar í bílum



HELLISHEIÐARVIRKJUN Reyna á að draga úr mengun af brennisteinsvetni.

Gagnrýna heilbrigðiseftirlit:

Fordæma veitta undanþágu

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Hveragerðis fordæmir að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gefi Hellisheiðarvirkjun jákvæða umsögn um tímabundna undanþágu frá hertum ákvæðum um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

„Sambærilegar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu hafa ítrekað mótmælt þeirri mengun sem nú berst yfir höfuðborgarsvæðið,“ segir bæjarráðið sem kveðst furða sig á því að forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur skuli ekki fyrir löngu hafa nýtt sér þær lausnir til mengunarvarna sem vítað sé að virki.

-gar

Foreldrar í Reykjanesbæ:

Ánægja með kennslu barna

MENNTUN Almenn ánægja er á meðal foreldra í Reykjanesbæ með nám og kennslu barna í grunnskólum bæjarins.

Þetta kemur fram í Skólavoginni, mælitæki þar sem safnað er saman upplýsingum um grunnskólaskólastarf.

Reykjanesbær var í fjórða sæti á þessum mælikvarða af þeim 27 sveitarfélögum sem tóku þátt í foreldrakönnuninni í ár.

-ibs

Átökin harðna í Úkraínu

Úkraínustjórn segir herlið sitt hafa fellt fjölda uppreisnarmanna í austanverðu landinu, en aðskilnaðarsinnar skutu niður tvær þylur stjórnarhersins. Tugir manna einnig látnir vegna bruna í kjölfar átaka í hafnarborginni Odessa við Svartahaf. Rússlandsstjórn segir hálf mánaðar gamalt friðarsamkomulag að engu orðið.

ÚKRAÍNA, AP Uppreisnarmenn í austanverðri Úkraínu skutu niður tvær þylur stjórnarhersins í gær, eftir að stjórnarherinn í Úkraínu hóf fyrstu stórsókn sína gegn þeim.

Úkraínustjórn fullyrti síðan að stjórnarherinn hefði fellt eða sært fjölda uppreisnarmanna. Stjórnin skýrði einnig frá því að tveir hermenn úr stjórnarhernum hefðu látið lífið.

Rússlandsstjórn sagði atburði gærdagsins greinilegt merki þess að tveggja vikna gamalt friðarsamkomulag, sem gert var í Genf, sé að engu orðið.

Angela Merkel Þýskalandskanslari heimsótti Barack Obama Bandaríkjaforseta í gær, og sögðust þau reiðubúin til þess að herða enn frekar refsiaðgerðir gegn Rússum, bæði rússneskum ráðamönnum og rússnesku efnahagslífi.

Til átaka kom eldsnemma í gærmorgun skammt frá borginni Slovjansk, þar sem aðskilnaðarsinnar höfðu náð stjórnarbyggingum á sitt vald rétt eins og í mörgum fleiri borgum í austurhluta landsins.

Stjórnarherinn mætti harðri mótspyrnu frá aðskilnaðarsinum, en undir kvöld fullyrti Oleksander Túrtsjínov Úkraínuforseti að herinn væri búinn að ná á sitt vald öllum þeim eftirlitsstöðvum, sem uppreisnarmenn höfðu komið sér

upp í kringum borgina. Stjórnarhernum hafði samt síðdegis í gær ekki tekist að ná stjórnarbyggingunum úr höndum aðskilnaðarsinna.

„Öryggisveitir okkar eru að berjast við málaliða erlendra ríkja, hryðjuverkamenn og glæpamenn,“ sagði Túrtsjínov, sem ítrekað hefur sakað rússnesk stjórnvöld um að styðja aðskilnaðarsinna og kynda undir ólguna í austurhluta landsins.

Einnig kom til átaka í gær milli stjórnarhersins og aðskilnaðarsinna í hafnarborginni Odessa við Svartahafið, en til þessa hefur uppreisn úkraínskra aðskilnaðarsinna lítt látið á sér kræla þar í borg. Í átökunum þar í gær kviknaði í byggingu með þeim afleiðingum að rúmlega 30 manns brunnu inni.

Friðarsamningurinn, sem gerður var í Genf í síðasta mánuði, snerist um að uppreisnarmenn létu af hendi þær stjórnarbyggingar, sem þeir hafa lagt undir sig, gegn því að Úkraínustjórn léti eiga sig að ráðast gegn þeim með hervaldi.

Aðskilnaðarsinnar hafa í engu orðið við þessu, en Rússar hafa skorað á Úkraínustjórn að beita ekki hervaldi gegn aðskilnaðarsinum. Á hinn bóginn saka Rússar Úkraínustjórn um að hafa notað hryðjuverkamenn úr samtökum öfgaþjóðernissinna til hernaðaradgerða gegn aðskilnaðarsinum.

gudsteinn@frettabladid.is



„Öryggisveitir okkar eru að berjast við málaliða erlendra ríkja, hryðjuverkamenn og glæpamenn.“

Oleksander Túrtsjínov, forseti Úkraínu,

STJÓRNARHERINN Í SLOVJANSK Úkraínskir hermenn í Slovjansk við eina af þeim eftirlitsstöðvum uppreisnarmanna sem stjórnarherinn náði á sitt vald í gær.

NORDICPHOTOS/AFP



ANGELA MERKEL OG BARACK OBAMA Kanslari Þýskalands heimsótti Bandaríkjaforseta í Washington í gær, meðal annars til að ræða ástandið í Úkraínu.

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM*

TILBOÐIN GILDA AÐEINS FRAM Á SUNNUDAG 4. MAÍ
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



50 ÁRA AFMÆLISSÝNING FORD MUSTANG

Opið laugardag og sunnudag frá kl. 11-16. Frítt inn



Lokahóf sunnudag:
Hljómsveitin Kaleo spilar kl. 15:00.
Úrslit kosninga kynnt kl. 15:30.
Ford Mustang rúnturinn hefst kl. 16:00.

Íslenski Mustang
klúbburinn og Brimborg taka
höndum saman og fagna 50 ára sögu
Ford Mustang



Hvorki meira né minna en 50 Ford Mustang bílar verða samankomnir í Brimborg um helgina. Einstakt tækifæri til að sjá goðsagnakennda bíla sem margir hverjir hafa varla séð sólarljós í yfir 30 ár. Ekki láta þig vanta! Frítt inn!



Ford Fiesta ST frumsýndur um helgina!
Kraftaútgáfan af Fiesta sem hefur slegið í gegn erlendis.
Valinn Car of the Year og Hot Hatch of the Year af Top Gear.



Sýningin er í Ford salnum, Bíldshöfða 6
Opið frá kl. 11 til 16, bæði laugardag og sunnudag

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ford.is

Styrktaraðilar Ford Mustang sýningarinnar



Bæjarstjórn andvíg gjaldi: Ekki í takt við ímynd landsins

SVEITARSTJÓRNIR „Óskipulögð gjaldtaka eins og nú er boðuð skaðar orðspor Íslands erlendis og er nú úr takti við þá ímynd sem ferðapjónustuaðilar hafa lagt mikla vinnu í að kynna,“ segir bæjarstjórn Norðurbings. Tekið er undir áhyggjur Markaðsstofu Norðurlands og sveitarstjórnar Skútustaðahrepps af fyrirhugaðri gjaldtöku á ferðamannastöðum í Skútustaðahreppi. Er þar átt við Dettifoss og Námaskarð.

„Mikilvægt er að standa saman um leið sem byggir á áframhaldandi opnu aðgengi að náttúruperlum og sjálfbærri uppbyggingu á ferðamannastöðum,“ bókaði bæjarstjórnin. -gar

Ný stjórn UN Women kjörin:

Guðrún endurkjörin formaður

SAMFÉLAGSMÁL Ný stjórn landsnefndar UN Women á Íslandi var kjörin á aðalfundi félagsins í fyrradag. Guðrún Ögmundsdóttir hagfræðingur var endurkjörin formaður.

Starfsemi landsnefndarinnar hefur vaxið ört og hafa aldrei fleiri styrkt samtökin með mánadaglegu framlagi. Framlög til verkefna erlendis hækkuðu um 40 prósent milli 2012 og 2013.

Fimm stjórnarmenn sitja áfram, en fimm til viðbótar voru kjörin í stjórnina: Arna Gerður Bang, Karen Áslaug Vignisdóttir, Þórður Snær Júlíusson, Vilborg Ólafsdóttir og Magnús Orri Schram. -fb

Ferðamálastofa hefur úthlutað 244 milljónum króna til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða:

Meirihlutinn kemur frá gistináttagjaldi

FERÐAMENNSKA „Við fögnum því alltaf þegar úthlutun á sér stað og að það sé verið að leggja í framkvæmdir bæði til uppbyggingar og til nýsköpunar,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustu.

Ferðamálastofa hefur úthlutað 244 milljónum króna til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Fimmtíu verkefni fengu styrk og fór sá hæsti til Skaftafells, eða tæpar 30 milljónir króna. Rúmum tíu milljónum var úthlutað til smíði nýstiga við Gullfoss og fimmtán milljónum til endurbóta við Godafoss, auk fleiri úthlutana. „Það er mjög mikilvægt að það komi fram að af þessum 244 milljónum eru um sextíu prósent fram-

lag gistináttagjaldsins,“ segir Helga aðspurð.

Hún tekur fram að úthlutunin sé ótengd áætlun Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem ætlar núna á vor- og sumarmánuðum að leggja til sérstaka fjármuni til verndar þeim svæðum sem eru hvað verst sett. Spurð nánar út í úthlutunina og hvernig fjármuninum var dreift á milli verkefna, segist Helga ekki þekkja úthlutunarreglurnar nákvæmlega. „En við fögnum allri uppbyggingu og ég treysti þeirri stjórn, sem þarna situr, fyrir því að hafa farið faglega yfir allar umsóknir og metið þær út frá eðlilegum forsendum.“ -fb



GULLFOSS Rúmum tíu milljónum króna verður varið í nýjan stiga við Gullfoss. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Konu um fertugt var bjargað út um glugga á annarri hæð í fjölbýlishúsi í Breiðholti:

Kerfið úrræðalaust gagnvart geðsjúkum

LÖGREGLUMÁL Kveikt var í fjölbýlishúsi við Lóufell í Breiðholti seint á fimmtudagskvöld.

Eigandi íbúðarinnar er Halldór Gunnarsson í Holti, en dóttir hans hefur búið þar og var ein í íbúðinni þegar eldurinn kviknaði. Hún hefur um árabil þjáðst af geðsjúkdómi.

Í viðtali við Stöð 2 í gær sagði Halldór ekki lengur geta orða bundist vegna úrræðaleysis, sem aðstandendur geðsjúkra standa frammi fyrir: „Það er þannig að kerfið virðist ekki geta komið þeim til bjargar sem bæði glíma við geðsjúkdóma og áfengisfkn,“ segir Halldór.

Samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins var mikill eldur í íbúðinni þegar reykkaðar mættu á staðinn og þurftu þeir að hörfa frá vegna hitans. Brunavarnarmálum virðist

hafa verið ábótavant í stigaganginum. Það var íbúi á efstu hæð blokkarinnar, sem er fjögurra hæða, sem tilkynnti um svartan reyk á stigaganginum en íbúðin sem kviknaði í er á annarri hæð. Að sögn slökkviliðsins hefði reykskynjari átt að vera fyrir löngu farinn í gang í íbúðinni og á stigaganginum áður en íbúinn á efstu hæð varð við reykinn.

Dóttir Halldórs var í svefnherberginu þegar slökkviliðsmenn komu og björguðu henni út um glugga. Hún var flutt á slysadeild ásamt tveimur öðrum íbúum blokkarinnar. Annar þeirra var fljótlega útskrifaður. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum fékk ekkert þeirra alvarlega reykeitrún. Eftirlit þurfti þó að hafa með dóttur Halldórs fram að hádegi í gær, þegar hún var útskrifuð. -fb



FJÖLBÝLISHÚSIÐ Eldur kviknaði í fjölbýlishúsinu laust fyrir miðnætti á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ÞÚ TANKAR SJALDNR Á RENAULT

CLIO DÍSil SJÁLFSKIPTUR
3,7 L/100 KM*
CO2 ÚTBLÁSTUR 95 GRÖMM

RENAULT CLIO DÍSil SJÁLFSKIPTUR – VERÐ 3.090.000 KR.

Renault Clio er einn vinsælasti bíllinn á Íslandi. Þegar fallegt útlit, ríkulegur staðalbúnaður, úrval sparneytinna bensín- og dísilvéla, hagstætt verð og einstök ný „Dual Clutch“ sjálfskipting smellur saman er ástæðan augljós. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault Clio.

*Miðað við uppgæfna viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU



www.renault.is



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



Urriðaholt – ný hugsun í nýju hverfi

Urriðaholt í Garðabæ er einstakt af náttúrunnar hendi, með óviðjafnanlegu útsýni og fjölbreyttum útivistarmöguleikum.

Skipulag Urriðaholts hefur unnið til fjölda viðurkenninga sem metnaðarfullt verkefni á sviði samfélags- og umhverfismála. Ný hugsun felur í sér áherslu á aðlaðandi borgarumhverfi og fjölbreytt mannlíf í samspili við náttúruna.

- Skjólsæl íbúðabyggð sem snýr móti sól og að Urriðavatni.
- Verslanir og þjónusta í göngufæri.
- Einstakt útsýni.
- Möguleikar til útiveru með því besta sem þekkt, golf og gönguleiðir.
- Fimm víra dreifikerfi rafmagns.

- Umhverfisvernd í fyrirrúmi með áherslu á sjálfbærni Urriðavatns.
- Samgöngur eru óvíða jafn greiðar.
- Garðabær er þekktur fyrir metnaðarfullt skólastarf og þjónustu við íbúa.

Nánar á urridaholt.is

Náttúran er allt um kring í Urriðaholti og skipulagið er hvetjandi til allrar útiveru.



Ofanvatnsrásir leiða regnvatn niður í jarðveginn til að stuðla að sjálfbæru vatnafari Urriðavatns.



URRIÐAHOLT



Íbúðir í fjölbýli í Urriðaholti

Fyrstu fjölbýlishúsin eru risin í Urriðaholti og sala íbúða að hefjast.

Nánari upplýsingar:
Fasteignasalan TORG sími 520 9595



Stjórnin hlustar ekki á fimmtung kjósenda:

Við ætlum samt að svíkja

Alþingismenn fengu í gær afhentar 53.555 undirskriftir sem söfnuðust undir áskorun til þingsins um að leggja til hliðar tillögu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Í staðinn krefjast þessi ríflega 22 prósent kjósenda þess að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla, þar sem spurt verði hvort kjósendur vilji halda áfram aðildarviðræðunum við ESB eða að þeim verði slitið.



Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Alþingi hefur áður fengið afhentar kröfur um þjóðaratkvæði, sem ekki hefur verið tekið mark á. Munurinn á þeim kröfum og þeirri sem meira en fimmtungur kjósenda hefur nú undirritað er að verið er að fara fram á að stjórnarflokkarnir

standi við loforð sem þeir gáfu sjálfir fyrir kosningar, um að þjóðin fengi að ákveða framhald aðildarviðræðanna.

Það loforð var skýrar orðað af hálfu Sjálfstæðisflokksins. Formaður flokksins, varaformaðurinn og allir hinir ráðherrarnir núverandi lofuðu því að þjóðin fengi að ákveða á kjörtímabilinu – og formaðurinn tiltók að það yrði á fyrri hluta þess – hvort viðræðum við Evrópusambandið yrði haldið áfram. Þetta þótti svo merkilegt kosningaloforð að formaðurinn og varaformaðurinn sáu ástæðu til að taka sérstaklega fram að það yrði staðið við það.

Með því að leggja fram tillöguna um viðræðuslit var þetta loforð augljóslega svikið. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa sumir hverjir viðurkennt að hörd viðbrögð almennings við þeirri ákvörðun hafi komið þeim á óvart, og það þurfi að koma einhvern veginn til móts við gagnrýnina. Enginn þeirra dregur þó hina rökréttu ályktun; að draga eigi tillöguna til baka og efna til atkvæðagreiðslunnar sem lofað var.

Gunnar Bragi Sveinsson beit höfuðið af skömminni í viðtali í hádegisfréttum RÚV í gær, þar sem hann sagði að tillagan yrði ekki dregin til baka, en til greina kæmi að gera einhverjar breytingar á henni til að koma til móts við óánægjuraddir. „Ég vil ítreka það að ég er opinn fyrir hugmyndum ef það er hægt að ná einhverri lendingu sem gerir það samt að verum að ríkisstjórnin nær sínu að sjálfsögðu fram, um að sækja ekki um aðild að Evrópusambandinu,“ sagði Gunnar Bragi. Það er ekki hægt að orða það öllu skýrar að maður sé í rauninni alls ekki að hlusta.

Ef forysta Sjálfstæðisflokksins gerir engar athugasemdir við þennan málfutning er hún líka að segja, ákaflega skýrt, við kjósendur: Spriklið eins og ykkur sýnist, skrifid undir það sem ykkur sýnist og hangið á Austurvelli eins og ykkur sýnist, við ætlum samt að svíkja kosningaloforðið.

Utanríkisráðherrann vill klára málið fyrir þinglok. Formaður utanríkisráðs, Birgir Ármannsson, telur ólíklegt að það tækist. Hugsanlega halda einhverjir í þingliði Sjálfstæðisflokksins að best sé að tillagan sofni bara í utanríkisráðsnefnd; það sé nóg til að koma til móts við óánægjuraddirnar.

Á meðan tillagan er ekki dregin til baka, er afstaða ríkisstjórnarinnar hins vegar óbreytt; að það eigi að slíta viðræðunum og svíkja loforðið um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er frekar vont veganesti fyrir frambjóðendur stjórnarflokka í sveitarstjórnakosningunum í lok mánaðarins.

Svo mikið er víst að dagurinn í gær var góður dagur til að opna vefsíðu nýs Evrópusinnaðs stjórnarmáflakks á hægri vængnum. Hans öflugustu bandamenn eru forystumenn stjórnarflokka.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðlum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ný tækifæri og breytingar í lífi kvenna
-ráðstefna um breytingaskeiðið í Hörpu
þriðjudaginn 6. maí 2014 kl. 13:00-17:00

Dagskrá
Why Menopause is the Start of the Best Years
 Jill Shaw Ruddock, höfundur bókarinnar „The Second Half of Your Life“.

Lif í líkama og líf utan líkama: Blæðingar og breytingar í lífi kvenna
 Herdis Sveinsdóttir prófessor í hjúkrunarfræði.

Að verða sjálfrar sín: Lif og heilsa kvenna eftir breytingaskeið
 Ragnheiður Inga Bjarnadóttir kvensjúkdómalæknir.

Í gegnum breytingaskeiðið með náttúrunni
 Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir.

Listin að lífa á breytingaskeiði
 Kristín Lína Jónsdóttir sálfræðingur hjá Huglind og ritstjóri Húsfreyjunnar.

Seinna kynproskaskeið: Betri eða bitrari?
 Árelia Eydis Guðmundsdóttir dósent í viðskiptafræði.

Miðar fást á www.harpa.is

Áhugamannafélag um breytingaskeið kvenna

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR Pólitísk óvissa og veikleiki

Hatrömmustu andstæðingar frekari evrópskrar samvinnu hafa í vikunni hert gagnrýni sína á ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki afgreitt tillögu utanríkisráðherra um slit á aðildarviðræðunum. Þeir staðhæfa að hikið valdi pólitískri óvissu sem aftur veiki ríkisstjórnina.

Á sama tíma hefur Alþingi móttekið áskorun ríflega fimmtíu þúsund kjósenda um að standa við þau gefnu fyrirheit að þjóðin sjálf fái að ákveða hvort viðræðunum verður framhaldið. Í áratugi hefur engin ríkisstjórn staðið andspænis því að svara skriflegum tilmælum jafn fjölmenns og litríks hóps.



Þessi formlegu tilmæli eru svo studd af miklum meirihluta þjóðarinnar í hverri skoðanakönnuninni á fætur annarri. Helstu andstæðingar frekari evrópskrar samvinnu krefjast þess að ríkisstjórnin noti sterk- an þingmeirihluta til að afgreiða þetta viðamikla mál án tillits til þeirrar gjár sem það hefur mynd- að milli hennar og þjóðarinnar. Utanríkisráðherra hefur þegar svarað skýrt og ákveðið: Hann vill beita þingmeirihlutanum

gegn skoðunum fimmtíu þúsund kjósenda á undirskriftarlistum og álitum tveggja þriðjuhluta kjósenda í skoðanakönnunum. Enginn dregur í efa þingræðislegan rétt hans til þess. Hitt er meiri spurning hversu skynsamlegt það er.

Svar formanns utanríkisnefndar Alþingis ber vott um meiri yfir- vegun. Öfugt við utanríkisráð- herra hefur hann, að svo stöddu, ákveðið að gefa ekki meirihluta kjósenda langt nef. Hann telur með öðrum orðum ekki tímabært að svara lykilsurningunum þremur: hvort, hvenær eða hvernig á að afgreiða tillöguna.

Hikið er bót í máli

Hér verður ekki reynt að meta hvor þessara tveggja helstu ábyrgðarmanna rík- isstjórnarflokka á utanríkis- málum hafi gengið fram af meiri einurð. Aftur á móti má færa að því góð og gild rök að formaður utanríkisnefndar hafi sýnt rík- ari hyggindi gagnvart þeirri nýju og óvenjulegu stöðu sem upp er komin. Vissulega er það rétt hjá fremstu andstæðingum frekari evrópskrar samvinnu að þetta mál hefur valdið pólitískri óvissu og veikt ríkisstjórnina. Það er stað- reynd sem enginn deilir um og ríkisstjórnarflokkarnir gera sér

örugglega grein fyrir. Þeir þurfa á hinn bóginn að skilgreina fyrir sjálfum sér hvort það er flutn- ingur tillögunnar eða hikið við að afgreiða hana sem þessu veldur.

Það mat ræður þeim úrslitum hvort svarið leysir ríkisstjórnina úr klípunni. Í því ljósi er skiljan- legt að menn vilji íhuga grein- inguna. Í hina röndina má þó taka undir það sjónarmið að ríkisstjórn- in er í eins konar biðstöðu þar til skarið er tekið af.

Í raun er þó ekki flókið að svara þessari spurningu hvort orsök þrautanna liggur í tillöguflut- ningnum eða hikin. Ekki þarf

annað en að horfa á þetta tvennt: Engir tugir þúsunda kjósenda hafa óskað eftir viðræðuslitum. Engar skoðanakannanir benda til að meirihluti þjóðarinnar styðji viðræðuslit.

Tillöguflutningurinn fól í sér ásetning um að brjóta gegn skýr- um kosningaloforðum um þjóðar- atkvæði. Meðan tillagan er ekki samþykkt er það brot ekki full- framið. Hikið sem fram kemur í afstöðu formanns utanríkisnefnd- ar er því fremur fallið til að bæta stöðu ríkisstjórnarinnar. Ákafi utanríkisráðherra veikir hana að sama skapi.

Dýpri skýring

Engu er líkara en viðbrögð almennings hafi komið báðum stjórnarflokkunum í opna skjöldu. Loforðin voru þó bæði skýr og afdráttarlaus. Vera má að það hafi villt um fyrir forystumönnum stjórnarflokka að hörðustu and- stæðingar frekari evrópskrar sam- vinnu hafa í reynd sakað þá um að brjóta gegn ályktunum landsfund- ar og flokksþings með kosningalof- orðinu. Þær ásakanir styðjast bara ekki við sterk rök.

Þingflokkum beggja stjórnar- flokka mátti því vera ljóst að

áform um að svíkja kosningalof- orðin myndu valda ólgu. En fallast verður á að viðbrögð almennings hafi orðið sterkari og öflugri en nokkurn mann gat grunað. Trúlega þarf því að leita að dýpri skýringu en felst í tilvísun í það eitt að loforð hafi verið svikin.

Í aðalatriðum hafa verið tveir skólar um leiðir til að reisa landið við. Önnur er að nota krónuna eins og fyrir hrun. Hin er að innleiða öfl- uga og gjaldgenga mynt. Augljóst er að margir vildu í byrjun gefa rík- isstjórninni svigrúm til að sýna

að fyrri leiðin væri fær. Vonin um að þetta mætti takast hefur á hinn bóginn dvínað. Það hefur einfald- lega ekki tekist að halda henni lif- andi gagnvart nægjanlega mörgum.

Við þær aðstæður er sá ótti í röðum kjósenda ekki óeðlilegur að það geti beinlínis skaðað hags- muni landsins að loka hinni leið- inni eins og ríkisstjórnin ætlaði að gera. Þessi beygur gæti skýrt við- bótarpunga undiröldunna. Það er því skynsamlegt að íhuga stöðuna í víðu pólitísku og efnahagslegu sam- hengi.

Ávaxtaræktunarhelgi

Á SKJÓLSÆLUM, SÓLRIKUM STÖÐUM HÉR Á LANDI MÁ NÚ VÍÐA FINNA EPLA-,
HINDBERJA-, PERU-, PLÓMU- OG KIRSUBERJATRÉ SEM DAFNA VEL OG GEFA ÁVÖXT

GÓÐ RÁÐ GARDHEIMA
KALÍ OG GARÐAFOSFAT
ÖRVA BLÓMGUN OG RÓTARVÖXT

TILBOÐ Á BLÁKORNI
TÚRBÓKALKI, KLIPPUM
SYPRUSUM, GRILLUM O.FL.

ALLAR BERJAPLÖNTUR OG ÁVAXTATRÉ

20% AFSLÁTTUR

MIKIÐ OG GOTT ÚRVAL

VILMUNDUR HANSEN GARÐYRKJUFRÆÐINGUR



SÉRSTÖK RÁÐGJÖF FRÁ KL. 13 TIL 16
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

ÁVAXTARÆKTUNARNÁMSKEIÐ
ÞRIÐJUDAGINN 6. MAÍ KL. 17:30
SKRÁNING Á NAMSKEIÐ@GARDHEIMAR.IS

ÍS Á
150kr



GARDHEIMAR

Gardheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

TILBOÐS

20 - 40% AFSL. AF VÖLDUM HÚSGÖGNUM



Nýjar vörur frá Riverdale, LSA, idp og Elvang.

VIÐ ERUM Á FACEBOOK



SDAGAR!

15% AFSL. AF ALLRI GJAFAVÖRU



HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Oplöð virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16

HELGIN



Erna Dís Schweitz Eriksdóttir, verkefnastjóri hjá WEDO

Bröns og göngutúrar með hundinn

Helgin verður nokkuð róleg og kósi. Bröns er á dagskránni þar sem við hjá WEDO erum að leita að besta brönsinum í bænum. Annars verða það bara göngutúrar með hundinum, ég skelli mér pottþétt í jóga og reyni að ná nokkrum þáttum sem ég hef misst af þessa vikuna.



Magnús Leifsson leikstjóri

Bústaður, grill og True Detective

„Ég ætla upp í sumarbústað með kærustunni minni. Við ætlum að grilla, spila skrafl og taka True Detective-marabon.“



Elín Eypórsdóttir tónlistarmaður

Flytja og semja

„Ég kem til með að eyða helginni í að flytja inn í nýja stúdíóið mitt og svo hafði ég hugsað mér að semja tónlist inni í nýja stúdíóinu mínu. Vera lítið úti við, allavega.“



Rúrik Gíslason fótþakappi

Í gestgjafahlutverki og spila fótþak

Ég ætla að reyna að vera góður gestgjafi um helgina þar sem mamma, pabbi og kærastan mín eru í heimsókn frá Íslandi. Svo er leikur hjá mér á sunnudaginn.

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



Á FYRSTA LEIK SUMARS-INS hjá þínu fótþakfélagi. Íslenska knattspyrnusumarið hefst á morgun með leikjum Keflavíkur og Þórs og svo Fram og ÍBV klukkan 16.



Á NÝJA LAGIÐ MEÐ RÖYKSOPP OG ROBYN, Do It Again, og komdu þér í almennilegan helgargír. Lag sem ekki er hægt að sitja kyrr við en samstarf þessara tónlistarmanna hefur ávallt slegið í gegn.

Matur frá öllum heimshornum

Boðið verður til alþjóðlegrar matarhátíðar á KEXi Hosteli þar sem helmingur alls ágóða rennur til Mæðrastyrksnefndar. Á boðstólum verða víetnamskar sumarrúllur, Kaliforníu-takó, frönsk súkkulaðikaka og rússneskar blíní.

Baldvin Pormóðsson
baldvin@frettabladid.is

„Við verðum með nokkra bása með alls konar réttum frá öllum heimshornum á sanngjörnu verði,“ segir Ragnar Egilsson, en hann blæs til matarhátíðar á KEXi Hosteli í dag klukkan 18.00.

„Þetta byrjaði allt þegar ég stofnaði hóp á Facebook fyrir áhugafólk um alþjóðlega matseld. Það getur verið erfitt að finna hráefni á Íslandi og síðan vantaði vettvang fyrir fólk til þess að kenna hvert öðru uppskriftir og því um líkt,“ segir matarspekúlantinn en í hópnum eru tæplega fimm hundruð mataráhugamenn.

„Við erum orðin mjög góð í að verða okkur úti um ýms hráefni, hópurinn gengur í raun út á það að hjálpa hvert öðru að finna hluti sem hægt er að nota til framandi matargerðar,“ segir Ragnar. Hópurinn kallar sig SUMAR, eða Samtök um matseld annarra ríkja.

Á matarhátíðinni verður hægt að finna hina ýmsu rétti á borð við víetnamskar sumarrúllur, Kaliforníu-takó, franska súkkulaðiköku og rússneskar blíníllumur. „Síðan verður grasafreðingurinn Anna Rósa með túrmerikmjólk. Þarna má finna keim af til dæmis Rússlandi, Mexíkó, Kaliforníu og Frakklandi.“

Ókeypis er inn á viðburðinn en gestir geta búist við að reidda fram í kringum þúsund krónur fyrir réttinn og mun helmingur alls ágóða mun renna til Mæðrastyrksnefndar.



HVAR? Kex Hostel
HVENÆR? Milli 17-21

ÝMISLEGT Á BOÐSTÓLNUM Ragnar Egilsson fer fyrir hópi mataráhugafólks sem eldar til styrktar Mæðrastyrksnefnd á Kexi í dag.

FRETATABLADIÐ/VILHELM

Kerfisáætlun Landsnets 2014-2023 og umhverfisskýrsla

Landsnet boðar til almenns kynningarfundar um kerfisáætlun 2014-2023 og umhverfisskýrslu kerfisáætlunarinnar þriðjudaginn 6. maí kl. 9-10 í höfuðstöðvum Landsnets að Gylfaflöt 9 í Reykjavík.

Á fundinum verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum kerfisáætlunar Landsnets en henni er ætlað að spá fyrir um nauðsynlega uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi.

Einnig verður fjallað um drög að umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023 en þetta er í fyrsta sinn sem kerfisáætlun Landsnets fylgir slíku ferli. Gerð verður grein fyrir forsendum og nálgun matsvinnu, samanburði á umhverfisáhrifum valkosta, mótvægisáðgerðum og niðurstöðum matsins.

Það er von Landsnets að sem flestir sjái sér fært að mæta á fundinn en einnig verður hægt að fylgjast með beinni útsendingu frá honum á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is.

Kerfisáætlunin og drög að umhverfisskýrslunni verða aðgengileg á heimasíðu Landsnets og á vef Skipulagsstofnunar þriðjudaginn 6. maí 2014.



Þetta er lífið

- nýr bæklingur

Við þökkum fyrir frábærar viðtökur við ferðabæklingi VITA 2014 sem geymir úrval spennandi ferða og heillandi staða þar sem gott er að njóta lífsins.

Sýnishorn af ferðum okkar 2014

Bodrum á Tyrkland

Verð frá **119.900 kr.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn 2ja til 11 ára. Gisting á Bodrum Beach Resort 10. júlí í 10 nætur. Verð fyrir 2 fullorðna 144.900 kr.

Gríska eyjan Krít

Verð frá **115.900 kr.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn 2ja til 11 ára. Gisting á Sunset Suites 23. júní í 10 nætur án fæðis. Verð fyrir 2 fullorðna 131.900 kr.

Benidorm, Albir og Calpe

Verð frá **99.900 kr.***

Verð á mann m.v. 2+2, 1. júlí í 7 nætur. Án fæðis. Gisting á Larimar, Calpe
*Verð fyrir 2 fullorðna 119.000 kr.

Tossa de Mar og Salu

í beinu flugi með Icelandair til Barcelona

Verð frá **79.900 kr.*** og 12.500 Vildarpunktur

*á mann m.v. 2+2, 14. júní í 7 nætur. Verð fyrir 2 fullorðna kr. 99.900.
Gisting á Les Dalies Salou.

*Verð án Vildarpunkta 89.900 kr./109.900 kr. án fæðis.

Úrval spennandi borgarferða í haust

**RÓM • VÍN • VARSJÁ • AACHEN
DUBLIN • EDINBORG**

Síðustu sætin til Kúbu, 18.- 25. nóvember eru að seljast upp.

Nú býr Vita í Skógarhlíð 12

VITA hefur flutt sig um set og tekur á móti sumrinu í nýjum höfuðstöðvum ferðaskrifstofunnar í Skógarhlíð 12.

Verið velkomin til okkar í Skógarhlíðina og njótið lífsins með Vita.



Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444

vita

VITA er lífið



ALLT TIL ANDSKOTANS

Í lok mars var tíst um milljónasta flóttamanninn frá Sýrlandi sem varð kveikjan að ferðalagi ljósmyndarans **Páls Stefánssonar** til Líbanons og Sýrlands. „Að láta gott af sér leiða, vekja athygli á þessum harmleik, og jafnframt styðja við bakið á Rauða krossinum,“ segir Páll, sem hefur starfað sem ljósmyndari í þrjátíu ár og er ritstjóri tímaritsins Iceland Review. Hér deilir hann ferðinni í máli og myndum.

Fór að gráta. Þetta var of mikið. Fyrsta kvöldið á Hotel Akl. Það heyrði það enginn. Ég var eini gesturinn, og eini starfsmaðurinn — eigandinn — var staddur á neðri hæðinni, langt frá herbergi sex. Það sem hafði truflað mig svona mikið, fyrsta daginn í Beqaa-dalnum, voru öll börnin sem ég hafði mætt, brotabrot af þeirri milljón flóttamanna frá Sýrlandi, nú í Líbanon, þessu litla fjögurra milljóna manna landi. Og hinum megin við hæðina, í austri, lá Sýrland; þaðan bárust lágstemmdar drunur inn í herbergið mitt. Þar geisar stríð.

Þrjár milljónir manna hafa nú þegar flúið Sýrland síðan borgarastríðið hófst fyrir þremur árum. Að minnsta kosti fimm milljónir eru á vergangi innan landsins, en fyrir tveimur árum var íbúatalan 22 milljónir. Þetta ástand er ekki í lagi. Og það lagast ekkert. Allir ségja hitti sögðu að þetta ástand muni vara í tíu, jafnvel fimmtán ár. Eins og borgarastríðið í Líbanon, sem nú er lokið fyrir löngu.

Eftir fimmtán ár verður Najwa, litla nýfædda stelpa sem ég hitti með bróður hennar og mömmu fyrsta kvöldið, að fara í menntaskóla. Staðreyndin er bara sú að hér í Beqaa-dalnum er engin framtíð, engin skólaganga, ekkert.

Og pabbinn? Einn af 206 þúsund sem misst hafa lífið, eða kannski einn af 130 þúsund sem hafa horfið, mun aldrei sjá eða hitta dóttur sína.

Þetta jafngildir íslenskri þjóð, sem hefur dáið, eða gufað upp, í Sýrlandi á þremur árum.

Flóttamannahjálpi Sameinuðu þjóðanna og Rauði krossinum gera lítill kraftaverk á hverjum degi. En það dugar skammt; slíkur er fjöldinn. Beqaa-dalurinn, fæðukista Líbanons, er allur þakinn tjöldum sýrleikra flóttamanna. Einfaldri trégrind er klambrað saman, síðan er plast strekkt yfir og heft fast — oft gamlar útrunnar risaauglýsingar. Að lokum eru lögð gömul sumardeck á þakið sem farg. Framtaksamir setja smá steypuskán á gólfið til að gera það þrifalegra; moldargólf er bæði skítugt og rakt. Þarna, á fimm komma fimm fermetrum, býr fólk. Heilu og hálfu fjölskyldurnar sem eiga ekkert nema lífið sjálft, og stundum einar buxur eða tvenn pils til skiptanna.

Klósettum er komið upp, bárujárnstunnum með þaki og gati í illa steypu gólfinu, síðan ganga rör út út úr þeim. Rör sem ná ekki lengra en hundrað sentímetra, þar sem kúkur, piss og ólykt taka vel á móti gestum og gangandi. Líklega er á annað hundrað manns



PÁLL STEFÁNSSON LJÓSMYNDARI

um hvert klósett en aldrei sá ég biðröð. Rennandi vatn, ekkert. En tanka þar sem fólk getur sótt vatn til matargerðar og þrifnaðar er að finna með jöfnu millibili í tjaldbúðunum.

En þrátt fyrir allt kom það mér mest á óvart hve fólk var hreinlegt, ædrulaust, kurteist og stolt. Þarna hitti ég kristna, drúsa, alavíta, sjíta og súnnía, trúin var ekki að trufla. Allir lögðust á árar við að hjálpa næsta manni að koma upp tjaldi, bústað, finna mat. Og börnin léku sér í einhvers konar brennó, feluleik eða stríðsleik. Pang! Dauður. Þarna deyrð þú í þykjustunni. Hér heldurðu því eina sem þú átt: lífinu. Hér er það öruggt.

Hvernig gat þetta gerst í Sýrlandi? Hjá þessari umburðarlyndu, velmenntuðu fjölmenningsþjóð. Með Damaskus, heillandi heimsborg, sem höfuðborg. Óskiljanlegt. ▶



PAKIN TJÖLDUM Flóttamennirnir gera sér húsnæði úr gömlum auglýsingaplakötum.

5
ÁRA
Ótakmarkaður
Akstur
5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

Nýji bíllinn er Hyundai



Velkomin á sumarsýningu Hyundai í dag milli kl. 12-16

- Nýr **Hyundai i10 4G Wi-Fi**. Fyrsti bíllinn á markaðnum með 4G Wi-Fi tengingu
- Nýjar **sparneytnar dísilvélar**. Eyðsla frá 3,5 l/100 km*
- **Veglegir ferðapakkar** fylgja fjórhjóladrifnum Hyundai ix35 og Santa Fe í maí Bensínkort, hótलगisting, iPad o.fl. Komdu og kynntu þér glæsileg tilboð.



4G

Kaupauki!

Nýr iPad Mini fylgir öllum nýjum Hyundai i10 4G Wi-Fi

Síminn

Hyundai i10 er tengdur dreifikerfi Símans um land allt



Við tökum vel á móti þér!

Komdu í reynsluakstur til okkar í Kaupþún 1, beint á móti IKEA. Við bjóðum upp á kaffi, gos og grill, og blöðrur handa krökkunum.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupþúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is



► Ósköpin byrjuðu í borginni Daraa, við jördönsku landamærin, þann 15. mars 2011, þegar 15 börn á aldrinum níu til fimmtán ára og öll úr sömu fjölskyldunni krotuðu nið um stjórnina á skólavegginn sinn. Þau voru handtekin og þremur dögum seinna söfnuðust 3.000 manns saman til að óska eftir því að þau yrðu látin laus. Þau gerðu jafnframt kröfu um umbætur á stjórnarfari Sýrlands, og að tekið yrði á spillingu í landinu. Öryggissveitir tóku af hörku á mótmælendum og skutu fjóra til bana. Arabíska vorið breyttist í fimbulvetur.

Í fjörutíu og fjögur ár, síðan 1970, hefur al-Assad-fjölskyldan stjórnað landinu með stuðningi Ba'ath-flokksins. Fyrst var það Hafez al-Assad sem stjórnaði landinu í 30 ár, frá 1970 til dauðadags árið 2000, þegar sonurinn, breskmenntaði augnlæknirinn Bashar Hafez

al-Assad, tók við forsetaembættinu. Fjölskyldan er alavítar, trúarbrögð milli gyðingdóms og súnnímúslíma sem aðeins 11 prósent þjóðarinnar tilheyrja, og þeir hafa stjórnað og ráðið öllu undanfarna hálfa öld þrátt fyrir að þeir af hverjum fjórum Sýrlendingum séu súnnímúslímar og einn af hverjum tíu kristinnar trúar, auk drúsa og örfárar gyðinga.

Eins og staðan er í dag er stríðið í pattstöðu. Enginn er með yfirhöndina. Stjórnin heldur 40 prósentum landsins, 60 prósentum íbúanna, og mismunandi hópar uppreisnarmanna halda héraði og héraði og hafa barist hver við annan af mikilli heift, rétt eins og við stjórnarherinn.

Rússar hafa verið helstu bandamenn ríkisstjórnarinnar ásamt Hizbollah-samtökunum í Líbanon en Sádur, Bandaríkjamenn og Flóa-

ríkin hafa verið öflugustu bandamenn uppreisnarmanna.

Allir stríðsaðilar hafa framið voðaverk, stríðsglæpi á óbreyttum borgurum, og notað jafnvel til þess efnavopn. Síðast, nú fyrir tveimur vikum í Kafr Zita, þorpi 200 km norður af Damaskus sem uppreisnarmenn halda. Stjórnin var fljót að kenna uppreisnarmönnum um ódæðið en gat ekki útskýrt hvernig ríkisfjölmiðlar gátu varað vinveitt þorp í nágrenninu við yfirvofandi efnavopnaárás, með sólarhrings fyrirvara.

Í rúminu, síðasta kvöldið í dalnum, hugsaði ég um allt það fólk sem ég hafði hitt, endurskoðandann, vínbóndann og manninn hennar, ljóðskáldið og ljósmyndarann án myndavéla. Þær hurfu þegar húsið hans sprakk í Aleppo. Öll börnin, sem hafa alla framtíðina fyrir sér,

en samt sem áður enga framtíð. Konuna með fimm börn en engan maka. Kraftmikla manninn sem ásamt tíu ára dóttur sinni, laskaðri á fæti eftir stríðið, brenna saman jörð og leir og búa til múrsteina til að útbúa skjól fyrir vini og vandamenn.

Svíar hafa sýnt manndóm og mannúð og veitt 26 þúsund Sýrlendingum hæli á síðustu tveimur árum. Hvenær kemur að okkur?

Ef við notuðum höfðatöluregluna, og vildum vera jafnokar frænda vorra, Svía, værum við búin að veita bara 900 Sýrlendingum varanlegt skjól, af þeim þremur milljónum sem hafa misst landið sitt, og lífið fram undan.

Úr herbergisglugganum ljómaði austurhiminninn. Herbergi sex skal. Sprenging. Helvítis stríð.



PETTA LAGAST EKKERT „Allir sem ég hitti sögðu að þetta ástand muni vara í tíu, jafnvel fimmtán ár. Eins og borgarastriðið í Líbanon, sem nú er lokið fyrir löngu.“

ÚTSÖLUMARKAÐUR A4 HEFST Í DAG

MIKIÐ
VÖRU-
ÚRVAL

EXPLORE
TÖSKUR
FRÁ
3.999.-

EXPLORE
TASKA
2.999.-

ÓDÝRIR
BAKPOKAR
199.-

KRAKKA-
FÖNDUR
FRÁ
699.-

VERÐ FRÁ
49.-

MAN
UTD
SUNDPOKI
999.-

FÖNDUR-
PAKKNINGAR
FRÁ 199.-

GJAFU-
POKAR
FRÁ
99.-

TÆKI-
FÆRISKORT
FRÁ
99.-

GJAFU-
PAPPÍR
FRÁ
99.-

LÍMMIÐAR
FRÁ
49.-

Í ÖLLUM
VERSLUNUM
A4

www.a4.is / sími 580 0000

A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi

Sjá má afgreiðslutíma verslana A4 á www.a4.is

A4

Biti með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð
Taka markað magn. Gildir á meðan birgðir endast



OPIÐ ALLA HELGINA Í

KOMDU Í DORMA.

Við aðstoðum þig við að finna draumarúmið þitt!

C&J stillanlegt heilsurúm með Shape dýnu



Charlotte Julien Dream your world™

VERDDÆMI
2X90X200
STILLANLEGT
466.800
Dýnur, botn og lappir

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- 5 ára ábyrgð

NATURE'S REST heilsurúm



VERDDÆMI
120X200 CM
DORMAVERÐ
79.900
Dýna, botn og lappir

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðar stállappir

NATURE'S COMFORT heilsurúm



VERDDÆMI
160X200 CM
DORMAVERÐ
149.900
Dýna, botn og lappir

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Steypar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðar stállappir
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu

NATURE'S LUXURY heilsurúm



VERDDÆMI
160X200 CM
DORMAVERÐ
169.900
Dýna, botn og lappir

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Steypar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðar stállappir
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu

SHAPE heilsurúm



VERDDÆMI
160X200 CM
DORMAVERÐ
167.900
Dýna, botn og lappir

- Heilsudýna sem:
- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
 - 24 cm þykk heilsudýna
 - Engin hreyfing
 - AloaVera áklæði
 - 5 ára ábyrgð!

DORMA HOLTAGÖRÐUM

Vandaðir og þægilegir sófar á DORMAVERÐI

FLORIDA tungusófi



Stærð: 250 x 200 x 90 cm H: 70 cm.
Slitsterkt ljósgrátt áklæði, hægri tunga.

DORMA
- býður góða nótt
**SUMAR
TILBOÐ**
149.900
FULLT VERÐ 179.900



CLASSIC
sófar og hæginda-
stólar margir litir
NÝTT ÁKLÆÐI

DORMAVERÐ

Krónur 149.900

Krónur 99.900

RUBEN svefnsófi með tungu



Stærð: 240 x 160 x 90 cm H: 85 cm.
Slitsterkt grátt áklæði. Rúmfatageymsla í tungu. Svefnsvæði: 140x195 cm.

DORMA
- býður góða nótt
**SUMAR
TILBOÐ**
119.900
FULLT VERÐ 139.900

FINLEY svefnsófi með tungu



Stærð: 244 x 165 x 90 cm H: 85 cm.
Slitsterkt grátt áklæði. Rúmfatageymsla í tungu. Svefnsvæði: 140x195 cm.

DORMA
- býður góða nótt
**SUMAR
TILBOÐ**
149.990
FULLT VERÐ 179.990

HÆGINDASTÓLAR MEÐ SKEMLI

AFTON

Stillanlegt bak.
Vandað mjúkt leður.
Stöðugir fætur.

EASY

SUMARTILBOÐ
79.900
FULLT VERÐ 99.900

SUMARTILBOÐ
69.900
FULLT VERÐ 89.900

LYFTISTÓLL

rafmagnslyftistóll
á frábæru verði



DORMA
- býður góða nótt
**SUMAR
TILBOÐ**
89.900
FULLT VERÐ 99.900



OPNUNARTÍMI HOLTAGÖRÐUM: Laugardag 11⁰⁰-16⁰⁰ og sunnudag 13⁰⁰-17⁰⁰

Ástarsaga þeirra **Ágústu Evu Erlendsdóttur** og **Jóns Viðars Arnþórssonar**, formanns Mjölnis, hófst á setti Borgríkis. Við fyrstu sýn mætti halda að leiksviðið og bardagahringurinn ættu ekki mikið sameiginlegt en á báðum stöðum er mikilvægt að lesa í mótleikarann. Þau ræða við Fréttablaðið um ástina, leikinn, ókostina og framtíðarplönin.

Álfrún Pálsdóttir

alfrun@frettabladid.is



Einn helsti ókostur Ágústu er að hún er alltaf sein. Það bara bregst ekki að við erum alltaf síðust til að mæta eitthvert, það er henni ómögulegt að koma á réttum tíma. Svo er hún líka mjög léleg að reikna. Það er ekki hennar sterkasta hlið,“ segir Jón Viðar Arnþórsson og gjóar brosandí augum til kærustu sinnar, leik- og söngkonunnar Ágústu Evu Erlendsdóttur, sem kinkar kalli til samþykkis.

„Það er samt afmælisdagurinn. Þetta er ekki ég sko. Við Gunni (innskot blm. Nelson) eigum sama afmælisdag og erum eins. Hann er eiginlega verri en ég með að mæta á réttum tíma. En veistu hvað ég gat gert í gær? Ég gat deilt 30 þúsund í fimm hluta. Bara í hugarum. En já, ég er með mjög lata heilastarfsemi þegar kemur að stærðfræði,“ segir leikkonan og skellihlær.

Það útskýrir tuttugu mínútna seinkun viðtalsins. Við sitjum í setustofu í anddyri Mjölnis. Bardagaklúbbsins sem Þjóðin hefur tekið opnum örmum á síðustu miss-erum og er annað heimili skötuhljú-

Gaf henni blóðnasir á fyrstu æfingu



„Ég er mikið fiðrildi og finnst ekki gaman að gera sama hlutinn alla daga, kvölds og morgna. Hef gaman af því að blanda ólíkum hlutum saman. Þetta hefur verið ótrúlega skemmtilegur tími við Þjóðleikhúsið og ég hef fengið að spreyta mig á mörgum ólíkum hlutverkum.“

Ágústa Eva Erlendsdóttir.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

17. júní í Reykjavík



Dagskráratrúði óskast

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir Þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Í dagskránni er gert ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákómum.

Hægt er að sækja um flutning atriða, uppákomur og viðburði á vefnum www.17juni.is en umsóknum má einnig skila í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík á eyðublaðum sem þar fást.

Umsóknarfrestur rennur út föstudaginn 9. maí.
Upplýsingar í síma 411 5502 eða á 17juni@reykjavik.is



Hitt Húsið Sími: 411 5500 17juni@hitthusid.is www.17juni.is

anna. Það er rólegt í Mjölni svona um miðjan daginn, lognið á undan storminum því seinnipartinn fyllist allt af hreyfingarþyrstu fólki á öllum aldri sem er tilbúið að púla í bardagaumhverfinu.

Meitt sig meira á leiksviðinu

Parið á saman soninn Þorleif Óðin Jónsson, sem er þriggja ára gamall. Það var í raun Mjölminn sem kom Ágústu Evu og Jóni Viðari saman, já og kvikmyndin Borgríki þar sem ástin kviknaði á tökustað. Nú endurtekur parið leikinn í myndinni Borgríki II – Blóð hraustra manna, sem frumsýnd verður í október.

Jón Viðar er formaður Mjölnis og í þjálfarateymi Gunnars Nelson bardagakappa. Ágústu Evu þarf vart að kynna fyrir landsmönnum. Hún kom sér á kortið með karakternum Silvíu Nótt sem fór með leikkonuna alla leið í Eurovision árið 2006 með eftirminnilegum hætti. Ágústa hefur nú lagt Silvíu Nótt á hilluna, en undanfarin ár hefur leiksviðið átt hug hennar allan.

„Systir mín dró Ágústu á æfingu hjá mér árið 2008 og hún stóð sig ágætlega. Hún fór reyndar út með blóðnasir á báðum. Ég kýldi hana óvart,“ segir Jón Viðar og þau skellihlæja bæði. „Hún hljóp inn á baðið og kom út með pappír í nösunum. En hélt áfram samt.“

„Já, alveg rétt. Hann áttar sig stundum ekki alveg á hvað hann er sterkur. Annars hef ég meitt mig meira á leiksviðinu en í bardagaíþróttum. Ég hef nefbrotnað, brotið tönn og allur fjandinn komið fyrir mig í leiklistinni en ekkert komið fyrir mig hérna í Mjölni. Ég er samt þannig að ég prufa allt, svona hvírfilbylur í hausnum, og frekar óhrædd að eðlisfari. Læt bara vaða.

Til dæmis gerði ég öll áhættuatrúðin mín sjálf í Borgríki II,“ segir Ágústa Eva.

„Nema þú ert lofthrédd,“ bætir Jón Viðar við. „Já, ég er mjög lofthrédd sem kom sér ekki vel þegar ég gerði eitt atriði í nýju myndinni. Ég vil ekki gefa of mikið upp um atriðið en mér stóð alls ekki á sama á einum tímamarki í þessum tókum,“ segir Ágústa Eva.

Draumahlutverkið í vændum

Síðasta ár hefur verið annasamt hjá leikkonunni. Hún talar inn á teiknimyndir, meðal annars fyrir Elsu prinsessu í vinsælu teiknimyndinni Frozen. „Það er mikil eftirspurn eftir fólki sem getur bæði sungið og leikið, í leikhúsinu og annars staðar,“ segir Ágústa sem hefur verið fastráðin við Þjóðleikhúsið og var í fimm verkum í vetur. Nú eru ákveðin tímamót hjá Ágústu Evu sem nýverið sagði samningi sínum við leikhúsið upp.

„Ég er fiðrildi og finnst ekki gaman að gera sama hlutinn alla daga, kvölds og morgna. Hef gaman af því að blanda ólíkum hlutum saman. Þetta hefur verið ótrúlega skemmtilegur tími við Þjóðleikhúsið og ég hef fengið að spreyta mig á mörgum ólíkum hlutverkum. Ég hef verið að sýna einna mest af leikurum og á síðasta ári var ég í hátt í 300 sýningum. Nú get ég tekið að mér eitt og eitt verkefni og sinnt fjölskyldunni,“ segir Ágústa Eva sem ætlaði að taka sér alfaríð hlé frá leiksviðinu. Fara meira inn í rekstur Mjölnis, taka yfir verslun sem þau starfrækja innan klúbbsins og hugsanlega huga að handritaskrifum sem blunda í henni.

Svo fékk Ágústa tilboð sem hún gat ekki hafnað frá Borgarleikhúsi-

inu svo hléið frá leiksviðinu verður að bjóða enn um sinn.

„Ég má ekkert gefa upp um hlutverkið en ég get sagt að ég hefði líklega hafnað öllu nema þessu. Það má segja að þetta sé hálfgerð draumahlutverk.“

Ómenntað framafólk

Þrátt fyrir að hafa kynnst formlega í Mjölni fyrir sex árum hafa leiðir Ágústu Evu og Jóns Viðar legið saman fyrir það, án þess að þau þekktust.

Ágústa Eva hefur tvisvar sinnum þurft að kalla til lögreglu og í bæði skiptin kom Jón Viðar, sem þá starfaði sem lögreglumaður, á vettvang og tók af henni skýrslu. Bæði unnu þau á veitingastaðnum Vegamótum og stunduðu nám við Menntaskólann í Kópavogi, en hvorugt kláraði námið. Þau eru ómenntað framafólk, enda hafa þau bæði náð langt sínum sviðum án þess að vera með þar til gerða menntun. Sem var ekki beint planið hjá þeim heldur æxluðust hlutirnir bara þannig. „Ég vissi hver Ágústa var eftir Silvíu Nótt og svona. Þegar systir mín sagðist ætla að koma með hana á æfingu varð ég smá stressaður. Hræddur um að ég færi bara að hlæja að henni,“ segir Jón Viðar og glottir. Á þessum tíma starfaði hann í lögreglunni og Ágústa Evu langaði að skrifa handrit sem fjallaði um spillingu innan lögreglunnar.

„Ég hafði mikinn áhuga á lögreglunni og fékk að fara og kynna mér hennar starf, meðal annars í gegnum Jón. Ég kynnti svo hann og Óla (innsk. blm. Ólaf Jóhannesson leikstjóra) sem þá var að byrja með Borgríki. Handritinu sem ég var byrjuð á svipar til söguþráðar myndarinnar en handritið hvarf

GAMAN AÐ LEIKA SAMAN

Kærustuparið Jón Viðar Arnþórsson og Ágústa Eva Erlendsdóttir leikur saman í myndinni Borgríki II og segir Ágústa að það hafi verið gaman að fá hann inn á sinn heimavöll þó að stundum hafi verið erfitt að halda andliti þegar þau léku hvort á móti öðru.

Á BAK VIÐ TJÖLDIN Í BORGRÍKI II – BLÓÐ HRAUSTRU MANNA ÁGÚSTA EVA OG JÓN VIÐAR Í HLUTVERKUM SÍNUM

FRUMSÝND
LEIKSTJÓRI
LEIKARAR

Október
Ólafur Jóhannesson
Ingvar Eggert
Sigurðsson, Hilmir
Snær Guðnason,
Sigurður Sigurjóns-
son, Zlatko Krickic,
Ágústa Eva Erlends-
dóttir og Darri
Ingólfsson.



HVITA HÚSD / SIA

DALE CARNEGIE®
ÞJÁLFUN

HVAR ER BARNIÐ ÞITT?

Í byrjun árs mættu þúsundir unglinga fyrirvaralaust í Smáralindina til að sjá Vine-stjörnur og sagan endurtók sig svo nýlega þegar YouTube-stjarna mætti til landsins. Nánast ekkert foreldri hafði heyrð um þessar stjörnur og uppákomurnar komu mörgum á óvart.

Það er kominn tími til að tala saman
Vodafone og Dale Carnegie bjóða því foreldrum og forráðamönnum um land allt á ókeypis vinnustofu um góð samskipti á netinu.

- Hverjar eru þær nýju áskoranir sem netið og samfélagsmiðlar búa til í samskiptum?
- Hvað þarf að vita um netsamskipti?
- Hvernig byggjum við upp góð tengsl og traust í leik og starfi?
- Hvað eru góð samskipti á milli foreldra og barna?

Skráning og nánari upplýsingar er að finna á dale.is/vodafone eða í síma 555 7080.



Vodafone
Góð samskipti bæta lífið

„Systir mín dró Ágústu á æfingu hjá mér árið 2008 og hún stóð sig ágætlega. Hún fór reyndar út með blóðnasir á báðum. Ég kýldi hana óvart.“

Jón Viðar Arnþórsson.

þegar tölvan mín dó. Svo það endaði með að við komum bara inn í verkfnið með Óla,“ segir Ágústa.

Stærri og grófari

Jón Viðar sá um þjálfun allra áhættuleikarana, meðal annars Ágústu Evu, útfærði bardagaseminar og sá um að finna fólk í hlutverk. Planið hjá honum var alltaf að fara út í áhættuleik en svo tók Mjölni-ir við. Loksins, eftir mikla vinnu og áralangt sjálfbodastarf Jóns Viðars og annarra Mjölismanna blómstrar bardagaklúbburinn.

Í framhaldsm myndinni, Borgríki II, sem er bæði stærri í sniðum og grófari en fyrri myndin, fær Jón Viðar hins vegar líka að spreyta sig fyrir framan myndavélina.

„Ég leik mjög heimskan glæpamann og það verður spennandi að sjá þetta á hvíta tjaldinu. Smá stressandi en bara gaman. Gaman að leika á móti Ágústu sem sér til dæmis um að yfirheyra mig í myndinni,“ segir Jón Viðar og Ágústa tekur í sama streng.

„Hann fær alveg svona alvöru senu og stendur sig mjög vel. Það var mjög gaman að leika á móti honum, stundum svolítið erfitt að halda andliti. Gaman að fá hann inn á minn heimavöll eftir að hann hefur verið að leiðbeina mér í Mjölni, hann er mjög góður kennari.“

Þarið sér ekki fyrir sér að gera annað í framtíðinni en það sem þau gera núna. Vera í hringnum og á sviðinu. Blanda saman bardaga- og leiklist, sem á meira sameiginlegt en margur gæti haldið.

„Það er hálfgerður spuni í bardagahringnum. Maður þarf að lesa í andstæðinginn alveg eins og mót-leikarann. Í raun er þetta mjög svipað dæmi.“



24. janúar 1981
Mikil drykkja á heimili hjónanna í Kötluvellu.

25. janúar 1981
Maðurinn ferst í eldsvoða í Kötluvellu í Breiðholti. Eldsupptök ókunn.

27. janúar 1981
Verulegt misræmi í framburði konunnar annars vegar og vitna.

28. janúar 1981
Farið fram á gæsluvarðhald yfir konunni. Hún neitar sök.

30. janúar 1981
Konan játar að hafa banað eiginmanni sínum.

23. september 1981
Konan dæmd í 16 ára fangelsi í Sakadómi Reykjavíkur.

14. mars 1983
Konan dæmd í 14 ára fangelsi í Hæstarétti.



Rúmið sem brann í Breiðholti

Í september árið 1981 kvað Sakadómur Reykjavíkur upp 16 ára fangelsisdóm yfir 27 ára tveggja barna móður úr Breiðholti. Það er einn þyngsti dómur sem kona hefur fengið á Íslandi. Konan hafði hugsað um það í nokkurn tíma að fyrirkoma manni sínum og þegar hún lét loks verða af því var verknaðurinn miskunnarlaus.

Erfiðar heimilisáðstæður höfðu einkennt sambúð hjónanna í Kötluvellu 11 um nokkurt skeið þegar árið 1981 gekk í garð. Eiginmaðurinn drakk stíft og börnin tvö, fimm og sex ára, upplifðu óregluna nær daglega í janúarmánuði þetta örlagaríka ár. Konan skemmti sér einnig talsvert og sagði vinkonum sínum að ef eiginmaðurinn færi ekki að drekka, myndi hún kaupa flösku fyrir hann sjálf, svo hann færi að drekka, til þess að hún kæmist út til að skemmta sér. Linda Hilmarsdóttir, 14 ára barnfóstra, var því nær daglegur gestur á heimili hjónanna og gætti barnanna.

Morðhótun og bensín á svölum
Sunnudaginn 25. september 1981 hélt drykkja mannsins áfram í hádeginu. Hann kastaði af sér þvagi í eldhúsvaskinn og ataði

íbúðina út. Hjónin rifust vegna ástandsins og varð barnfóstran vör við að konan hótadi manninum lífláti ef hann færi ekki í meðferð. Tveimur dögum áður hafði heimilisbílinn orðið bensínlaus í næstu götu og hafði eiginmaðurinn náð í bensín á brúsa til að setja á bílinn. Þegar hann hugðist setja bensínið á bílinn hafði bílinn verið fjarlægður af lögreglunni. Að lokum endaði bensínbrúsinn á svölum íbúðarinnar.

Kveikti hann í sér út frá reykingum?

Síðdegis þennan sama sunnudag hélt konan með börnin í næsta hús því hún vildi lofa þeim að horfa á Stundina okkar í lit. Þremur korterum síðar þegar hún sneri aftur heim til sín var íbúðin orðin full af reyk. Hún fór upp á næstu hæð og bað um hjálp því kviknað væri í íbúð sinni og eiginmaðurinn inni. Hún gaf þá

skýringu að þegar hún hafi yfirgefið íbúðina hefði maðurinn setið á rúmstokknum talsvert ölvaður með logandi vindling í hendi. Taldi hún líklegt að hann hefði kveikt í sér út frá reykingunum. Slökkviliðið kom fljótlega á staðinn, slökkti eldinn, og fann þar manninn látinn í eldhúsinu.

Úrskurðuð í gæsluvarðhald

Rannsóknarlögreglan tók við rannsókn málsins og í fyrstu voru eldsupptök ókunn. Þegar haldinn var fundur með aðstandendum hins látna, seinna um kvöldið, kom í ljós að hann hafði aldrei reykt. Þá vöknudu grunsemdir um að eitthvað sagnæmt kynni að hafa átt sér stað. Konan neitaði aðild að málinu en þremur dögum eftir brunann fór rannsóknarlögreglan fram á gæsluvarðhald yfir henni þar sem framburður vitna og gögn málsins bentu til þess

að hún ætti aðild að brunanum. Í þinghaldinu neitaði hún ásökunum og sagðist vera saklaus. Þrátt fyrir það var hún úrskurðuð í gæsluvarðhald og tveimur dögum síðar játadi hún að hafa kveikt í manninum þar sem hann lá sofandi í hjónarúminu. Hún notaði til þess bensínbrúsann á svölum og nýtti tækifærið meðan börnin biðu hennar á stigaganginum.

Reyndi að eitra fyrir manninn

Konan sagði rannsóknarlögreglunni frá ofdrykkju mannsins og aðspurð um ástæðuna, svaraði hún því til að hún væri hrifin af öðrum manni sem hún hefði kynnst nokkrum árum áður. Hefði komið til tals milli þeirra hvort hægt væri að fyrirkoma eiginmanninum og í eitt skipti hefði konan sett asetón út í áfengisblöndu hans í þeim tilgangi að eitra fyrir hann. Tilraunin misheppnaðist en konan sagðist eftir

þetta hafa verið ákveðin í að bana eiginmanni sínum.

16 ára dómur í Sakadómi Reykjavíkur

Í dómnum yfir konunni kemur fram að þau hjónin hafi verið í Hvítasunnusöfnuðinum og hafi skilnaðir ekki fengist auðveldlega þar. Þrátt fyrir erfiðar heimilisáðstæður og mikla drykkju eiginmannsins þóttu engar refsilækkunarástæður koma til greina í Sakadómi Reykjavíkur. Því var konan dæmd til 16 ára fangelsisvistar. Hæstiréttur mildaði dómminn í 14 ár. Í Íslenskum ástríðuglæpum á Stöð 2 á sunnudagskvöld verður fjallað um mál hjónanna og rétt við barnfóstru þeirra, rannsóknarlögreglumann og önnur vitni. Að auki verður rætti við Sigprúði Guðmundsdóttur, framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins, en málið í Kötluvellu árið 1981 var ein ástæða þess að athvarfið var stofnað.



Til leigu

2.819 m² atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6.

Reitir bjóða til leigu atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi. Aðkoma að húsinu er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan sal með þremur innkeyrsluhurðum, minni sal með innkeyrsluhurð, fallegt skrifstofurými, eldhús, snyrtingar og sturtuadstöðu.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jónsson, sölustjóri í 840 2100 eða halldor@reitir.is.

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviðið útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

HELGAAR

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

VORHREINSUN

ÚTLITSGALLAÐAR VÖRUR OG SÍÐUSTU
EINTÖK Á MIKLUM AFSLÆTTI
HEIMILISTÆKI - SJÓNVÖRP - SMÁTÆKI



Philips 50PFL5038T
50" 3D Smart LED Full HD
sjónvarp. Pixel Precise HD
Dual-Core örgjörvi. Ambilight
Spectra 2 bakljós. 300 Hz Perfect
Motion Rate. Smart TV þráðlaus
nettenging. USB upptaka.

TILBOÐ
229.995
FULLT VERÐ 299.995



Philips 46PFL3108T
46" Full HD LED sjónvarp með 1920
x 1080p upplausn. 100Hz Perfect
Motion Rate. Digital Crystal Clear.
Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2
móttakari. Ljósmyndari. USB, 2
HDMI tengi o.fl.

TILBOÐ
119.995
FULLT VERÐ 159.995



Philips 32PFL3208T
32" Smart LED sjónvarp 1366 x 768p
upplausn. 100 Hz Perfect Motion
Rate. Stafrænn DVB-C, DVB-T,
DVB-T2 móttakari. Smart TV með
YouTube. 2x HDMI, 2 x USB. Skype
möguleiki. EasyLink. App fyrir
Android/Apple síma og spjaldtölvur.

TILBOÐ
74.995
FULLT VERÐ 89.995

RYKSUGUR Í VORHREINGERNINGUNA



MELISSA
Melissa 16420224
1400w ryksuga með 4
filtera kerfi. Stillanlegt
málmör. Tekur 2L af ryki.
5m snúra. 3 fylgihlutir.

TILBOÐ
4.995
FULLT VERÐ 7.995



Melissa 16420220
2000w ryksuga með 5 filtera kerfi. Stillanlegt
málmör. Tekur 4L af ryki. 5m snúra. 3 fylgihlutir.

TILBOÐ
7.995
FULLT VERÐ 10.995



Philips FC8444
1600w PowerLife ryksuga með 250w sogkrafti. CleanAir
microfilter. Tekur 3L af ryki. 5m snúra (8m radius). 2 fylgihlutir.

TILBOÐ
9.995
FULLT VERÐ 14.995



Philips FC8454
2000w PowerLife ryksuga með 350w sogkrafti. CleanAir
microfilter. Tekur 3L af ryki. 6m snúra (9m radius). 2 fylgihlutir.

TILBOÐ
14.995
FULLT VERÐ 22.995

RTILBOÐ

LAUGARDAG 11-16 OG SUNNUDAG 13-17

WHIRLPOOL DAGAR

10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM WHIRLPOOL VÖRUM

Whirlpool

PVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPPVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR
HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR



25%

Whirlpool WME1887DFCTS
179sm og 374 lítra stál kæliskápur. Stafræn hitastilling. 6th Sense Fresh Control. MultiFlow kælitækni tryggir jafnari kælingu. AntiBakteria Sía. Easy Open ventill. Orkuflokkur: A+. Stærð (HxBxD) 179x59.6x62,6 sm.

TILBOÐ

119.995

FULLT VERÐ 159.995



20%

Whirlpool AWOD6114
1400sn 6kg þvottavél með 6th Sense. 52L tromla. Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir. LCD skjár. Clean+ blettakerfi. 15 þvottakerfi og 30 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvottahæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A+.

TILBOÐ

79.995

FULLT VERÐ 99.995



20%

Whirlpool AZB7570
7 kg tviátta barkalaus þurrkari með 6th Sense rakaskynjara. 9 þurrkstillingar. Vatstankur uppi. Hægt að tengja beint við niðurfall. Kaldur blástur og krumpuvörn. Stærð (BxHxD): 60x85x62sm.

TILBOÐ

79.995

FULLT VERÐ 99.995



33%

Whirlpool AKT821LX
60 sm helluborð með 4 keramik hellum og snertitökkum. 1 x 2100w hella 14,5-21 sm. 1 x 1800w hella 14,5-25 sm. 2 x 1200W hellur 14,5 sm. Stál hliðar. Mál: (bxhxd): 58x4,6x51 sm.

TILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 74.995



29%

Whirlpool ADPU8783TR
Uppþvottavél með 10 kerfi s.s. sótthreinsikerfi, hraðkerfi og sjálfvirk 6th Sense kerfi með gufu. PowerClean með 32 stútum. LCD skjár. Vatnsflæðiörn. Sjálfhreinsandi filter. Þurrkar með hita og víftu. Þvottahæfni A. Orkuflokkur A++. Þurrkgeta A.

TILBOÐ

99.995

FULLT VERÐ 139.995



Heimilistæki

ht.is

SUDURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

ÞRJÚ MÖGNUM HELGARTILBOÐ

**15,6" TOSHIBA FARTÖLVA
MEÐ FJÖGURRA KJARNA
ÖRGJÖRVA Á SÉRSTÖKUM
20.000 KRÓNA AUKAAFSLÆTTI
Í AÐEINS ÞRJÁ DAGA!**

**SÉRSTAKT
TILBOÐSVERÐ**

79.990

FULLT VERÐ 99.990



TOSHIBA TOS-M50DA10R

Kraftmikil, glæsileg og sterkbyggð fartölva með 1.5GHz AMD Quad Core A4 örgjörva. Öflugur AMD Radeon HD 8330 grafikjarni skilar góðum myndgæðum og grafikvinnslu. Sérstaklega hröð vinnsla með tvöfalt stærra vinnsluminni en í hefðbundnum fartölvum eða 8GB DDR3 minni. Stór 750GB gagnageymsludiskur fyrir ljósmyndirnar, þættina, bíómyndirnar og gögnin. DTS Studio hljómgæði, tvö USB3.0 tengi og HDMI til þess að tengja við sjónvarp í bestu gæðum. Windows 8.1.

Góð reynsla og lág bilanatiðni

Tölvulistinn er umboðsaðili fyrir Toshiba á Íslandi sem er einn af stærstu framleiðendum heims á fartölvum. Ánægðir fartölvueigendur Toshiba skipta tugþúsundum á Íslandi enda þekktar fyrir að vera traustar tölur með lága bilanatiðni og langan líftíma.

Takmarkað magn

Eigum aðeins 100 eintök í 8 verslunum okkar um allt land og miðað við reynslu okkar eru þær líklegar til þess að klárast um helgina vegna þessarar miklu verðlækkunar.

Fjórir kjarnar

Algengast er að fartölvur séu tveggja kjarna eða Dual Core. Með því að hún vinni á fjórum kjörnum í stað tveggja stóreykst vinnslugeta tölvunnar.

8GB vinnsluminni

Algengast er fartölvur komi með 4GB vinnsluminni. Í þessari er það tvöfalt meira eða 8GB sem gerir hana hraðari og sprækari í daglegri vinnslu.

Glæsilegt silfrað útlit

Útlitið skiptir líka máli. Þessi fartölva kemur í sérstaklega flottri silfraðri umgjörð og auk þess sterkbyggð til að ferðast með.

HDMI og USB3.0

Tvö USB 3.0 tengi tryggja allt að tífaldan gagnaflytningshraða í samanburði við USB 2.0. HDMI tengi til þess að tengja við sjónvarpstæki í hámarksgæðum.

Windows 8.1 námskeið fylgir

Með tölvunni fylgir kynning á helstu breytingum frá Windows 7 yfir í Windows 8.1 hjá sérfræðingum Promennt. Námskeið sem hefur mælst mjög vel fyrir hjá viðskiptavinum okkar.

Mikið fyrir peninginn

Verðið á þessari tölvu án aukaafsláttarins er sérstaklega gott í samanburði við aðrar fartölvur í úrvalinu okkar með sambærilegum búnaði. Þeir sem nýta sér 20.000 króna aukaafsláttinn þessa þrjá daga eru því að fá sérstaklega mikið fyrir peninginn.

PROMENNT ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM!

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávisun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.



**0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI**

**8 VERSLANIR
UM ALLT LAND**

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

GILDIR AÐEINS UM HELGINA!

OPNUNARTÍMI
Á SUÐURLANDSBRAUT
LAU. 11-16
SUN. 13-17

ASUS

ASUS BORÐTÖLVA MEÐ INTEL I7 40.000 KRÓNA AFSLÁTTUR!

Eigum aðeins 35 stk. af þessari á lager. Virkilega öflug borðtölva sem tekur mjög lítið pláss á borði þar sem hún er Small Form Factor. Einn kraftmesti örgjörvi sem völ er á frá Intel, fjögurra kjarna i7 Haswell. Vandað Intel HD 4600 skjákort sem skilar flottri grafíkvinnslu. 500GB harður diskur og ótal tengimöguleikar. Lyklaborð og mús fylgir. Windows 8 Pro og Windows 7 Pro

139.990

FULLT VERÐ 179.990



nextbook

10" SPJALDTÖLVA MEÐ IPS SKJÁ 5.000 KRÓNA AFSLÁTTUR!

Ein vinsælasta 10" spjaldtölvan okkar. Viðskiptavinir velja þessa oft vegna þess að hún er með IPS skjátækni sem gerir skjáinn mun bjartari og skarpri en spjaldtölvur í sama verðflokki. Er líka með sprækum tveggja kjarna örgjörva og 1GB vinnsluminni. 1200x800 punkta upplausn og Android 4.1 Jelly Bean stýrikerfi.

24.990

FULLT VERÐ 29.990

tl.is

TÖLVU LISTINN

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600


EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFÖSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 431 333

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750



Aðferðafræðin Hringt var í 764 manns þar til náðist í 600 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 30. apríl. Svarhlutfallið var 79 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku 56,5 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

Meirihluti fallinn í Ísafjarðarbæ

Meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er fallinn samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Björt framtíð mælist með tvo menn kjörna en hæpið er talið að flokkurinn bjóði fram. Atvinnumál munu vega þungt eftir að Vísir ákvað að loka á Þingeyri.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Ísafjarðarbær er stærsta sveitarfélagið á Vestfjörðum. Íbúar í ársbyrjun voru 3.639 og hefur þeim fækkað á kjörtímabilinu um 260 íbúa eða um 7 prósentustig. Vestfirðir hafa í gegnum tíðina búið við viðvarandi fólksfækkun og ekkert sem gefur til kynna að þessi þróun sé að snúast við.

Fyrir stuttu bárust fréttir þess efnis að útgerðarfyrirtækið Vísir, sem staðsett var með vinnslu á Þingeyri, ætlaði að hætta störfum í plássinu og flytja alla starfsemi sína til Grindavíkur. Starfsmenn Vísis á Þingeyri eru 50 talsins samkvæmt heimasiðu fyrirtækisins.

Atvinnuástandið í Ísafjarðarbæ er brothætt að mati oddvita allra þeirra framboða sem hafa tilkynnt framboð til sveitarstjórna. Það sé eitt af meginverkefnum nýrrar bæjarstjórnar að styrkja stöðir atvinnulífs á svæðinu og auka fjölbreytni í atvinnu. Með því sé hægt að stemma stigu við fólksfækkun á svæðinu.

Meirihlutinn fallinn

Meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er fallinn samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Núverandi meirihluta-flokkar fá fjóra menn kjörna til sveitarstjórnar. Flokkarnir eru samanlagt með 46,6 prósent fylgi. Í síðustu kosningum fengu sjálfstæðismenn fjóra bæjarfulltrúa en fá þrjá núna. I-listinn, sem er einn í minnihluta, fær einn þrjá menn kjörna. Framsóknarflokkurinn heldur sínum manni í bæjarstjórn.

Björt framtíð mælist með 18,5 prósentu fylgi og tvo menn kjörna. Þeir taka því einn mann af I-lista og Sjálfstæðisflokki.

Preifingar hafa átt sér stað innan BF um að mynda lista en ekki tekist. „Ég tel það hæpið, eins og staðan er núna, að Björt framtíð bjóði fram lista til sveitarstjórnar

á Ísafirði,“ segir Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri Bjartrar framtíðar.

Ef Björt framtíð býður ekki fram lista til sveitarstjórnar er ljóst að mikið rými myndast fyrir hina flokkana þrjá að ná fylgi þeirra til sín. Þessi könnun sýnir svo ekki verður um villst að það er pláss fyrir Bjartra framtíð í hinu pólitíska landslagi Ísafjarðarbæjar.

Nýr bæjarstjóri eftir kosningar

Daníel Jakobsson er oddviti Sjálfstæðisflokksins í komandi kosningabaráttu. Hann er núverandi bæjarstjóri en ætlar sér að hætta sem bæjarstjóri að loknum kosningum. Hann er því ekki lengur bæjarstjóraefni flokksins.

„Ég er kominn með aðra vinnu. Það hefur legið fyrir í um eitt ár að ég vil losna. Ég mun hefja störf hjá fjölskyldufyrirtækinu, sem er hótelið á Ísafirði. Mínir hæfileikar snúa kannski að umbreytingarverkefnum og ég tel hafa gengið vel og að tími sé til kominn að nýr aðili taki við keflinu á þessum tímamótum,“ segir Daníel.

Daníel telur að staða sveitarfélagsins sé afar sterk og að bæjarstjórn sé skilað í mun betra ásigkomulegi en í upphafi kjörtímabils.

„Það sem mér finnst hafa verið stóra málið er að hafa náð tökum á rekstri bæjarins. 2012 og 2013 eru metár í rekstri bæjarins og það hefur gengið gríðarlega vel að lækka skuldir. Á sama tíma höfum við náð að lækka gjaldskrár, við vorum með hæstu leikskólagjöldin af 15 stærstu sveitarfélögum árið 2010. Við höfum ekki hækkad leikskólagjöld á kjörtímabilinu.“

Daníel telur að samstarfið við minnihluta hafi verið farsælt. „Samstaða allra bæjarfulltrúa hvað þetta varðar hefur skipt miklu máli. Það er mikilvægt að ná viðtækri samstöðu um þau erfiðu verkefni sem þurfti að fara í á kjörtímabilinu.“

Að mati Daníels er fólksfækkunin í sveitarfélaginu mikilvægt mál-efni sem þarf að vinna að. Það sé

FRAMBOÐSLISTAR Á ÍSAFIRÐI

Sjálfstæðisflokkurinn

1. sæti Daníel Jakobsson, Ísafirði
2. sæti Jónas Þór Birgisson, Hnífsdal
3. sæti Kristín Hálfhánsdóttir, Ísafirði
4. sæti Martha Kristín Pálmadóttir, Ísafirði



Framsóknarflokkurinn

1. sæti Marzellíus Sveinbjörnsson, Ísafirði.
2. sæti Helga Dóra Kristjánsdóttir, Önundarfirði.
3. sæti Sólveig Sigríður Guðnadóttir, Ísafirði.
4. sæti Gísli Jón Kristjánsson, Ísafirði.



I-listinn

1. sæti Arna Lára Jónsdóttir, Ísafirði
2. sæti Kristján Andri Guðjónsson, Ísafirði
3. sæti Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafirði
4. sæti Sigurður Hreinsson, Ísafirði



Björt framtíð áformaði að bjóða fram á Ísafirði, en ólíklegt er talið að flokkurinn nái að bjóða fram.

hin eilífa barátta og mikið áhyggju-efni. „Það sem við höfum í höndunum er þá á móti að hafa samkeppnishæfa gjaldskrá, fallegan bæ og öflugt atvinnulíf. Atvinnuástandið er þannig að það er nóg að gera og skortur á fólki. Auðvitað er takmarkaður fjöldi í ákveðnum greinum, en ef þú vilt vinnu hérna þá færðu vinnu, það er bara þannig, og það vantar fasteignir á Ísafirði.“

Atvinnu- og fræðslumál á oddinn Arna Lára Jónsdóttir er oddviti I-listans. Að framboðinu standa einstaklingar sem vilja vinna að hag og velferð íbúanna. Hún telur fræðslu- og atvinnumál verða ofarlega í huga kjósenda í kosningunum í maí.

„Fræðslu- og atvinnumál verða stóru málin sem og að halda rekstri bæjarins í jafnvægi. Við höfum loksins náð tökum á rekstrinum eftir ansi erfið ár. Það hefur gerst í góðu samstarfi allra flokka í bæjarstjórn. Því erum við ekki tilbúin að fórna jafnvæginu, að lofa einhverjum stórfamkvæmdum sem við getum ekki staðið við,“ segi Arna Lára.

„Við höfum að sama skapi verið að skera mikið niður í skólunum síðustu árin og við þurfum að forgangsraða núna í þágu barnanna okkar. Hlúa þannig að skólunum, bæði leik- og grunnskólum, og menntun barna.“

Arna Lára telur einnig að breyt-

ingar í atvinnumálum Ísafjarðarbæjar verði mikið ræddar.

„Atvinnuástandið er mjög viðkvæmt, sérstaklega í ljósi stöðunnar núna þegar Vísir er að loka á Þingeyri. Það hefur alltaf verið þannig að þegar verið er að búa til atvinnutækifæri, þá kemur eitthvað utanaðkomandi aftan að okkur og fækkar störfum. Við erum of háð einni atvinnugrein, við verðum að auka fjölbreytni og þetta grunninn svo við séum ekki svona viðkvæm gagnvart utanaðkomandi þáttum.“

Staðan á Þingeyri

Marzellíus Sveinbjörnsson er nýr oddviti Framsóknarflokksins í komandi kosningum. Hann telur, líkt og hinir oddvitarnir, að atvinnumál muni vega þungt í komandi kosningabaráttu.

„Atvinnuástandið og staðan á Þingeyri munu verða mikið rædd. Það fyrsta sem við þurfum að gera er að leita til alþingismanna og ráðamanna þjóðarinnar og athuga hvernig þeir geti komið að málinu með okkur.“ segir Marzellíus. Þegar hann er spurður út í svör forsætisráðherra varðandi málefni Vísis í þinginu í vikunni vill hann fá frekari svör og aðgerðir frá forsætisráðherra.

Marzellíus telur að fólksfækkun og atvinnumál verði rædd saman í komandi kosningabaráttu. „Atvinnumál og byggðapróun eru samþætt, auka fjölbreytni

og atvinnutækifæri og reyna að fjölga íbúum. Við verðum að skapa ungu fólki tækifæri á að koma til Ísafjarðar. Við þurfum að auka fjölbreytni starfa. Bæjarfélagið er gott og það er gott að ala upp börn að Vestfjörðum en við þurfum að auka tækifæri þeirra til að starfa hér.“

Fræðslumálin verða einnig stórt mál, að mati Marzellíusar. Í Ísafjarðarbæ þarf að skapa góð tækifæri til tómtunda, efla tómtundalíf. Skapa betri aðstæður fyrir íþróttaiðkun í bæjarfélaginu.

„Okkur vantar til dæmis fjölnota íþróttahús. Ég vil skoða hvort það sé möguleiki á að byggja slíkt hús á kjörtímabilinu. Ég vil ekki lofa að það verði byggt en við þurfum að skoða þessi mál gaumgæfilega,“ segir Marzellíus.

„Síðustu fjögur ár hafa gengið afskaplega vel, eftir að hafa tekið á fjárhagsstöðu bæjarfélagsins. Uppbygging er hafin á mörgum sviðum mannlífs hérna. Til að mynda hættum við sorpbrennslu og fórum í urðun og náðum samningum við ríkið vegna sjúkraflutninga.“

Um áframhaldandi samstarf við Sjálfstæðisflokkinn segir Marzellíus að allir gangi óbundnir til kosninga. „Samstarfið hefur gengið vel en við þurfum bara að setjast niður eftir kosningar og skoða málin. Við teljum okkur reiðubúna að ræða við hvern þann sem setur sveitarfélagið í fyrsta sæti.“

NOTAÐU ÞÍN EIGIN HESTÖFL



JAMIS TRAIL X650

79.990 KR.

VEL BÚIÐ 27,5" TRAIL
FJALLAHJÓL MEÐ ÁLSTELLI
OG DISKABREMSUM.

X20

X24



JAMIS X20 OG X24

X20: 44.990 KR.

X24: 49.990 KR.

20" OG 24" KRAKKAHJÓL
MEÐ ÁLSTELLI OG 18 GÍRUM.

DÖMU HERRA




JAMIS CITIZEN 1

57.990 KR.

28" ÞÆGILEGT DÖMU
GÖTUHJÓL MEÐ STÁLSTELLI
OG 21 GÍR. EINNIG TIL Í HERRA.

HERRA DÖMU



JAMIS EXPLORER 1

62.990 KR.

26" ÞÆGILEGT ALHLIDA HJÓL
MEÐ STÁLSTELLI OG 21 GÍR.
EINNIG TIL Í DÖMU.

HERRA DÖMU



JAMIS EXPLORER 2

71.990 KR.

ÞÆGILEGT ALHLIDA HJÓL
MEÐ ÁLSTELLI OG 21 GÍR.
DEMPARI Í SÆTISPÓSTI
OG FRAMGAFFLI.
EINNIG TIL Í DÖMU.

JAMIS XR

49.990 KR.

26" FJALLAHJÓL MEÐ
STÁLSTELLI OG 21 GÍR.

JAMIS ALLEGRO X SPORT

119.990 KR.

GOTT 28" INNANBÆJARHJÓL
MEÐ DISKABREMSUM OG
LÆSANLEGUM GAFFLI.

JAMIS ALLEGRO SPORT

99.990 KR.

28" LÉTT INNANBÆJARHJÓL,
ÁLSTELL.

Fáðu aðstoð við valið á réttu hjólunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.

HJÓLIN ERU Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is

EUROVISION

SAMKEPPNIN STERK Í ÁR

Pollapönk stígur á svið á fyrra undanúrslitakvöldi Eurovision á þriðjudagskvöldið. Í riðlinum eru tvö sigurstranglegustu lögin í allri keppninni – frá Svíþjóð og Ungverjalandi. Við keppum einnig á mótí portúgalska og albanska laginu sem er spáð botnsætinu. Ef vel gengur gætu Pollapönkarar því átt séns.



31. SÆTI



Svíþjóð

FLYTJANDI **Sanna Nielsen**
LAG **Undo**

- 29 ára
- Sanna tók sex sinnum þátt í undankeppni Eurovision í heimalandinu áður en hún fór með sigur af hólmi
- Er af dönskum ættum

1. SÆTI



Ungverja-land

FLYTJANDI **András Kállay-Saunders**
LAG **Running**

- Lagið er innblásið af æskuvini hans sem ólst upp við mikið heimilisofbeldi og misnotkun.
- Tók þátt í ungversku hæfileikakeppninni Megasztár árið 2009 og lenti í fjórða sæti
- Fæddist í New York

2. SÆTI



Armenía

FLYTJANDI **Aram MP3**
LAG **Not Alone**

- 30 ára.
- Læknar ráðlögðu honum að syngja ekki í æsku þar sem hann glímdi við öndunarerfiðleika í æsku
- Foreldrar hans skráðu hann í kór og hann læknaðist
- Útskrifaður lyfjafræðingur

6. SÆTI




Svartfjalla-land

FLYTJANDI **Sergej Ćetković**
LAG **Moj Svijet**

- Hæfileikar hans voru uppgötv-aðir í tónlistarskóla sem hann sótti sem barn og unglingur og þótti hann skara fram úr í píanóleik
- Hóf tónlistarferil árið 1989 með ýmsum hljómsveitum
- Hóf sólóferil árið 1998

10. SÆTI



Holland

FLYTJANDI **The Common Linnets**
LAG **Calm After The Storm**

- Dúettinn skipa Ilse DeLange og Waylon
- Hafa þekkt síðan þau voru unglingar
- Innblásin af Emmylou Harris, Johnny Cash, Crosby, Stills, Nash & Young og James Taylor

15. SÆTI



Belgía

FLYTJANDI **Axel Hirsoux**
LAG **Mother**

- 32 ára
- Spilar á trompet
- Tileinkar öllum konum Eurovision-lagið sitt

17. SÆTI



Aserbaídsjan

FLYTJANDI **Dilara Kazimova**
LAG **Start a Fire**

- Hóf söngferil fjórtán ára
- Útskrifuð sem óperu-söngkona
- Elskar dýr og klæðist aldrei ekta loðfeldi

18. SÆTI



Rússland

FLYTJANDI **Tolmachevy Sisters**
LAG **Shine**

- Tívburar sem eru níttján ára gamlir
- Unnu Junior Eurovision-keppnina árið 2006 með lagið Vesennij Jazz
- Tóku þátt í opunaratriði á fyrra undanúrslitakvöldinu í Eurovision-keppninni árið 2009 sem haldin var í Moskvu

19. SÆTI



San Marínó

FLYTJANDI **Valentina Monetta**
LAG **Maybe (Forse)**

- 39 ára
- Söng lagið umdeilda The Social Network Song (OH OH - Uh - OH OH) í Eurovision 2012 en komst ekki upp úr undankeppninni. Ári síðar sneri hún aftur með lagið Crisalide (Vola) sem komst heldur ekki í aðalkeppnina
- Sjálfærð á píanó

20. SÆTI



Úkraína

FLYTJANDI **Mariya Yaremchuk**
LAG **Tick-Tock**

- 21 árs
- Samdi lagið sjálf og tók einnig þátt í textasmíðum
- Lenti í fjórða sæti í ukráínsku útgáfunni af The Voice

24. SÆTI



Lettland

FLYTJANDI **Aarzemnieki**
LAG **Cake to Bake**

- Nafn hljómsveitarinnar þýðir Útlendingar
- Byrjaði sem sólóverkefni Þjóðverjans Joran Steinhauer
- Hann samdi lagið Paldies Latīņam! til að kveðja gjaldmiðil Lettlands. Lagið sló í gegn á YouTube og var skoðað rúmlega 100.000 sinnum á einni viku

28. SÆTI



Eistland

FLYTJANDI **Tanja**
LAG **Amazing**

- Fæddist í Rússlandi og flutti tveggja mánaða gömul til Eistlands
- Komst næstum því í Eurovision árið 2002 með hópnum Nightlight Duo. Lagið þeirra, Another Country, lenti í öðru sæti í undankeppninni í Eistlandi
- Er farsæl söngleikjastjarna í heimalandinu.

29. SÆTI



Moldóva

FLYTJANDI **Cristina Scarlat**
LAG **Wild Soul**

- 33 ára.
- Spilar á píanó og fiðlu.
- Er lærður kórstjóri og hljómsveitarstjóri.

31. SÆTI



Albanía

FLYTJANDI **Hersi**
LAG **One Night's Anger**

- 24 ára.
- Tók fjórum sinnum þátt í undankeppninni í heimalandinu áður en hún fór með sigur úr bítum.
- Byrjaði í söngnámi átta ára.

35. SÆTI




Portúgal

FLYTJANDI **Suzy**
LAG **Quero Ser Tua**

- Býr í Dúbaí
- Steig fyrst á svið fimm ára
- Var meðlimur barnasveitarinnar Onda Choc

35. SÆTI

Tímamót í íslenskri bókaútgáfu!



Útgáfa bókana *Verum græn - Ferðalag í átt að sjálfbærni* og *Disney Go Green - A Family Guide to a Sustainable Lifestyle* markar tímamót þar sem þetta er í fyrsta skipti sem íslenskt fyrirtæki gefur út í samvinnu við Disney fyrirtækið, íslenska framleiðslu til útgáfu og dreifingar í Bandaríkjunum, Kanada og víðar.

Bækurnar eru hugsaðar sem fræðslubækur fyrir börn og fjölskyldur um sjálfbærni og mikilvægi þess að við séum meðvitaðri um að ákvarðanir sem við tökum á hverjum degi hafa áhrif á umhverfi okkar; í dag og til framtíðar.

Höfundar bókana eru Ásthildur B. Jónsdóttir, Ellen Gunnarsdóttir og Gunndís Ýr Finnbogadóttir. Magnús Óskarsson sá um umbrot, hönnun og myndskreytingu, auk þess eru myndir og efni í erlendu útgáfunni frá Disney Publishing Worldwide.



Við erum stolt af þessum áfanga því við viljum leggja okkar af mörkum til að gera heiminn betri!

Starfsfólk Eddu og Eddu USA

amazon.com Walmart BARNES & NOBLE INDIE FOUND BAM!

Söluastaðir á Íslandi: Bókaverslanir um land allt.

VILJUM VIÐ VERA HERÚLAR?

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson

heldur áfram að rekja sögu Herúla og þeirrar kenningar að þessi dularfulla þjóð hafi endað hér uppi á Íslandi.



Aldrei þessu vant er þessi flækjusaga framhald af greininni frá því fyrir viku. Þá hóf ég að segja frá Herúlakeningunni en hana setti Barði Guðmundsson, sagnfræðingur og þjóðskjalavörður, fram um og upp úr miðri síðustu öld. Kenningin gekk í óruttu máli út á að þegar Ísland var numið af norrænum mönnum á ofanverðri níundu öld, þá hafi ekki verið á ferð tilfallandi búandkarlar og uppflosnaðir víkingahöfðingjar frá Noregi endilöngum, heldur hafi verið um að ræða sérstaka þjóð sem tók sig upp og fluttist í heilu lagi hingað út. Barði nefndi ýmislegt til sönnunar kenningu sinni, ekki síst að landnámsmenn hefðu smíðað sér samfélag sem var að ýmsu leyti furðu ólíkt samfélagi þeirra Norðmanna sem eftir urðu. Nefnum bara menninguna: Af hverju varðveittist ævaforð norrænn bókmennta- og söguarfur á Íslandi en ekki Noregi? Af hverju héldu Íslendingar áfram að þróa þann bókmenntaarf og endaði með bæði Heimskringlu og svo hinum einstöku Íslendingasögum, en í Noregi var ekkert nýtt skrifað svo öldum skipti?

Og þar var komið sögunni að Barði hafði fundið þjóðina sem hann taldi að hefði búið í þessum vesturfjörðum Noregs á níundu öld en þá ákveðið af einhverjum dularfullum ástæðum að skárri væri að byggja útsker þetta en hina frjósómu norsku firði. Það voru Herúlar, lítil en herská germönsk þjóð sem þvældist um Evrópu með sverð á lofti frá þriðju öld og órlítið fram á þá sjöttu, þegar hún hverfur úr sögunni. Þá höfðu Herúlar fyrst farið ránshendi um frægar borgir eins og Aþenu og um leið lagt í rúst hof Diönu í Efesus, sem var eitt af sjö undrum fornaldar, síðan verið í slagtogi með hinum alræmdu Húnum um langt skeið og loks stofnað sitt eigið ríki í Mið-Evrópu sem skrimti þó ekki nema fáeina áratugi.

Saga Herúla þúslið saman

Fljótlega eftir að Herúlakóngurinn Róðolfó féll fyrir Langbörðum hurfu Herúlar úr evrópskum heimildum eins og jörðin hefði gleypst þá. Þá var komið fram á sjöttu öld og nú tóku við verstu flúðirnar sem Barði Guðmundsson þurfti að vaða með Herúlakeningu sína. Gat það sem sé átt sé að einhver hópur Herúla hefði haldið aftur alla leið til Norðurlanda, sest að í Noregi og haldið þar þjóðarvitund sinni (og varðveitt sinn einstaka frumgermanska menningararf) í hátt í fjórar aldir og svo rokið út til Íslands seint á níundu öld?

Og nú fór að vandast málið. Saga Herúla, eins og hún var þúslið saman á 19. og 20. öld, er að vísu ögn flóknari en ég hef hingað til gefið í skyn. Í fyrsta lagi eru til heimildir um „Herúla“ sem hafa flust til Niðurlanda (nú Hollands og Belgíu) þegar meginhluti þeirra á að hafa farið í austurveg til Póllands. Og nokkrum öldum seinna spyrst til þessa hóps að herja suður á Spáni eftir að hafa siglt á herskipum frá

FERÐIR HERÚLA

samkvæmt heimildum og hugmyndum



- 1 Herúlar búsettir í Danmörku eða Suður-Svíþjóð á fyrstu öld e.Kr. Þaðan hróktust þeir undan Dönum. Einhver hluti Herúla varð þó eftir í Svíþjóð.
- 2 Hluti Herúla sest að í Niðurlöndum. Nokkrum öldum síðar eru þeir sagðir hafa farið siglandi í ránsferðir allt til Spánar.
- 3 Flestir Herúlar setjast að í Póllandi og slást í för með Gotum.
- 4 Gotar og Herúlar fara í herleiðangur á Balkanskaga. Þeir koma sér meðal annars upp flota og ræna árið 267 Aþenu, Spörtu og borgina Býsans sem nokkrum áratugum síðar verður ný höfuðborg Konstantíns mikla. Tveimur árum síðar sigrar Kládfús

keisari II Herúla og Gota við Niš í Suður-Serbíu.

- 5 Eftir að hafa hrökklast af Balkanskaga flytjast Herúlar og Gotar til Úkraínu þar sem Húnar leggja undir sig ríki þeirra um 370. Næstu áratugi fylgja Herúlar Húnum, meðal annars í herferð til Frakklands þar sem Atli Húnakóngur tapar mikilvægri orrustu við Chalons 451.
- 6 Eftir lát Atla 453 gera germanskar þjóðir uppreisn gegn Húnum. Herúlar mynda ríki í Mið-Evrópu en síðasti konungur þeirra, Róðolfó, tapar fyrir Langbörðum, nýrri germanskri uppgangsbjóð, um 508. Hluti Herúla fylgir síðan Langbörðum suður á Ítalíuskaga 568

þar sem þeir hrekja Austur-Gota frá ríkjum. Annar hluti sest að við Belgrad í Serbíu en hverfur brátt í þjóðahafið. Enn annar hluti Herúla gengur í þjónustu austurrómverska keisarans í Konstantínópel og sinnir þar hermennsku næstu áratugi.

- 7 Allan tímann sem Herúlar voru suður í álfa misstu þeir aldrei alveg tengslin við frændur sína á Norðurlöndum. Hluti þjóðarinnar heldur nú aftur á heimaslóðir og gerist þar konungsaett Ynglinga. Segir kenningin!
- 8 Herúlar flytjast til vesturfjarðanna í Noregi.
- 9 Á 8. öld e.Kr. taka Herúlar sig upp og flytjast til Íslands, þar sem þeir verða hryggjarstykkíð í landnáminu.

Niðurlöndum. Ekki verður betur séð en þar hafi eins konar frum-víklingar verið á ferð. Það er reyndar stuðningsmönnum Herúlakeningarinnar til gleði að oftar en einu sinni er minnst á dugnað Herúla við siglingar, þeir komu sér til dæmis upp flota í Svartahafi og Eyjahafi þegar þeir voru að herja þar með Gotum á ofanverðri þriðju öld. Gæti fortíð Herúla við siglingar, spyrja menn, ekki bent til þess að þeir hafi ekkert látið sér vaxa í augum að leggja út á Atlantshaf um 870 er þeir ákváðu skyndilega að setjast að á hinni nýju eyju sem þar hafði fundist úti í hafi?

Agalasisir villimenn

Og þá eru líka til heimildir sem benda til þess að meðan Herúlar voru á þvælingi sínum langt suður í Evrópu, þá hafi þeir haldið tengslum við frændur sína í norðri. Latneski sagnaritariinn Procopius greindi frá því: „Herúlarnir sýndu nú sitt villimannlega og ofsafengna eðli gagnvart sínum eigin konungi sem nefndist Ochus. Fyrirvaralaust drápu þeir hann, án nokkurrar annarrar ástæðu en að þeir óskuðu að vera framvegis konungslausir. Hafa ber í huga að þó að konungur Herúla hefði konungs nafnbót hafði hann í reynd nákvæmlega engin forréttindi fram yfir aðra þegna. Allir nutu þess réttar að sitja að snæðingi með honum og atyrða hann ef þeim svo sýndist, því engir menn í veröldinni eru síður bundnir síðvenjum eða agalasisari en Herúlar. Þegar illvirkið hafði verið framið urðu þeir strax fullir iðrunar. Þeir áttuðu sig á því að án foringja og herstjórnanda gætu þeir ekki verið. Þess vegna varð niðurstaða þeirra sú, eftir ítarlegar umræður, að best væri að kalla til konungdóms einn úr konungsfjölskyldu þeirra frá Thule [Norðurlöndunum].“

Síðan segir Procopius frá komu nýs konungs að norðan. Í Svíþjóð

Herúlarnir sýndu nú sitt villimannlega og ofsafengna eðli gagnvart sínum eigin konungi sem nefndist Ochus. Fyrirvaralaust drápu þeir hann, án nokkurrar annarrar ástæðu en að þeir óskuðu að vera framvegis konungslausir.

eru til kenningar um að þangað hafi Herúlar hrökklast eftir að hafa misst lönd sín í Mið-Evrópu og síðast í kringum Belgrad, og orðið hafi fagnaðarfundir með þeim og hinum Herúlunum sem orðið höfðu eftir á fornum slóðum sænskum. Herúlarnir hafi síðan orðið að yfirstétt í landinu og frá þeim sé komin sú konungsaett sem lengi á að hafa ríkt yfir Svíþjóð og kallast hafi Ynglingar. Sú kenning er studd vitnisburði ekki minni manns en Snorra Sturlusonar, því í Heimskringlu hans er rakin för forfeðra Ynglinga sunnan úr álfa og norður til Svíþjóðar. Og viti menn, það var einmitt eitt einkenni Ynglinga, hve snöggir þeir voru stundum að aflifa kóngna sína ef þeir stóðu sig ekki í stykkinu, rétt eins og Procopius segir um Herúla.

Hér ber svo einnig í framhjá-hlaupi að geta þess að svipað ferðalag sunnan úr álfa rekur Snorri Sturluson líka í blábyrjun Eddu sinnar, þar sem upphaf hinna fornu Ása er rakið suður á Balkanskaga – en sumir djarflegir túlkendur sögunnar vilja halda lengra og finna þeim stað í Aserbaidsjan, og erum við þá komin á slóðir Thors Heyerdahls og hinna „alternatífu“ kenningu hans um hvaðeina í sögunni. Þar hafa Herúlar blandast inn í, og til að sannreyna það ættu fróðleiksfúsir að fara á YouTube og slá inn nafni Freysteins Sigurðssonar. Hann hefur útbúið snotra fyrirlestra um Herúlakeninguna og rakið hana allt aftur til Heyerdahls og Ása. En þá er og skylt að geta þess að flestóllum fræðimönnum munu þykja vísindi eins og þau sem Freysteinn boðar eiga meira skylt við dulræn fræði en mannkynssögu.

Hagmæltir og duglegir

Eins og sjá má á ramma þeim sem hér fylgir á síðunni, þá er svo lokastig Herúlakeningarinnar að frá Svíþjóð hafi Herúlar flust til Noregs og hingað út. Því miður fyrir stuð-

ingsmenn kenningarinnar verður að viðurkenna að fátt eða ekkert af nýlegum rannsóknum styður kenningu Barða og sporgöngumanna hans, en margt mælir í mót henni. Nýlegar fornleifarannsóknir benda til að landnámið hafi tekið lengri tíma en áður var talið og því hafi ekki verið um að ræða hina snöggu landflutninga sem Barði taldi sig þurfa að skýra, og DNA-rannsóknir benda ekki til þess að sá hluti landnámsmanna sem kom frá Noregi hafi verið í neinu ólíkir öðrum Norðmönnum. Þrátt fyrir að ýmsar spurningar standi eftir (svo sem eins og af hverju hinn germanski sagnaarfur varðveittist hér betur en annars staðar, en því hefur aldrei verið svarað á viðhlítandi hátt) þá verðum við því líklega að leggja Herúlakeninguna á hilluna. Eða afhenda hana Litháum, nú er nefnilega risin upp Herúlakeningin í Litháen, þeir eru sagðir forfeður Samógitiana sem dúkkuðu upp á strandlengjunni upp af hafnarborginni Klaípeda löngu eftir 1000 – prófið að slá inn „heruli“ og „samogitians“ á Google.

Hér hefur því miður ekki gefist tólm til að ræða spurninguna um hvort og að hve miklu leyti hinir fornu Herúlar hafi getað talið „þjóð“ á nútímavísi, en það er raunar alveg óvíst, kannski voru þeir upphaflega stétt úrvalshermanna af einhverju tagi eða „herúlfar“ frekar en sérstakur ættbálkur. En hverjir sem þeir voru, þá verðum við að íhuga málið vandlega áður en við förum að sækjast eftir því að tilheyrja þeim eða til-einka okkur arf þeirra. Þeir voru nefnilega ekki aðeins hagmæltir og duglegir til manndrápa, heldur segir og um þá í rómverskum heimildum að Herúlar hafi verið „svikulur, undirförlur, drykkfelldir og villimenn í kynlífi“.

Og mundum við láta þvíumlíkt um okkur spyrjast?

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



KARLAKÓRINN HEIMIR Í HÖRPU

Karlakórinn Heimir verður með tónleika í Eldborgarsal Hörpu á morgun kl. 16. Einsöngvari með kórnum verður Kristinn Sigmondsson. Dagskráin verður fjölbreytt og skemmtileg þar sem sígild kórverk og óperuariur verða í fyrirrúmi. Karlakórinn Heimir í Skagafirði hefur verið starfandi frá 1927. Stjórnandi er Stefán R. Gíslason.



Við erum 4 ára

20% afmælisafsláttur af öllum vörum fram á laugardag.



Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.
Sími 8948060 • www.rollo.is • Facebook



BETRI HEILSA Þórunn Þórarinsdóttir mælir með Bio Kult Original fyrir alla.

MYND/GVA

Meirapróf



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Næsta námskeið hefst 7 .mai 2014

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



BYLTING Á HEILSUNNI

ICECARE KYNNIR Bio Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum (probiotics). Öflug vörn fyrir þarmaflóruna sem hentar öllum aldri, börnum sem fullorðnum. Þórunn Þórarinsdóttir mælir með þessum góðu gerlum sem bæta meltinguna.

Mig langar að deila reynslu minni af Bio Kult Original-gerlunum. Ég var búin að vera veik í mörg ár. Ég ákvað að taka málin í mínar hendur, gjörbreytti mataræðinu en náði þó ekki alveg fullri heilsu. Þá fór ég að skoða hvað góðir gerlar geta gert fyrir heilsuna. Ég leitaði upplýsinga á netinu og víðar og fann út að sennilega vantaði mig einn ákveðin geril í meltingarflokkun en það er svokallaður jarðargerill (Bacillus subtilis). Í framhaldinu fór ég að leita að lifandi gerlablöndum hér á landi sem innihalda þennan geril en það virtist ekki vera í neinu nema Bio Kult Original-vörnunni. Ég ákvað að prófa, og viti menn, það varð algjör umbylting á líðan minni og heilsu," segir Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi.

GÓÐIR GERLAR

„Þar sem ég hef unnið við heilsuráðgjöf ákvað ég upp á mitt eindæmi að breiða út vitneskju mína og ánægju með Bio Kult Original-gerlana því þeir hafa algjörlega breytt lífi mínu. Gerlarnir hjálpa fólki meðal annars með meltingarvandamál. Ég mæli með Bio Kult Original við skjólstaðinga mína sem eiga til dæmis við hægðatregðu að stríða en þeir hjálpa til við útskilnað í meltingarveginum. Öll þurfum við að losa óæskileg efni úr líkam-

anum sem við fáum við neyslu á sumum matvælum og Bio Kult Original hjálpar til við það.“

LÍKA FYRIR HUNDINN

„Þá er einnig vert að geta þess að ég hef einnig notað Bio Kult Original fyrir hundinn minn sem er tíu ára gamall af Cavalier-kyni. Hann varð veikur í maga, alltaf að róta í mold og éta hana, það var eins og hann vantaði eitt-hvert efni. Ég prófaði að gefa honum Bio Kult Original-gerlana, setti þá út í matinn daglega. Tíkin lagaðist heilmikið og hef ég síðan haldið áfram að gefa henni Bio Kult Original-gerlana á hverjum degi með góðum árangri.

Ég er ákaflega þakklát fyrir Bio Kult Original-gerlana, því þeir hafa algjörlega breytt heilsu minni og hundsins! Ég mæli hiklaust með Bio Kult Original fyrir alla.“

SÖLUSTAÐIR

Fæst í öllum apótekum og heilsuhillum stórmarkaða og heilsuverslunum.



HEILSURÉTTIR

065

Eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti Orka, kkal 92 Prótein 10,8 gr Kolvetni 10,2 gr Fita 1,4 gr

980 | 1340

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.

Án salts og sykurs.

Hringdu núna!
Sæktu eða fáðu matinn sendan heim
588 9899



NINGS

Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 - Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is



GOTT SKJÓL Sérstakir skjólveggir eru fyrir framan húsin.

MYND/VALLI



GÓÐUR GARÐUR Húsin skilast með palli fyrir framan og aftan hús ásamt tilbúnum garði.

MYND/VALLI

NÁNARI UPPLÝSINGAR um eignina má finna inn á www.101.is auk þess sem Daði Hafþórsson, sölumaður 101 Reykjavík fasteignasölu, veitir áhugasömum allar nánari upplýsingar í síma 511-3101, 820-8103 eða á dadi@101.is

GÓÐ FASTEIGN Í FALLEGRI NÁTTÚRU

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA KYNNIR Raðhúsin við Austurkór 109-115 í Kópavogi eru staðsett í fallegri náttúru Rjúpnahæðar. Stutt er á golfvöllinn og í næstu sundlaug. Hverfið er friðsælt og fallegt og býður upp á marga útivistarmöguleika. Kaupendur velja sjálfir innréttingar, gólfefni og hurðir.

Fasteignasalan 101 Reykjavík er með til sölu falleg einnar hæðar raðhús sem standa á Rjúpnahæð í Kópavogi. Um er að ræða fjögur björt og falleg hús sem eru vel staðsett í fallegri náttúru í nágrenni Vífilsstaðavatns. Húsin eru byggð L-laga með miklu þakskyggni sem gefur mikið skjól og næði. Að sögn Daða Hafþórssonar, sölumanns hjá 101 Reykjavík, er um 190 fermetra hús að ræða með góðri lofthæð sem innihalda þrjú rúmgóð svefnherbergi. „Húsin eru mjög vel skipulögð. Sérbaðherbergi er í hjónaherberginu, gestabað með sturtu, öll votrými eru hlaðin og þússuð og stofan er stór og björt en útgengt er úr henni á pallinn. Það er bæði pallur fyrir framan og á bak við húsið og búið er að steypa sérstaka skjólveggi fyrir framan húsið, sem ekki er algengt hérlendis.“

Öllum húsunum verður skilað þannig að búið verður að klára alla utanhúsvinnu, palla og garðinn á bak við hús. Gott þvottahús og geymsla er í öllum íbúðum og stór og góður bílskur með góðri lofthæð sem gefur kost á millilofti.

Raðhúsin eru einstaklega vel staðsett. „Það er stutt út í náttúruna. Vífilsstaðavatn er rétt hjá, golfvöllur og sundlaug í næsta nágrenni. Þessi stærð hentar bæði vel þeim sem eru að minnka við sig úr stórum einbýlum og þeim fjölskyldum sem vilja stækka við sig. Einnig má nefna að þetta eru mjög viðhaldsléttar eignir sem skemmir svo sannarlega ekki fyrir.“

Húsin geta verið tilbúin fljótlega að sögn Daða.



Á RJÚPNAHÆÐ Húsin við Austurkór standa á hinn fallegu Rjúpnahæð.

MYND/VALLI

„Þeim verður skilað rúmlega tilbúnum til innréttingar. Búið verður að draga allt rafmagn inn, setja upp tengla, koma fyrir ljósum og mála. Við leggjum hins vegar mikla áherslu á að þeir sem kaupa húsin stjórni sjálfir hvernig innréttingar, hurðir, gólfefni og flísar verða þar. Það velja íbúðarkaupendur sjálfir enda er smekkur manna ólíkur. Verktaki hússins getur aðstoðað kaupendur í þessum málum sé þess óskað og klárað þannig hvert hús fyrir sig.“

Raðhúsin eru staðsett við Austurkór 109-115 í Kópavogi.

Byggingaraðili húsanna er Kjarnabygg ehf. sem er vandaður verktaki sem byggir á traustum grunni og hefur mikla reynslu.

www.fi.is

Á fjöll við fyrsta hanagal

Upplifðu náttúru Íslands

Morgungöngur Ferðafélags Íslands og VÍS 5. – 9. maí

Árlegar morgungöngur FÍ og VÍS eru nú haldnar 10. árið í röð. Fátt er betra en að byrja góðan dag með fjallgöngu og fylla lungun af fjallalofti fyrir verkefni dagsins. Ýmis fróðleikur og skemmtun í hverri göngu, auk morgunleikfimi. Göngurnar taka 2-3 klst.

Mánudagur 5. maí: Helgafell við Hafnarfjörð. Gangan hefst við Kaldársel.

Þriðjudagur 6. maí: Mosfell í Mosfellsdal. Gangan hefst við kirkjuna á Mosfelli.

Miðvikudagur 7. maí: Helgafell, Mosfellsdal. Frá bílastæði við gatnamótin í Mosfellsdal.

Fimmtudagur 8. maí: Vífilsfell við Sandskeið. Gangan hefst í malarnámi við rætur fjallsins.

Föstudagur 9. maí: Úlfarsfell. Frá bílastæði sunnan fellsins, við veg sem liggur upp á það.

Brottför: Kl. 6 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6. Hægt er að mæta beint á upphafsstað göngu.

Þátttaka ókeypis – allir velkomnir

Fararstjórar: Páll Guðmundsson og Auður Kjartansdóttir.





Jazz - Sófi 228 cm kr. 208.800



Jamaica - Sófi 230 cm kr. 229.900



Avignon - Sófi 208 cm kr. 189.900



Edge - 200x280 kr. 253.000



Leon - Sófi 245x153 kr. 262.200



Avignon - 237x258 kr. 366.400



Retro - Sófi 170 cm kr. 169.900



Vintage leður
Glasgow - Sófi 166 cm kr. 299.800



Amalfi - Sófi 244 cm kr. 294.800



Turtle hægingastóll kr. 239.000



Yumi - Sófaborð 130x65 kr. 55.800



Daphne armstóll kr. 99.400



Lund - Skenkur
kr. 136.500



Geymslubox
kr. 3.200 / 4.200



Pillar loftljós
kr. 21.900



Timeout Stóll + Skemill kr. 353.000

SVEFNSÓFAR



Unfurl Deluxe - Svefnsófi 120x200 kr. 129.900



Supreme - Svefnsófi 140x200 kr. 155.900



Clubber - Svefnsófi 115x210 kr. 148.700

40%
Afsláttur
nú kr. 89.000
örfá stk. til

LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

www.fi.is

Barnavagnavika FÍ og Ferðafélags barnanna

Gönguferðir með barnavagna og kerrur

Brottför: Kl. 12 alla daga vikunnar, 5. – 9. maí

Mánudagur 5. maí: Perlan

Þriðjudagur 6. maí: Ábæjarlaug

Miðvikudagur 7. maí: Gerðusafn Kópavogi

Fimmtudagur 8. maí: Nauthóll

Föstudagur 9. maí: Grasagarðurinn Laugardal

Hressandi ganga fyrir mömmur og pabba, afa og ömmur með léttum æfingum, teygjum og slökun.

Fararstjóri: Auður Kjartansdóttir

Þátttaka ókeypis – allir velkomnir



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is

Hundaskóli Heimsenda Hunda Grunn-Hlýðni byrjar 7 maí.

Fyrir alla hunda frá 4 mánaða aldri Uppl í síma 897 1992



www.hundaskoli.net

ÚTRÝMINGARSALA

Allt á að seljast vegna flutninga

Opið til kl 18.00 LAUGARDAG

50%

afsláttur af öllum vörum

Herra
hafnarfjörður

S. 572 3400

FJÖRÐUR

www.fjordur.is

ÁHUGAVERÐAR KVIKMYNDIR UM ELDGOS

„Í Volcano House sýnum við tvær mjög flottar kvikmyndir sem fjalla um eldgos á Íslandi. Fyrri myndin er um Surtseyjargosið, sem hófst árið 1963 og stóð í fjögur ár, og Heimaeyjargosið, sem hófst þann 23. janúar 1973.“



FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Hörður Gunnarsson rekur fjölskyldufyrirtækið Volcano House ásamt fleirum. Eigendurnir eru frá Vestmannaeyjum og hafa mikinn áhuga á náttúru Íslands.

MYND/VILHELM

ELDGIOS Á ÍSLANDI

VOLCANO HOUSE KYNNIR Í Volcano House við Tryggvagötu eru sýndar athyglisverðar kvikmyndir um eldgos á Íslandi, meðal annars frá Vestmannaeyjum. Þar er líka glæsileg steinasýning.

Volcano House er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 2011. Eigendur fyrirtækisins eru Vestmannaeyingar sem eiga það sameiginlegt að hafa mikinn áhuga á jarðfræði og náttúru Íslands. „Í Volcano House sýnum við tvær mjög flottar kvikmyndir sem fjalla um eldgos á Íslandi. Fyrri myndin er um Surtseyjargosið, sem hófst árið 1963 og stóð í fjögur ár, og um Heimaeyjargosið sem hófst þann 23. janúar 1973.“



SÁ ÞEGAR JÖRÐIN OPNAÐIST

Myndin sýnir á dramatískan hátt hvernig eyjaskeggjar brugðust við eldgosinu þegar það hófst skyndilega klukkan tvö að nóttu. Í henni sést þegar hús méléast í sundur undan fargi hraunsins og önnur kaffærast í ösku. Tekin eru viðtöl við fólk sem upplifði eldgosid og meðal annars er sýnt viðtal við mann sem sá þegar jörðin rifnaði fyrir framan hann og eldtungurnar teygðu sig í átt til himins.

Seinni myndin fjallar um eldgosid í Eyjafjallajökli árið 2010 en tökulid myndarinnar var tilnefnt til Emmy-verðlauna fyrir framúrskarandi myndatöku. Einnig er fjallað um eldgosid í Grímsvötnum 2011 og mörg önnur eldgos eins og í Kötlu og Heklu. Fjallað er um Skaftáreldagosið 1783 sem hafði gríðarleg áhrif á Íslendinga og einnig erlendis. „Báðar myndirnar voru framleiddar sérstaklega fyrir okkur í Volcano House og eru hvergi sýndar annars staðar,“ segir Hörður Gunnarsson, einn eigenda Volcano House.

PERSÓNULEG LEIÐSÖGN

Opið er í Volcano House alla daga vikunnar allt árið um kring og eru kvikmyndirnar sýndar á ensku á klukkustundar fresti frá klukkan tíu á morgnana til níu á kvöldin. Fyrir hverja sýningu er persónuleg kynning á jarðvirkni Íslands, flutt af starfsfólki Volcano House sem er sérmenntað í jarðfræði, landfræði, ferðamálafræðum og fleiru og svarar það spurningum gesta.

Frá 1. júní til 15. september eru sýningarnar á þýsku klukkan sex. Hægt

er að panta sérsýningu á frönsku og íslensku hvenær sem er.

GLÆSILEGIR STEINAR

Í Volcano House má einnig skoða glæsilega steinasýningu með steinum úr náttúru Íslands. „Við leggjum áherslu á að fólk snerti steinana og handfjatli þá,“ segir Hörður. Margir forvitnilegir steinar og marglitar holufyllingar eins og geislasteinar, ópál, jaspis og bergkristall eru í sýningarsalnum þar sem allir eru velkomnir og ekkert kostar að skoða.

ÖSKUSÝNI

„Þar erum við einnig með mikið af öskusýnum, meðal annars úr Eyjafjallajökli, Grímsvötnum og Vestmannaeyjum og 3.000 ára gamlan marglitan vikur úr Heklu. Hægt er að kaupa öskusýni í minjagripaverslun Volcano House ásamt mörgum öðrum skemmtilegum og áhuga-verðum vörum sem tengjast jarðfræði og eldvirkni. Flestar vörurnar eru úr heimi lista og hönnunar en einnig erum við með bækur sem tengjast jarðfræði og eldgosum á Íslandi.“

MIKILFENGLEGT

Hörður segir að kvikmyndirnar hafi verið gerðar fyrir Volcano House.

OPNUNARTÍMI

Volcano House er til húsa í Tryggvagötu 11 í Reykjavík og er opið frá 10 til 22 alla daga vikunnar, allt árið. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á volcanohouse.is



DÖGUN



Vélstjóri

Dögun ehf. leitar yfirvéltjóra á rækjuskipið RÖST SK-17. Leitað er að véltjóra með a.m.k. VS-III réttindi og með reynslu til sjós, helst sem yfirvéltjóri. Viðkomandi þarf að geta hafð störf sem fyrst.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, með tölvupósti til: hjalmar@dogun.is og olafur@dogun.is.

Nánari upplýsingar veita Hjalmar Vilhjálmsson og Ólafur Óskarsson í síma 588-7666.

Dögun ehf. var stofnað árið 1983. Fyrirtækið stundar rækjuvinnslu og útgerð, og er með aðsetur á Sauðárkróki.



Heilsugæslulæknir við Heilsugæsluna í Grafarvogi

Heilsugæslulæknir

Laust er til umsóknar starf heilsugæslulæknis við Heilsugæsluna í Grafarvogi frá 1. júní 2014 eða eftir nánara samkomulagi. Um 100% starf er að ræða, ótímabundið.

Á heilsugæslustöðinni eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt barnalækni, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, sálfræðingi, iðjuþjálfara, félagsráðgjafa og riturum. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

Helstu verkefni og ábyrgð

Starfssvið heilsugæslulækna er m.a.:

- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Kennsla nema

Hæfnikröfur

- Krafist er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum.
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Stéttarfélag er Læknafélag Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknis-menntun, læknisstörf, vísinda- og rannsóknarstörf. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Porkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið.

Sækja skal um starfið rafrænt á vefsíðu Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is) undir "laus störf" eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 19.05.2014

Nánari upplýsingar veitir:

Guðmundur Björgvinsson, staðgengill yfirlæknis Heilsugæslunnar í Grafarvogi - guðmundur.bjorgvinsson@heilsugaeslan.is s. 585-7600

HH Grafarvogi lækningar

Spönginni 35

112 Reykjavík

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta - Framþróun



VÍNBUÐIN

Starfsmaður í reikningshald

ÁTVR óskar að ráða starfsmann í reikningshald

Helstu verkefni og ábyrgð

- Bókun fjárhagsreikninga
- Afstemmingar og uppgjör
- Miðlun upplýsinga úr fjárhagskerfi
- Umsjón með uppáskriftakerfi
- Samskipti við viðskiptavini og birgja

Hæfnikröfur

- Menntun á sviði viðskiptafræði
- Reynsla af bókhaldi skilyrði
- Þekking á Dynamics NAV bókhaldskerfi kostur
- Góð kunnátta á Excel
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfni
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Jákvæðni og rík þjónustulund

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ - ÞEKING - ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lífandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Nánari upplýsingar veita

Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is
Inga Steinunn Arnardóttir, inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 16. maí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, vinbudin.is



HAGVANGUR

Ert þú sóknarmaður?

Kraftmikill sölumaður óskast til starfa

Við leitum að öflugum einstaklingi í sóknarsölu hjá vaxandi fyrirtæki.

Skipulagshæfileikar og metnaður til að ná árangri í starfi eru skilyrði fyrir ráðningu.

Starfssvið

- Kynning og sóknarsala á vörum til nýrra viðskiptavina
- Samskipti við verslunar- og innkaupastjóra verslana
- Markaðssetning og stefnumótun
- Lykilmaður í uppbyggingu heildsölusviðs

Eiginleikar og hæfniskröfur

- Árangursdrifinn einstaklingur með hæfileika í mannlegum samskiptum
- Hafi metnað í að kynna og selja vandaðar vörur og vörumerki
- Eigi auðvelt með að skipuleggja sókn í sölu og sjá ný tækifæri
- Búi yfir sjálfstæðum vinnubrögðum og skapandi frumkvæði
- Góð reynsla af sölu- og markaðsmálum eru skilyrði
- Menntun sem nýtist í starfi – háskólamenntun er kostur

Áhugasamir, sem vilja starfa hjá framsæknu fyrirtæki í góðum hópi og í skemmtilegu umhverfi, sendi umsókn með starfsferilskrá og mynd á atvinna@eirberg.is

Umsóknarfrestur er til 12. maí 2014.

Eirberg ehf. er innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki. Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf, stuðla að vinnuvernd og hagræði.



YFIRMATREIÐSLUMAÐUR

Tapas barinn óskar eftir atvinnumanni í matargerð

Viðkomandi þarf að hafa brennandi ástríðu fyrir mat, vera jákvæður, hafa reynslu af stjórnunarstörfum og eiga gott með að vinna undir álagi og í hóp.

Upplýsingar eru veittar í síma 895 7350 frá kl. 13-17 eða á bjarki@tapas.is



Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is



Nám í alþjóðlegum menntaskóla

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Starf sérfræðings á skrifstofu menntamála Mennta- og menningarmálaráðuneyti auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu menntamála. Nánari upplýsingar eru á Starfatorgi og á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

Umsóknarfrestur er til og með 21. maí 2014. Umsóknir gilda í sex mánuði.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 3. maí 2014.



EFTIRLITSMANNAÐUR Á VERNDARDEILD

Starfið: Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann á verndardeild á mannvirkja- og leiðsögusvið stofnunarinnar, aðallega á sviði flugverndar en einnig aðstoð við eftirlit á sviði siglingaverndar. Starfið felst einkum í undirbúningi eftirlits, vettvangsheimsóknnum, úttektum, prófunum og skoðunum á framkvæmd flugverndar/siglingaverndar en einnig innleiðingu nýrra krafna og uppfærslu handbóka stofnunarinnar á sviði flugverndar. Leitað er að starfsmanni sem á auðvelt með að setja sig inn í reglur og nýjar aðstæður og er tilbúinn að vinna í öguðu umhverfi. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi eða sambærileg menntun
- Þekking á flugvernd/siglingavernd er kostur
- Reynsla af eftirlitsstörfum
- Góð tölvukunnátta er nauðsynleg sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli nauðsynleg
- Frumkvæði, skipulögð, nákvæm vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf hjá Samgöngustofu þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín.

Umsóknarfrestur er til 19. maí 2014.

Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:

- á vefsvæði Samgöngustofu á síðunni www.samgongustofa.is
- senda umsókn (ferilskrá) með tölvupósti á netfangið atvinna@samgongustofa.is

eða

- senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang:

Samgöngustofa
Bt. Ólafar Friðriksdóttur
Pósthólf 470
202 Kópavogur

Nánari upplýsingar veitir Ágústa R. Jónsdóttir, deildarstjóri verndardeilda í síma 480 6000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Samgöngustofa áskilur sér rétt til þess að hafna öllum umsóknum. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Samgöngustofa er stjórnarsýslustofnun samgöngumála með um 160 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varða flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu.

Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á heimasíðu www.samgongustofa.is.

Samgöngustofa

Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is



www.hrafnista.is

HRAFNISTA REYKJANESBÆ

Sjúkraþjálfarar

Sjúkraþjálfara vantar á hjúkrunarheimilin Nesvelli og Hlévang í Reykjanesbæ.

Við leitum að einstaklingum sem hafa jákvætt viðmót og góða samskiptahæfileika, eru opnir fyrir nýjungum og tilbúnir að fara nýjar leiðir.

Hrafnista rekur heimilin eftir nýrri hugmyndafræði í öldrunarþjónustu þar sem rík áhersla er lögð á sjálfsákvörðunarrétt og þátttöku íbúa.

Starfshlutfall og vinnutími er samkomulagsatriði. Umsóknarfrestur er til 12. maí n.k.

Nánari upplýsingar:

Nanna G. Sigurðardóttir, sími: 693 9586, nanna.sigurdardottir@hrafnista.is
Soffía Egilsdóttir, sími: 693 9560, soffia.egilsdottir@hrafnista.is

Umsóknareyðublöð fást á www.hrafnista.is



STARF BYGGINGARFULLTRÚA

Garðabær auglýsir eftir einstaklingi til að sinna starfi byggingarfulltrúa. Leitað er eftir einstaklingi með háskólamenntun á sviði byggingarmála og með mikla reynslu á sviði byggingarmála.

Byggingarfulltrúi Garðabæjar hefur yfirumsjón með stjórnarsýslu byggingarmála. Byggingarfulltrúi hefur forystu um faglegan undirbúning á sviði byggingarmála á hverjum tíma, innleiðingu gæðakerfis og er bæjarráði til ráðgjafar á því sviði.

Byggingarfulltrúi ber m.a. ábyrgð á yfirferð byggingarnefndarteikninga, byggingareftirliti, skráningu mannvirkja, eftirliti með viðhaldi, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjalddöku og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi hlutaðeigandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2014.

Sækja þarf um starfið með því að fylla út umsókn á nýjum ráðningarvef Garðabæjar.

Umsókninni þarf að fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf þar sem umsækjandi gerir sérstaklega grein fyrir hæfni til starfins út frá ofangreindum hæfniskröfum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði skipulags- og byggingarmála sbr. 8 gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er skilyrði.
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum, byggingarreglugerð er æskileg.
- Reynsla af stjórnun er æskileg.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnarsýslu er æskileg.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði, framsýni og skipulagshæfni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Nánari upplýsingar veitir Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur s. 525-8500



Embassy clerk

The Embassy of Japan seeks capable, responsible, and flexible clerk (Secretary).

Basic conditions for application

- University degree
- Good knowledge of Iceland
- Language skills in Icelandic and English
- Good computer command
- Start of work in May 2014 and contract renewal every 2 years

CV should be sent to the following address until 14 May.

Laugavegur 182, 105 Reykjavík
Tel. 510-8600, Fax. 510-8605
e-mail. japan@rk.mofa.go.jp

Sölufulltrúi

Útgáfufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sölufulltrúum á Íslandi, Noregi og Danmörku. Um er að ræða sölu- og kynningastarf fyrir fjölda allan af ýmis konar ritum sem fyrirtækið gefur út, **sjá heimasíðuna www.sagaz.is**

Krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi. Reynsla af sölu- og kynningarmálum æskileg en ekki skilyrði. Árangurstengd þóknun í verktakaumhverfi. Umsóknir skulu sendar á netfangið: **umsokn@sagaz.is fyrir 9. maí nk.**

Ísloft Blikk & Stálsmiðja ehf.

Óskar eftir blikksmiðum, jámiðnaðarmönnum og vönum mönnum til starfa í fullt starf.

Um er að ræða fjölbreytt störf við blikk og málmsmíði bæði innan og utan verkstæðis.

Umsóknir sendist á isloft@isloft.is eða í síma 587 6666.



Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Kennari í dönsku í Kársnesskóla
- Kennari í ensku í Kársnesskóla
- Kennari á yngsta stig í Kársnesskóla
- Sérkennari í námsver Kópavogsskóla
- Umsjónarkennarar í Salaskóla
- Námsráðgjafi í Salaskóla
- Leikskólakennari á leikskólann Dal
- Sjúkraliði í dagþjálfun fyrir minnissjúka
- Starfsfólk á hæfingarstöð fyrir fatlaða
- Þroskaþjálfari á hæfingarstöð

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Mannauðsráðgjafi

Ertu að leita að starfi þar sem hæfileikar þínir fá notið sín?

Velferðarsvið óskar eftir að ráða öflugan mannaúðsráðgjafa til starfa í mannaúðsþjónustu sviðsins. Við bjóðum uppá fjölbreytt og krefjandi starf í metnaðarfullu starfsumhverfi, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín. Við bjóðum uppá þátttöku í þróun starfsumhverfis og verkefna. **Við leitum að starfsmanni í fullt starf sem getur hafið störf sem fyrst.**

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Skipulagning og stefnumótun símenntunar og starfsþróunar.
- Ráðgjöf við stjórnendur og fræðslufulltrúa vegna símenntunar og starfsþróunar.
- Ráðgjöf og kennsla varðandi starfsþróunarsamtöl og gerð símenntunaráætlana.
- Stuðningur, ráðgjöf og fræðsla til stjórnenda varðandi mannaúðstengd málefni.
- Stuðningur, eftirfylgd og ráðgjöf vegna vinnustaðagreininga.
- Umsjón og áætlanagerð í mannréttindamálum er varða mannaúðsmál.
- Þátttaka í vinnuhópum á sviði starfsmannamála bæði innan sviðs og borgarkerfis.
- Ýmis önnur verkefni sem lúta að því að gera starfsstaði velferðarsviðs að eftirsóknarverðum vinnustöðum.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannaúðsmála.
- Þekking og reynsla á sviði mannaúðsmála æskileg.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lóa Birna Birgisdóttir starfsmannastjóri, í síma 411-9024 eða með því að senda fyrirspurnir á loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf Umsóknarfrestur er til og með 18. maí nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI

annata

Annata óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf framkvæmdastjóra. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf hjá fyrirtæki sem starfar í alþjóðlegu umhverfi.

Starfssvið:

- Daglegur rekstur
- Stjórnun mannaúðs
- Stefnumótun og innleiðing stefnu
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Ábyrgð á sölu og þjónustu ásamt markaðsmálum
- Kynningar og sala til stærri viðskiptavina
- Verðlagning og samningagerð
- Upplýsingagjöf til stjórnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskipta-, verk- eða tölvunarfræði eða sambærilegum greinum
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Reynsla af rekstri og stjórnun
8	9	6	5	2	3	1	4	7	2	3	7	1	6	8	4	5	9	7	4	2	8	5	1	9	3	6	
3	6	2	7	8	5	9	1	4	6	9	2	5	3	7	8	1	4	2	8	6	3	7	5	4	9	1	
9	1	7	3	4	6	2	5	8	3	7	5	8	1	4	9	6	2	3	7	4	1	9	8	6	5	2	
4	8	5	9	1	2	7	3	6	4	1	8	9	2	6	3	7	5	5	1	9	6	4	2	3	7	8	

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Talið þegar þið eruð reið og þið munuð halda bestu ræðu sem þið sjáið eftir.“

Ambrose Bierce

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. ofsi, 6. frá, 8. skjön, 9. nafar, 11. strit, 12. brellur, 14. rusl, 16. upp-hrópun, 17. rjúka, 18. blóm, 20. tveir eins, 21. hvæs.

LÓÐRÉTT

1. plat, 3. í röð, 4. verða fyrir tjóni, 5. rénun, 7. fyrirhyggja, 10. ástæður, 13. kvk nafn, 15. fálma, 16. heyskaparam-bod, 19. Sjó.

LAUSN

patá, 1. orf, 19. sá. 5. lát, 7. forsjón, 10. rök, 13. gró, 15. LÓÐRÉTT: 1. gabb, 3. rs, 4. skabast, ósa, 18. rós, tt, 21. fnaes. 11. at, 12. brögð, 14. skrap, 16. o, 17. LÁRÉTT: 2. aersl, 6. at, 8. ská, 9. bor,

SKÁK

Gunnar Björnsson

Guðmundur Agnar Bragason (1.321) vann Hilmi Frey Heimisson (1.749) í yngri flokki Landsmótsins í skólaskák.

Hvítur á leik:



21. Bxd4! exd4 22. Hxe6! fxe6 23. b5! Dxa3 24. Dxc8+ Kf7 25. Dxc7+ Re7 26. Df4+ og hvítur vann nokkru síðar. Guðmundur var efstur ásamt Vigni Vatnari eftir 5 umferðir með fullt hús. Oliver Aron og Jón Kristinn voru efstur, einnig með fullt hús, í eldri flokki. www.skak.is: Landsmótið í skólaskák um helgina.

Gjafakort Miðborgarinnar okkar

Fáanlegt í bókaverslunum
miðborgarinnar

Vorið er mætt í miðborgina

LANGUR LAUGARDAGUR 3. MAÍ

Það er vor í lofti í miðborginni. Þú finnur réttu útskriftargjöfina á rölti milli fjölbreytilegra verslana, nýtur veðurbliðunnar og gæðir þér á kræsingum eða kaffidrykkjum. Geimverur úr EVE-veröldinni verða á ferli og söngelskar lóur eru sérstaklega velkomnar. Yfir 300 verslanir og veitingahús í sérflokki.

Vertu þar sem hjartað slær.

Trío Tómasar Jónssonar kemur fram:

13:30 – Barónstorgi, Laugavegi 77

14:30 – Laugatorgi, Laugavegi 59

15:15 – Skólatorgi, Skólavörðustíg 2

Miðborgin í maí:

1. - 3. maí Eve Online Fanfest

19. - 24. maí Raflost raftónlistarhátíð

22. maí - 5. júní Listahátíð í Reykjavík

Vesturgata
Ráðhúsið
Kolaport
Traðarkot
Vítatorg
Stjörnuport
Bergstaðir



MIBBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
— WWW.MIBBORGIN.IS —



MENNING

AUKIN ÞJÓNUSTA!

Við komum til móts við þarfir viðskiptavina okkar og höfum opið í dag í Skeifunni. Nýttu tækifærið og komdu í skoðun. Heitt könnunni.

OPIÐ Á LAUGARDAG Í SKEIFUNNI

Pú gætir eignast nýjan Skoda Citigo ef þú drífur bílinn í skoðun!

Þeir sem koma með bílinn í skoðun hjá Frumherja eiga möguleika að eignast stórglæsilegan Skoda Citigo sem verður dreginn út þ. 1. júlí 2014.

Opið kl. 09:00-14:00

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



ÁSHILDUR HARALDSDÓTTIR Býður fólki í tónleikaferðalag um Vesturbæinn í strætó.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikur sex tónverk um strætisvagna

Nýstárlegir tónleikar fara fram um borð í strætisvagni í dag. Þar leikur Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari sex verk sem öll tengjast strætó og hjóðheimi hans.

„Ég var um síðustu helgi að spila fjögur verk sem voru öll samin sérstaklega fyrir mig og byggð á hljóðum úr strætó og hugmyndum um strætisvagna, eftir nemendur Atla Ingólfssonar við Listaháskólann,“ segir Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari, sem býður í samstarfi við Strætó upp á hringferð um Vesturbæ Reykjavíkur í dag klukkan 16. „Fyrir algjöra tilviljun var ég síðan beðin að spila annað verk um strætó á morgun og mér fannst það svo merkilegt að eftir að hafa spilað á flautu í fjóru tíu ár skyldi allt í einu koma vika þar sem ég er að spila sex lög um strætó. Þannig að mér fannst langeðlilegast að spila þetta í strætisvagni. Strætó lánar bílstjóra og vagn og þetta verður lítið tónleikaferðalag sem fólk getur annaðhvort setið allan tímann eða hopp-

að inn og út á mismunandi stöðum. Og það kostar ekkert inn.“

Verkin eru eftir þá Daniel Helgason, Hrafnel Flóka Kaktus Einarsson, Þorkel Nordal og Örnólf Eldon Þórrsson. Auk þeirra leikur Áshildur eigið verk, „Hugljómun í leið 1“, og „Viva Strætó“ eftir Skúla Halldórsson, fyrrverandi skrifstofustjóra Strætós sem hefði orðið hundrað ára í ár. „Skúli var líka tónskáld og formaður STEFs, var með píanó á skrifstofunni sinni hjá Strætó og greip í það þegar andinn kom yfir hann,“ útskýrir Áshildur. „Og á sunnudaginn eftir viku munum við minnast hans með minningartónleikum í Hannesarholti þar sem auk mína koma fram Ágúst Ólafsson söngvari og Eva Þyrí Hilmarsdóttir píanóleikari og við flytjum eingöngu lög eftir Skúla.“

fridrikab@frettabladid.is

Tilhögun ferðalagsins

Tónleikagestir eru boðnir um borð í strætó og stoppað er á ólíkum stöðum þar sem hvert verk er leikið við nýjar aðstæður. Lagt verður af stað klukkan 16 frá Lækjargötu við Miðbæjarskóla, gegnt Vonarstrætinu, og haldið af stað um Vesturbæ Reykjavíkur. Einnig verður hægt að hoppa um borð á eftirfarandi stöðum:

Lagt verður af stað klukkan 16 í dag frá Lækjargötu, gegnt Vonarstræti.

1. stopp á Hofsvallagötu.

2. stopp á Framnesvegi við Vesturbæjarskóla.

3. stopp á Vesturgötu við enda Bakkastígs.

4. stopp við Túngötu, enda Ægisgötu.

Endastöð á Lækjargötu.



NORRÆNA HÚSIÐ SUNNUDAGINN 4. MAÍ KL. 12–16:

VATNSMÝRARHÁTÍÐ

– TÍLEINKUÐ NÁTTÚRU LANDSINS, BÖRNUM OG VÍSINDUM

SIRKUSATRÍÐI

LOKAVIÐBURÐUR
BARNAMENNINGARHÁTÍÐAR

SKOTTMARKAÐUR

ÚTILEIKIR

VÍSINDI

FUGLASKOÐUN

SÖGUSTUND Í ÞJÓÐMINJASAFNI

SÁPUKÚLUR OG KRÍTAR

TÓNLISTARATRÍÐI

DAGSKRÁ:

- 12.00–13.00 Finnsla barna-teiknimyndin Sju bróðir sýnd með enskum texta í salnum.
- 12.30–13.30 *Fisk í dag* með Sveini Kjartanssyni og fleirum við Gróðurhúsið.
- 12.00–16.00 Hjólafermi frá Dr. Bæk á malarplani við Norræna húsið
- 12.00–16.00 Skottmarkaður á bílastæði Norræna hússins. Geymt en ekki gleymt dót kemst í nýjar hendur.
- 12.00–16.00 Vísindasmiðja Háskóla Íslands í Háskólabíói.
- 12.00–17.00 Kaffiveitingar til sölu á AALTO BISTRO – nýr veitingastaður í Norræna húsinu sem opnar formlega 10. maí n.k.
- 12.00–17.00 Bókasafn Norræna hússins býður upp á örbókamarkað, sögustundir og sýningu á verkum leikskólabarna í Barnahelli (Barnabókasafnið).
- 12.30–13.00 Klarínnettukórinn treður upp í Gróðurhúsinu.
- 13.00–13.30 Leidsögn um friðlandið með Fuglafræðingi. Hefst á tröppum Norræna hússins.
- 13.30–14.30 Djasstónlist við Gróðurhúsið
- 13.00–14.30 Sirkuskunstir með Sirkus Íslands, börnin fá að prófa og læra sirkusatriði á grasflötinni við Norræna húsið.
- 14.00 Álfasögur í Silfurhelli á Þjóðminjasafni Íslands.
- 14.00–15.00 Upplestar og píanótónlistin úr Amélie kvikmyndinni. Ungskáld lesa úr verkum sínum og ungur píanóleikari spilar píanótónlist úr Amélie og fleiri verk. Dagskráin fer fram í salnum.
- 14.30–15.00 Sirkus Íslands með sirkusatriði á grasflöt Norræna hússins.
- 15.00–16.00 Getur tedrykkja hjálpað okkur að skilja loftslagsbreytingar? Já, og getur þú aðstoðað okkur? Fer fram við Gróðurhúsið.
- 15.00–15.30 Dansgjörningur frá Finnlandi í sýningarsal Norræna hússins í sýningu Lista án landamæra.
- 15.00–16.00 Brasstónlist í Gróðurhúsinu.

Norræna húsið Sturlugata 5 101 Reykjavík Tel. 5517030 www.norraenahusid.is

NORRÆNA HÚSIÐ

Hreyfiljóð fyrir börn

DANS ★★★★★

Fetta Bretta og Óður og Flexa reyna að fljúga

Assitej barnaleiklistarhátíð

Fetta Bretta

Danshöfundur: Tinna Grétarsdóttir

Tónlist: Sólrún Sumarliðadóttir

Leikmynd og búningar: Guðný Hrund Sigurðardóttir

Flytjendur: Snædís Lilja Ingaóttir og Inga Maren Rúnarsdóttir

Óður og Flexa reyna að fljúga

Höfundar og flytjendur: Hannes Þór Egilsson og Þyrí Huld Árnadóttir

Sviðsmynd og búningar: Þyrí Huld Árnadóttir

Tónlist: Klassísk tónlist eftir meðal annars Grieg og Beethoven

Aðstoð við leikstjórn: Benedikt Karl Gröndal

Á verkalýðsdaginn sjálfan var boðið upp á tvö dansverk í Tjarnarbió, á vegum barnaleikhúshátíðarinnar Assitej, þau Fetta Bretta og Óður og Flexa reyna að fljúga en bæði eru verkin ætluð ungum áhorfendum. Undirrituð og fylgi-sveinn hennar voru sammála um að hið fyrrnefnda væri fyrir litlu krakkana, allt upp í 1. til 2. bekk í grunnskóla, en hið seinna gæti vel gengið fyrir krakka allt upp í 5. bekk. Þannig rímar lengd sýninganna, 30 mínútur hvor, vel við athyglisspan barna – og margra fullorðinna – og val á viðfangs-efni og tónlist og öll umgjörð bera þess merki að höfundar eru meðvitaðir um fyrir hverja þeir voru að semja. Börn hafa verið afskiptur hópur innan dansins um nokkurt árabil. Það er því gleðilegt að danslistamenn skuli horfa með

virðingu til þessa hóps áhorfenda þótt sýningarnar séu reyndar báðar svo vandaðar og vel útfærðar að „börn“ á öllum aldri geta notið þeirra.

Fetta Bretta er fallett verk þar sem tónlist, hreyfingar, búningar og leikmyndin skapa saman spennandi ævintýraheim. Í upphafi „fæðast“ Fetta og Bretta eins og út úr leikmyndinni, í fyrstu eins og einn líkami en smátt og smátt finna þær sína eigin tilvist og leika sér að lokum saman með leikmyndina. Í fyrri hlutanum flæddu fram hrifandi hreyfingar og myndir skapaðar úr líkómum dansaranna í sterku samspili við tónlistina. „Sjáðu hvernig ég kom“ stemning var ráðandi og virtust áhorfendur alveg með á nótunum og fylgdust spennir með hvað myndi gerast næst. Í seinni hlutanum fékk leikmyndin stærra hlutverk og vinkonurnar tóku að byggja upp hallir og heima úr marglitum risavöxnum svampkubbum mismunandi í laginu. Þá færðist meira fjör í leikinn en ævintýraljóminn minnkadi. Áhorfendur virtust þó ekkert síður kunna að meta skemmtileg uppátæki þeirra stallsystra með kubbana. Að verkinu loknu fengu minnstu áhorfendurnir að fara upp á svið og leika sér í leikmyndinni. Þannig héldust hin sterku tengsl á milli verksins og áhorfenda út fyrir endamörk þess.

Óður og Flexa reyna að fljúga er frumraun Þyríar og Hannesar í barnaleikhúsgærd og lofar verkið vægast sagt góðu. Það er ótrúlega skondið og skemmtilegt þótt efnið sé ósköp einföld saga af tveimur krökkum að leik. Umgjörð verksins var ekki síður einföld, einn stór sófi á sviðinu sem þó var ekki allur þar sem hann var séður. Einlægni



ÓÐUR OG FLEXA REYNA AÐ FLJÚGA

„Þyrí og Hannes gátu skapað óborganlegt „hreyfiljóð“ vegna þess hve vel þau þekkja tjáningarmátt líkamans.“

MYND/ÁSGEIR HELGI MAGNÚSSON



VÖLUNDARHÚS Hjarta verksins er Völundarhús með blaktandi tjöldum.

Sýning um völundarhús

Skapandi samtal við blaktandi tjöld völundarhúss nefnist sýning sem opnuð verður í Norræna húsinu klukkan 15 í dag. Sýningin er sett saman úr mörgum listgreinum og er samvinnuverkefni finnskra og íslenskra listamanna. Innsetning Karls Guðmundssonar og Rósu Júlíusdóttur, Völundarhús, er hjarta sýningarinnar. Hinir listamennirnir tengja listaverk sín með skapandi samtali við blaktandi tjöld Völundarhússins.

Nú um helgina mun danshópurinn Kaos Company frá Finnlandi sýna dansgjörning sem tengist verkinu en auk þeirra eiga þau Katja Juhola, Tony Remy, Mari Krappala og Laura Miettinen þátt í sýningunni.

Sýningin er opin til 18. maí á opunartíma Norræna hússins.

einkenndi verkið og bar persónusköpunin vott um virðingu fyrir áhorfendum, börnum á svipuðum aldri og persónurnar. Tónlistin í verkinu var snilldarlega valin. Lög stóru klassísku meistaranna pössuðu fullkomlega við athafnirnar á sviðinu. Líkamleg færni dansaranna var líka aðáunaverð. Rétt eins og Þórarinn Eldjárn getur samið óborganleg ljóð

fyrir börn vegna þess hve mikið vald hann hefur á tungumálinu þá gátu Þyrí og Hannes skapað óborganlegt „hreyfiljóð“ vegna þess hve vel þau þekkja tjáningarmátt líkamans.

Sesselja G. Magnúsdóttir

NIDURSTAÐA: Báðar sýningarnar voru vandaðar og vel útfærðar og báru vott um virðingu höfunda fyrir áhorfendum sínum.

Work with cutting-edge web technologies

Web Developers

The InfoMentor development team make our products a reality. As one of our new developers, you will be working with cutting-edge web technologies to develop and refine our responsive solutions.

The successful candidates will demonstrate experience and skills in either front-end development (HTML5, CSS3 and Javascript frameworks such as jQuery and Knockout) or back-end development (C# ASP.NET, .NET MVC, NHibernate and SQL Server). Whilst not expected to be fully experienced in all areas, candidates will be willing to learn and adapt.

User Experience Designer

As a UX designer with InfoMentor, you will be responsible for ensuring that our products are useful, usable and engaging for our users. You will be getting under the skin of our users to help our analysis team to better understand their needs and demands. You will architect the information and navigation structures of our products, and create their visual design and user interactions, seeing your concepts through to implementable designs which will wow our existing and potential customers.

InfoMentor has development offices in Iceland and Exeter, UK. You will join a vibrant group of developers, analysts, marketers and sales colleagues. For further information about any of these posts contact Auðunn Ragnarsson (e-mail: audunn@mentor.is or call +354 895 0057). Please send applications to starf@mentor.is



About us

InfoMentor provides systems and knowledge to schools across Europe, helping them to achieve more – and prove it!

Thousands of head teachers, teachers, pupils and parents log in to our system every day. More than 1,000 schools in five countries are using our solution to create the right conditions for learning.

Employing nearly 50 people across 5 countries we are a strong, dynamic and successful organisation that is ready to expand within our existing markets and into new markets. Can you help us to realise this ambition?

All pupils should reach their goals! | www.infomentor.co.uk



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Opið laugardag 10:00-18.00



298
kr. 75g

Bónus **Klettasalát** 75g
Upprunaland Ítalía



398
kr. 200g

Bónus **Spinat** 200g
Upprunaland Spánn



398
kr. 125g

Bónus **Lambhagablanda** 125g



598
kr. kg



239
kr. 770g



300 kr.
VERÐLÆKKUN

998
kr. kg.

Heimilisostur 300 kr. verðlækkun
OS Heimilisostur 300 kr. verðlækkun pr.kg. Verð áður 1298 kr.kg



1598
krónur kg.

BÓNUS BACON



698
kr. 24 stk

Bónus **Íspinnakassi** 24 stk.



198
kr. 225g



698
kr. 9 rúllur

BÓNUS Salernispappír **9 rúllur x 250 blöð**



498
kr. 8 stk.

Cobana **Ístoppar** 8 stk. x 120ml



79
kr. 330ml

Kók í bauk. 330 ml. 79.kr. stk



298
kr. 4 stk

Bónus **Kjallarabollur m/osti**



69
kr. 250ml



198
kr. 1.5 ltr.


198
kr. 2 ltr.

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

BONUS EKKERT BRUÐL



Opið laugardag **10:00-18.00**



FRANSKAR BOKUNAR KARTÖFLUR

179
kr. kg.

FRANSKAR BÖKUNARKARTÖFLUR

Gott á grillið
Kryddlegnar grísakótleittur að hætti grillmeistarans

1198
krónur kg.

Grillmeistarinn **Grísakótleittur**

Hrásalat
350 gramma

198
kr. 350g.

BÓNUS **Hrásalat** 350g

FRANSKAR PREMIUM KARTÖFLUR

179
kr. kg.

FRANSKAR PREMIUM KARTÖFLUR Í LAUSU

BÓNUS GRÍSAKÓTILETTUR & GRÍSAHNAKKI

BÓNUS

1198
krónur kg.

BÓNUS **Kryddaðar grísakótleittur**

BÓNUS

1198
krónur kg.

BÓNUS **Kryddaðar úrb. grísaahnakkasneiðar**

BRASÍLSKAR
GRILL-GRÍSAKÓTILETTUR
ÚRBEINADAR

1398
krónur kg.

KJARNAFÆÐI Kryddlegnar **Grísakótleittur úrb.**

KJARNAFÆÐI

1398
kr. kg

KJARNAFÆÐI **Íslenskt heiðalamb með villtum íslenskum kryddjurtum**

2013 SLÁTRAD

1498
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum **FROSID**

1598
kr 10 stk. 120g

Kjarnafæði **10 Frosnir nautgripahamborgarar 120g**

Hunt's
IMPROVED RECIPE!
HUNTS ORIGINAL BBQ SAUCE

198
kr. 510ml

Frábær á grillið

1359
kr. 700gr

Úrbeinuð frosin **Dönsk kjúklingalæri 700g**

BÓNUS
VINARPYLSUR

359
kr 10 stk.

BÓNUS **Vínar-Pylsur 10 stk. / 485g**

87% KJÖT

Pólskar
PYLSUR
KJARNAFÆÐI

298
kr. 5 stk./360g

Íslenskur lax

1898
kr. kg

Norðanfiskur **Laxabitar frosnir og beinhreinsaðir**



Rólegheit á Café Rosenberg

Tónlistarkonan Lay Low blæs til tónleika á Café Rosenberg í kvöld en hún er að setja sig í girinn fyrir vorið og sumarið þar sem hún mun spila á Bretlandseyjum. Nýtt tónlistarmyndband kom út á dögunum.

„Við ákváðum með mjög stuttum fyrirvara að halda þessa tónleika,“ segir Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir um tónleika sína á Café Rosenberg í kvöld.

„Það var bara akkúrat laust þetta kvöld og við erum að fara út að spila á næstunni þannig að þetta er svona ágætis upphitun fyrir það,“ segir Lovísa sem kemur vanalega fram undir sviðsnafninu Lay Low. „Það er langt síðan ég hélt svona alvöru tónleika í Reykjavík, ég hef svona verið að taka eitt og eitt lag hér og þar,“ segir Lovísa sem kemur

fram ásamt hljómsveit sinni.

„Það er skemmtilegt fyrir okkur að hittast og spila saman, fólk veit vanalega ekki hvort ég muni koma fram ein eða með hljómsveit,“ segir Lovísa og hlær. „En yfirleitt er hljómsveitin með.“ Lovísa flutti síðasta haust í Ólfus sem er staðsett á milli Hveragerðis og Þorlákshafnar ásamt sambýliskonu sinni.

„Mér hefur alltaf liðið vel í rólegheitum og við kunnum mjög vel við okkur hérna,“ segir Lovísa. „Við filum að vera með mikið pláss, ég er með svo mikið af tón-

listardóti og trommuset sem tekur mikið pláss. Þá er svo erfitt að búa í litlu rými í bænum þegar maður getur fengið stærra rými á sama verði,“ segir Lovísa.

Tónlistarkonan segist vera að koma sér í girinn fyrir vorið og sumarið en tónlistarmyndband við lagið hennar Our Conversations kom út á dögunum. „Við erum svona að vekja athygli á því og bara hafa gaman, það er alltaf gaman að spila,“ segir Lovísa.

Eins og áður hefur komið fram þá eru tónleikarnir á Rosenberg klukkan hálf tíu og hvetur Lov-

„Mér hefur alltaf liðið vel í rólegheitum og við kunnum mjög vel við okkur hérna.“

ísa áhugasama um að tryggja sér miða á midi.is. „Þetta er ekkert rosalega stór staður, annars getur fólk sem kaupir ekki miða fyrir fram komið yfir og kíkt á stöðuna og séð hvort það sé ekki eins og einn laus stóll.“



GIGG Í KVÖLD Lay Low kemur fram á Café Rosenberg í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FISKAFFJÖR Í DÝRARÍKINU UM HELGINA

GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF FLOTTUM FISKABÚRUM Á EINSTÖKU TILBOÐI



GERÐU FRÁBÆR KAUP!

50-60%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FISKABÚRUM UM HELGINA



20%

AFSLÁTTUR AF FISKUM UM HELGINA



GÆÐIN SKIPTA MÁLI

ferplast

EHEIM aquastar

DÝRARÍKIÐ

Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins

Sími 568 66 68

Opið 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

LAUGARDAGUR 03. MAÍ 2014

Tónleikar

14.00 Sunnudagaskólinn syngur. Litháski sunnudagaskólinn kemur fram undir stjórn Renötu Pratusyte í Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15.

16.00 Kirkjukór Lágafellssóknar verður með dagskrá um Halldór Laxness í tali og tónum í Akureyrarkirkju. Einsöngvarar verða Margrét Árnadóttir og Ívar Helgason og er aðgangur ókeypis.

21.00 Straumur heldur sinn fyrsta sumarfögnuð í samstarfi við Joe & the Juice og S.U.M.A.R.(Samtök um matseld annarra ríkja) á Kexi Hosteli. Kanadíska hljómsveit Phédre kemur þar fram ásamt samlanda sínum Ken Park og hinum íslensku Nolo. Aðgangur er ókeypis.

Fræðsla

12.00 Hvað býr í Heimunum og Vogunum? Bókmenntaganga fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Gangan leggur upp frá Sólheimasafni, Sólheimum 27.

14.00 í telfni af frímerkjasýningunni Merkileg merki í Gerðubergi er börnum og fylgdarmönnum þeirra boðið að koma og kynnst leyndardómum frímerkja í spennandi listsmiðju.

14.00 Náttúran vaknar. Náttúruganga um Laugardalinn. Gangan leggur upp frá Sólheimasafni, Sólheimum 27.

Sýningar

15.00 Opnun sýningar á álfabókum Guðlaugs Arasonar í Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15.

15.00 List án landamæra í Norræna húsinu. Sýningin er sett saman úr mörgum listgreinum og er samvinnuverkefni finnskra og íslenskra listamanna. Innsetning Karls og Rósu, Völundarhús, er hjarta sýningarinnar. Danshópurinn Kaaos Company mun verða með gjörning á opnuninni. Þar dansa saman fatlaðir og ófatlaðir dansarar.

16.00 Afmæli Pandóru. Látbragðsleikur Lauru Roure í Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15.

20.00 Ragnheiður Gestsdóttir opnar sýningu á nýjum verkum í Kunstschlager við Rauðarárstíg. Sýningin ber titilinn Mikli hvellur - algjör smellur, en þar vísar Ragnheiður í hugmyndir manna um uppruna heimsins eins og við þekkjum hann. Öll eiga verkin á sýningunni það sameiginlegt að vísa í ákveðið sjónarhorn eða hugmyndafræði sem mennirnir meira og minna hafa sameinast um á ákveðnum tímabilum sögunnar.

Kvikmyndir


16.00 Stuttmyndapakkur fyrir börn á öllum aldri. Um er að ræða tólf teiknimyndir frá átta löndum. Tíu myndir eru án tals, ein með örlitlu ensku tali og ein á spænsku með íslenskum texta. Dagskráin er alls 84 mín og hentar öllum aldursþópum. Á svæðinu verða kúrudyrr þeirra Andra og Eddu á vappinu í Bíó Paradís til að heilsa upp á börnin.

Bókmenntir

15.00 Sýningin Álfabækur verður opnuð í Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15, og er það Guðlaugur Arason bóklistamaður sem er höfundur verkanna á sýningunni. Guðlaugur er þekktur fyrir ritstörf sín en að þessu sinni notar hann bækur annarra höfunda. Sýningin ber nafn með rentu því þar gefur á að líta örsmáar bækur sem nánast þarf stækkunargler til að skoða. Boðið verður upp á kaffi og álfakleinar.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

KREDITKORT



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SUNNUGAGUR 04. MAÍ 2014

Tónleikar

16.00 Síðustu tónleikarnir í tónleikaröðinni Klassík í Salnum. Þá munu sópran-söngkonan Sigrún Pálmadóttir og píanóleikarinn Sibylle Wagner flytja efniskrá með sönglögum eftir Clóru Schumann og canzonettum eftir Joseph Haydn.

17.00 Tónleikarnir Enn syngur Vornóttin verða fluttir í Bústaðakirkju. Fram koma Söngfuglar og Glæðurnar. Flutt verða létt og skemmtileg sönglög. Stjórnandi og undirleikari er Ásta Haraldsdóttir. Fiðuleikari er Eva Hauksdóttir. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en ókeypis fyrir börn 12 ára og yngri.

17.00 Vortónleikar Kammerkór Mosfellsbæjar í Háteigskirkju. Flutt verður fjölbreytt tónlist eftir afar ólík tónskáld frá ýmsum tímum, þar má nefna hið alþekkt lag Sigur Rósar, Vöku, í útsetningu kórstjórans, Símonar H. Ívarssonar. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

17.00 Listvinafélag Hallgrímskirkju stendur fyrir tónleikum í Hallgrímskirkju undir yfirskriftinni Að Jesú æðsta ein móðir glæsta þar sem sönghópurinn Hljómeyki flytur verk eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson ásamt hljóðfæraleikum og Hildigunni Einarsdóttur mezzosópran. Stjórnandi er Marta Guðrún Halldórsdóttir.



Listasmiðja

14.00 Steinamálun í Ársafni undir leiðsögn Auðar Ingu Ingvarsdóttur.

Fræðsla

11.00 Fjölskrúðugt fuglalífið í Laugardal skoðað á göngu um garðinn í samstarfi við Fuglavernd. Um leiðsögn sjá Hannes Þór Hafsteinsson náttúrufræðingur og Aron Leví Beck fuglarannsóknarmaður. Gangan hefst við aðalinngang garðsins.

Sýningar

14.00 Afmæli Pandóru. Látbragðsleikur Lauru Roure í Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15.

Kvikmyndir

20.00 BDSM á Íslandi, í samvinnu við Bíó Paradís, standa fyrir lítilli kvikmyndahátíð eða BDSM-bíókvöldi. Sýndar verða 6 stuttmyndir sem fjalla um BDSM, erótskt blæti, draumóra, og transfólk. Í raun mætti segja að þær gefi innsýn í þaðarmenningu óhefðbundins kynlífs og kynvitundar. Þetta er í fyrsta skipti sem BDSM á Íslandi heldur slíkt bíókvöld en Fetish Film Festival bauð félaginu tækifæri til að sýna nokkrar myndir frá hátíðinni.

Listahátíð

12.00 Vatnsmýrarhátíðin er haldin að frumkvæði Norræna hússins í samstarfi við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafnið. Flest atriði hátíðarinnar fara fram utandyra við Norræna húsið. Skóflur og fötur á staðnum til að setja í sandkassa, krítar og sápuklútur og svo er tilvalið fyrir gesti að taka með sér flugdrekka því við Norræna húsið blæs hann oft kröftulega. Dr. Bæk verður á staðnum til að yfirfara hjólin og athuga hvort þau séu nú ekki tilbúin í sumarið.

12.00 Skottmarkaður á bílastæði Norræna hússins. Geymt en ekki gleymt dót kemst í nýjar hendur. Viðburðurinn er hluti af dagskrá Vatnsmýrarhátíðarinnar.

13.00 Sirkuskúntir með Sirkus Íslands, börnin fá að prófa og læra sirkusatriði á grasflötinni við Norræna húsið. Viðburðurinn er hluti af dagskrá Vatnsmýrarhátíðarinnar.

Bókmenntir

15.00 Örleifur og hvalurinn. Ljóðið um Örleif og hvalinn eftir Julian Tuwin verður flutt á pólsku og íslensku kl. 15.00 í Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15.

16.00 Dagskrá í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105, þar sem kynnt verður glæný útgáfa á þýðingum Áslaugar Agnarsdóttur, sviðstjóra við Landsbókasafnið, Háskólabókasafn, á skáldsögum Lév Tolstojs sem byggja að miklu leyti á minningum frá uppvaxtarárum skáldsins. Áslaug flytur skýringar og les upp ásamt Hjalta Rögnvaldssyni leikara. Aðgangur öllum heimill.

Dansleikir

20.00 Dansað verður í félagsheimili eldri borgara í Stangarhyl 4 í Reykjavík. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 kr fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

Listamannspjall

15.00 Björn Roth, sýningarstjóri, sonur og samstarfsmaður Dieters Roth, spjallar við gesti um sýninguna Hnallþóra í sólinni í Hafnarborg í Hafnarfirði. Hnallþóra í sólinni er sýning á úrvali prent- og bókverka eftir Dieter Roth.

Dans

15.00 Dansgjörningur frá Finnlandi í sýningarsal Norræna hússins í sýningu Lista án landamæra.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Inntökupróf í Læknadeild HÍ Læknisfræði og sjúkráþjálfun

Inntökupróf í Læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkráþjálfun verður haldið í Reykjavík miðvikudaginn 11. og fimmtudaginn 12. júní 2014.

Nánari upplýsingar verða sendar próftakendum eftir að skráningu er lokið. Þátttakendur þurfa að skrá sig sérstaklega í inntökuprófið og er skráning opin til og með 20. maí 2014. Skráning fer fram á netinu, www.laeknadeild.hi.is Próftökugjald er 20.000 kr.

Þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru samþæfilegu prófi og skilað inn staðfestingu því til sönnunar. Umsóknin telst því ekki gild fyrr en staðfest afrit af stúdentsprófsskírteini eða rafrænt stúdentsprófsskírteini úr *Innu* hefur borist skrifstofu Nemendaskrár Háskóla Íslands, Háskólatorgi, Sæmundargötu 4, 101 Reykjavík.

Skráning í inntökuprófið getur farið fram þótt nemandi hafi ekki lokið stúdentsprófi en þá skal skila staðfestingu til Nemendaskrár Háskóla Íslands um að stúdentsprófi verði lokið áður en inntökupróf hefst. Staðfesting þarf að berast eigi síðar en 20. maí 2014.

Inntökuprófið er eitt próf sem tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próflotum hvorn daginn, eða 12 klst. alls. Niðurstaða prófsins birtist í einni einkunn sem verður reiknuð með tveimur aukastöfum. Reiknað er með að niðurstaða liggja fyrir ekki síðar en um miðjan júlí.

Árið 2014 fá 48 nemendur í læknisfræði og 35 í sjúkráþjálfun rétt til náms í Læknadeild Háskóla Íslands og skulu þeir hafa skræð sig hjá Nemendaskrár fyrir 1. ágúst. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í Læknadeild, eiga þess kost að skrá sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér nánari upplýsingar um prófið og dæmi um prófspurningar sem finna má á heimasíðu Læknadeildar, www.laeknadeild.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Vissir þú að...

Það er bannað að misræna börnum eftir litar hetti



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Kynntu þér kostina
á kreditkort.is

Kortid sem kemur þér út





Aðalfundur Hlaðvarpans ehf.

Aðalfundur Hlaðvarpans ehf., menningar- og styrktarsjóðs kvenna, verður haldinn miðvikudaginn 14. maí 2014 kl. 17 í Hannesarholti við Grundarstíg 10.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa verða slit félagsins rædd og breytingar á samþykktum þess vegna. Menningarsjóður Hlaðvarpans úthlutar í síðasta sinn um næstu áramót.

Tillögur til breytinga á samþykktum eru kynntar á heimasíðu sjóðsins www.hladvarpinn.is

Þær sem hlut eiga í Hlaðvarpanum eru hvattar til að nýta rétt sinn til að mæta á fundinn og kynna sér starfsemi sjóðsins.

Stjórnin

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



→ Helstu sigurvegarar

Listamaður ársins

Rihanna

Besti nýliði

Lorde

Lag ársins

Stay - Rihanna og Mikky Ekko

Besta samstarf

Timber - Pitbull og Ke\$ha

Rokklag ársins

Demons - Imagine Dragons

Besti texti

Wrecking Ball - Miley Cyrus

iHeartRadio-frumkvöðlaverðlaun

Pharrell Williams



VAKTI ATHYGLI
Corey ásamt kærustu sinni, Courtney Anne.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mætti í gegnsæjum bol

Leikarinn Corey Feldman stal senunni þegar iHeartRadio-tónlistarverðlaunin voru veitt, en þar var svart og hvítt áberandi á rauða dreglinum.



SKJANNAHVÍT Söng- og leikkonan Jennifer Lopez mætti í kjól frá Zuhair Murad og hælaskóm frá Casadei.



ÓDÝR KJÓLL Giuliana Rancic í kjól frá Lumier by Bariano sem kostar aðeins 130 dollara, tæplega fimmtán þúsund krónur.



SUMARLEG Leikkonan Ashley Greene í kjól frá sass & bide.



SVART OG HVÍTT Söngkonan Shakira í dressi frá Alaia.

Kántrýbær til sölu eða leigu

Við höfum ákveðið að selja Kántrýbæ, rekstur hans og helst húsið líka. Einnig kemur til greina að leigja reksturinn. Eftir átján ára starf langar okkur hjónin til að breyta til enda vaxa börnin hratt úr grasi og hverfa brátt að heiman. Þess vegna er tími til að leita nýrra tækifæra.

Kántrýbær Skagaströnd nýtur mikils velvilja heimamanna og á álagstímum hefur verið auðvelt að fá íhlaupafólk úr bænum. Reksturinn er góður fyrir samhent hjón. Við höfum fullt vínveitingaleyfi, getum haldið allt að 120 manna veislur, stóra fundi, ráðstefnur, tónleika og böll. Á veturna koma 90 til 100 börn úr grunnskólanum í hádegismat en auk þess erum við með margvíslegar uppákomur, fundi, skemmtanir og veislur.



Nú er besti tími ársins framundan. Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mikið og við erum aðilar að Markaðsstofu Norðurlands og Ferðamálasamtökum Norðurlands vestra, sem auðveldar markaðs- og sölustarfið.

Sem sagt, við viljum selja eða leigja en þó ekki hverjum sem er. Nýir eigendur verða óhjákvæmilega mikilvægur hluti af samfélaginu okkar hér í bænum, bera ábyrgð en geta um leið hagnast ágætlega.

Á Skagaströnd er góð aðstaða fyrir fjölskyldufólk, leikskóli, grunnskóli, og afar góð aðstaða í fyrir fjarnám.

Hér fer vel um alla enda gott að vera.



Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband, hringja eða senda tölvupóst. Eigendur eru **Gunnar Halldórsson, matreiðslumaður, og Svenný Hallbjörnsdóttir.**
Símar: 452 2829 og 869 1709 - Netfang: kantry@kantry.is.

GÓÐAR FERÐATÖSKUR BETRA VERÐ!

KOMDU
NÚNA!

2 hjól, 84cm

9.999 kr

fullt verð 17.999.-

2 hjól, 65cm

8.999 kr

fullt verð 15.999.-

FRÁBÆR
AFSLÁTTUR!

STÆRRI
VERSLUN!

GRIFFILL SÍMI: 533-1010 -
WWW.GRIFFILL.IS - SKEIFUNNI 11
OPIÐ TIL KL. 18.00 ALLA DAGA

GRIFFILL



DÓMNEFNDIN Í HNOTSKURN

Í dómnefndinni sitja **185** aðilar frá **37** löndum, **FIMM** frá hverju landi.

Í dómnefndinni eru **79** konur og **106** karlmenn.

Meðalaldur dómnefndarinnar er **FJÖRUTÍU** ár.

Meðalaldur íslensku dómnefndarinnar er **32,4** ár.

YNGSTI MEÐLIMUR

Íslensku dómnefndarinnar er **Jóhanna Guðrún**, fædd **16. nóvember árið 1990**.

ELSTI MEÐLIMUR

Íslensku dómnefndarinnar er **Kjartan Guðbergsson**, fæddur **17. maí árið 1966**.

Meðal annarra meðlima í alþjóðlegu dómnefndinni er **Charlie McGettigan**, sem sigraði í Eurovision árið 1994 með Paul Harrington, Iris, sem var fulltrúi Belgíu í keppninni árið 2012, og **Nigar Jamal**, annar helmingur dúettssins **Eil & Nikki** sem bar sigur úr þýtum árið 2011 fyrir hönd Aserbaidsjans.

Íslendingar í alþjóðlegri Eurovision-dómnefnd

Fimm aðilar frá Íslandi sitja í alþjóðlegri Eurovision-dómnefnd en atkvæði hennar gilda fimmtíu prósent á móti símakosningu í keppninni. Á meðal dómnefndarfólks eru Jóhanna Guðrún og Friðrik Dór.

„Þetta er rosalega spennandi og gaman og allt annar vinkill á keppnina. Ég þarf að hugsa öðruvísi því ég er von að sitja heima og mynda mér skoðanir og gagnrýni. Þetta er aðeins alvarlegri staða,“ segir söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir. Hún situr í alþjóðlegri Eurovision-dómnefnd fyrir Íslands hönd ásamt Friðriki Dór Jónssyni, Ragnheiði Gröndal, Kjartani Guðbergssyni og Hildi Þórhallsdóttur. Fimmendingarnir þurfa að horfa á öll lögin sem keppa í báðum undankeppnunum og gefa þeim stig en atkvæði dómnefndar gilda fimmtíu prósent á móti símakosningu.

„Þetta er náttúrulega laga-keppni þannig að fyrst og fremst þarf ég að horfa á lagasmíðarnar og hvort eitthvað sé varið í lagið. Síðan þarf heildarmyndin að virka og þurfa lagasmíðarnar að haldast í hendur við söng og uppsetningu á atriðinu,“ bætir Jóhanna Guðrún við. Hún hefur náð einna bestum árangri Íslendinga í Eurovision þegar hún landaði öðru sætinu í Moskvu árið 2009. Hún horfir alltaf á keppnina.

„Ég verð alltaf svolítið stressuð. Mér finnst þetta skemmtilegt en ég verð svolítið víruð því ég veit hvað þau eru að ganga í gegnum. En ég horfi auðvitað alltaf spennit,“ segir Jóhanna Guðrún. Hún er hrifin af framlagi Íslands, Enga fordóma með Pollapönki.



VIRT SÖNGKONA Ragnheiður Gröndal, ein vinsælasta söngkona landsins, situr líka í dómnefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég reyni alltaf að vera jákvæð. Ef það er eitthvað sem ég hef lært er það það að maður getur aldrei ákveðið fyrir fram hvernig atriðunum gengur. Boðskapurinn í laginu okkar er æðislegur og atriðið er flott. Ég er viss um að boðskapurinn eigi eftir að landa okkur helling af atkvæðum. Pollapönkarar eru náttúrulega dásamlegir.“

Söngvarinn Friðrik Dór hlakkar líka til að takast á við þetta verkefni.



NÓG AÐ GERA Jóhanna Guðrún hefur verið í stúdíói undanfarið og ætlar að gefa út lag í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

„Ég er enginn sérfræðingur um Eurovision og ætla ég að koma gjörsamlega eins og Pollapönk til leiks – án allra fordóma,“ segir Friðrik Dór. Hann ætlar að leyfa hjartanu að ráða í sinni atkvæðagreiðslu.

„Stór partur af Eurovision fyrir mér er stemningin og „show“-ið. Sum lögin eru góð og sum ekkert sérstök. Þau lög sem hrifa mig á staðnum fá stigin mín,“ bætir hann við en dómnefndin horfir



ENGINN SÉRFRÆÐINGUR Friðrik Dór er upp með sér að hafa verið valinn í dómnefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

á öll lögin í höfuðstöðvum RÚV í Efstaleiti.

Uppáhaldslag Friðriks úr Eurovision-keppninni er hið ítalska *Gente di mare* og hefur hann sjálfur íhugað að senda lag í keppnina.

„Mér finnst það heillandi hugmynd. Ég er bara hræddur um að særa stoltið og tapa. En einhvern tímann verð ég nógu gamall og þroskaður til að kyngja stoltinu og prófa.“ lijakatrin@frettabladid.is



LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA SVEITARFÉLAGA ÁRSFUNDUR 2014

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga verður haldinn þriðjudaginn 20. maí kl. 16.00, í húsnæðing Sambands íslenskra sveitarfélaga að Borgartúni 30, Reykjavík.

Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Breyting á samþykktum sjóðsins
3. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta

Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarinnar

Reykjavík, 2. maí 2014

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

STARFSEMI LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA SVEITARFÉLAGA 2013 FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA

Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 31.12	2013		2012			
Samtryggingardeildir	S-deild	Samtals	Samtals	Samtals		
Iðgjöld	8.027	88	8.114	6.845		
Lífeyrir	-1.817	-50	-1.867	-1.039		
Fjárfestingartekjur	6.502	81	6.583	5.639		
Fjárfestingargjöld	-208	-3	-211	-132		
Rekstrarkostnaður	-106	-1	-107	-97		
Gjald í ríkissjóð	0	0	0	-1		
Hækkun á hreinni eign á árinu	12.399	114	12.513	11.216		
Hrein eign frá fyrra ári	68.433	1.251	69.683	58.467		
Hrein eign sameinaðra sjóða 01.07.13	4.361	0	4.361	0		
Hrein eign til greiðslu lífeyris	85.192	1.365	86.557	69.683		
Efnahagsreikningur						
Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir	117	0	117	21		
Verðbréf með breytilegum tekjum	27.222	480	27.702	21.142		
Verðbréf með föstum tekjum	48.382	596	48.977	38.903		
Veðlán	6.464	0	6.464	5.857		
Bankainnistæður	1.064	247	1.311	2.123		
Aðrar fjárfestingar	339	0	339	334		
Kröfur	1.185	2	1.187	717		
Aðrar eignir	602	44	646	570		
Skuldir	-182	-4	-186	-86		
Hrein eign til greiðslu lífeyris	85.192	1.365	86.557	69.683		
Kennitölur ársins 2013	A-deild	V-deild	B-deild*	S-deild I	S-deild II	S-deild III
Nafnávöxtun	8,5%	8,5%	3,0%	6,6%	4,9%	5,5%
Hrein raunávöxtun	4,7%	4,7%	1,6%	2,8%	1,2%	1,8%
Hrein raunávöxtun – 5 ára meðaltal	3,0%	3,0%	5,2%	5,4%	5,4%	3,3%
Fjöldi sjóðfélaga	10.460	4.128	213	199	78	53
Fjöldi lífeyrisþega	2.486	559	910	40	5	7
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%

*Frá 1. júlí til 31. desember 2013

Birt með fyrirvara um prentvillur

Ársreikning LSS 2013 má sjá í heild sinni á heimasíðu LSS: www.lss.is

Stjórn og framkvæmdastjóri

Í stjórn lífeyrissjóðsins eru Garðar Hilmarsson stjórnarformaður, Elín Björg Jónsdóttir, Karl Björnsson, Gerður Guðjónsdóttir, Kristbjörg Stephensen og Salóme E. Þórisdóttir. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jón G. Kristjánsson.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, sími: 5 400 700 lss@lss.is - www.lss.is



MATGÆDINGUR Á bloggsíðu Thelmu eru margar girnilegar uppskriftir.

Spínatkjúklingur

Thelma Þorbergsdóttir bloggar um mat á síðunni freistingarhelmu.blogspot.com. Hún deilir tveimur uppskriftum með lesendum Fréttablaðsins sem eru ekki aðeins einfaldar heldur einnig afar bragðgóðar.

Spínatfylltur kjúklingur með mozzarella, tagliatelle og salati

3-4 kjúklingabringur
70 g brauðrasp
30 g parmesanostur
2 egg, létthærð
150 g frosið spínat, þítt
6 msk. kotasæla
Fersk mozzarellakúla
Ólífuolía
1 dós tómastapasósa
Salt og pipar
500 g tagliatelle
ferskt salat að vild



Aðferð

Hitið ofninn í 230 gráður og penslið eldfast mót með ólífuolíu að innan. Skerið kjúklingabringurnar langsum í tvennt þannig að úr einni bringu verði til tveir hlutar. Kryddið bringurnar með salti og pipar.

Blandið brauðraspinu og 4 msk. af parmesanosti saman í skál. Létthærðið egginn og setjið þau í skál til þess að auðvelt verði að dýfa kjúklingnum ofan í. Þíðið spínatið og kreiðið allt vatn úr því, klippið það mjög fínt og blandið því saman við restina af parmesanostinum, 2 msk. af hrærðu eggjunum, kotasæluna og hrærið allt vel saman.

Setjið 2 msk. af spínatblöndunni á hverja kjúklingabringu og dreifið vel úr henni, rúllið bringunni upp og látið samskeytin á kjúklingnum snúa niður. Dýfið kjúklingnum ofan í hrærðu egginn og svo strax í brauðraspið og passið að kjúklingurinn þekist vel með raspinu. Setjið kjúklinginn í eldfast mót smurt með ólífuolíu og látið samskeytin snúa niður.

Bakið kjúklinginn í 25 mínútur, takið hann svo út og setjið 2 til 3 msk. af tómastapasósu yfir hverja bringu. Skerið mozzarellakúluna langsum í 6 bita og leggið yfir hverja kjúklingabringu og bakið í 5 mínútur til viðbótar eða þar til osturinn hefur náð að bráðna alveg.

Sjóðið pastað eftir leiðbeiningum á pokaum og berið fram með kjúklingnum og restinni af pastasósunni ásamt fersku salati að vild.

Frumflytur lag með maltneskri Eurovision-stjörnu

Valgeir Magnússon er umboðsmaður söngkonunnar Chiara Siracusa.

„Við Chiara erum búin að vera að vinna saman síðastliðin tvö ár og þetta er fjórða lagið sem við gerum saman,“ segir Valgeir Magnússon, umboðsmaður maltnesku Eurovision-stjörnnunnar Chiara Siracusa. Hann frumflytur nýtt lag, sem heitir Mermaid in Love, ásamt stjörnunni á Euro Fan Café í Kaupmannahöfn á sunnudag. Örlygur Smári og Pétur Örn sömdu lagið ásamt Valgeiri.

„Samstarf okkar kom til þannig að ég var að túra með Heru Björk á milli tónlistarhátíða og Chiara var oft á sömu stöðum og við. Hún tók eftir því að Hera fékk betri

þjónustu en flestir og sá að ég var duglegur að passa upp á hlutina. Einn daginn kom hún til mín og spurði hvort ég væri til í að sjá líka um sig,“ segir Valgeir sem var ekki sannfærður um að það gæti gengið upp.

„Ég hugsaði mig um í nokkrar vikur því ég sá ekki hvernig þetta myndi ganga upp þar sem Ísland og Malta eru hvort á sínum endanum á Evrópu. Svo hugsaði ég: Þetta er allt að vinna í gegnum netið. Nú erum við búin að taka upp fjögur lög saman, sem við gerum þannig að við Öggi erum á Face-Time í stúdíóinu hennar á Mólту og biðjum

hana að gera hitt og þetta. Svo fáum við sendan sönginn og Öggi klárar málið.“

Varðandi nýja lagið, Mermaid in Love, segir Valgeir það hafa orðið til í áföngum.

„Hugmyndina fékk ég þegar við vorum að spila saman í Þýskalandi síðasta sumar. Ég skrifaði niður nokkrar línur. Við Öggi hittumst svo nokkrum vikum síðar, töluðum aðeins um hugmyndina og hann kom strax með litla melódíu. Svo skoðuðum við þetta ekkert fyrr en fyrir tveimur vikum. Þá tókum við Pétur með okkur í sumarbústað og kláruðum lagið og fleiri lög sem við erum að ákveða hvað við gerum við.“ -lkg



VINNA VEL SAMAN Hér eru Valgeir og Chiara í Þýskalandi síðasta sumar. MYND/ÚR EINKASAFNI



GÓÐ LEIKKONA Keira vinnur fyrir Baltasar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Gengur til liðs við Baltasar

Leikkonan Keira Knightley er búin að landa hlutverki í stórmynd Baltasars Kormáks, Everest. Á meðal leikara í myndinni eru til að mynda Josh Brolin og Jake Gyllenhaal en Keira leikur eiginkonu Jasons Clarke sem túllkar fjallgöngukappann Rob Hall.

Myndin er meðal annars tekin upp í Pinewood Studios, í Englandi, Nepal og ítölsku Ólpunum en hún er byggð á bókinni Into Thin Air eftir rithöfundinn og fjallagarpinn Jon Krakauer. Segir hún frá hörmungaratburðum sem áttu sér stað á Everestfjalli árið 1996 þar sem átta fjallgöngumenn fórust. -lkg



FJÖLSKYLDUFÓLK Styttist í brúðkaup.

Práir annað barn

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian og rapparinn Kanye West ganga í það heilaga í París þann 24. maí. Samkvæmt heimildum tímaritsins Us Weekly ætlar parið að reyna að eignast annað barn strax eftir brúðkaupið en fyrir eiga þau dótturina North, tíu mánaða.

„Kim vill verða ólétt strax eftir brúðkaupið. Hún vill að stutt sé á milli barnanna,“ segir heimildarmaður tímaritsins.

Kim og Kanye trúlofuðu sig í október á síðasta ári og hafa verið að þeysast um Parísarborg að undanförunu að undirbúa brúðkaupið.

Skötu hjúin eru hins vegar ekki búin að segja neinum gestum hvar brúðkaupið verður haldið og vita systur raunveruleikastjörnnunnar, Khloe og Kourtney, það ekki einu sinni. -lkg



Sample & Lagersala

NTC

Byrjar í dag 3. maí kl. 10:00
í plássí Sparkz Kringlunni.

Vörur frá öllum verslunum NTC á ótrúlegu verði.

Einstök sýnishorn frá fjölda merkja til sölu.

Þú vilt ekki missa af þessu!

www.ntc.is

LAUGARÁS BÍÓ **midí.is** Miðasala og nánari upplýsingar **Coca-Cola** PÚ FÆRÐ LAUGARÁS BÍÓ

12 **The Other Woman** **12** **SPIDER-MAN 2 3D** **L** **RIÓ 2**

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

14 **A HAUNTED HOUSE 2** **7** **HARRY OG HEIMIR**

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar

THE OTHER WOMEN	5, 8, 10:20	12
SPIDERMAN 2 3D	2, 7, 10	12
A HAUNTED HOUSE 2	10	14
RIÓ 2 2D	2, 4:30	L
HARRY OG HEIMIR	2, 4, 6, 8	7

Sími: 553-2075 **www.laugarasbio.is**

SAM BÍÓ .IS

FRÁ FRAMLEIÐANDANUM CHRISTOPHER NOLAN LEIKSTJÓRA DARK KNIGHT ÞRÍLEIKSINS OG INCEPTION

★★★★★ CHICAGO SUNTIMES ★★★★★ LOS ANGELES TIMES

TRANSCENDENCE 12

THAT AWKWARD MOMENT 12

SPIDER-MAN 2 12

FRÁ ÆM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR **AVENGERS**

★★★★★ EMPIRE ★★★★★ TOTAL FILM ★★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY

CAPTAIN AMERICA 12

BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK

★★★★★ CHICAGO SUNTIMES ★★★★★ WASHINGTON POST

★★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY ★★★★★ PORTLAND OREGONIAN

DIVERGENT 12

SAM BÍÓ .IS **ÁLFABAKKA**

TRANSCENDENCE	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
TRANSCENDENCE VIP	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
THAT AWKWARD MOMENT	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
DIVERGENT	kl. 5:10 - 8 - 10:50	12
CAPTAIN AMERICA 2	kl. 3D: 5:10 - 8 - 10:45 2D: 2	12
NOAH	kl. 2 - 5 - 8	12
NEED FOR SPEED	kl. 10:40	12
THE LEGO MOVIE	kl. 2D: 2	12
MUPPETS MOST WANTED	kl. 2D: 2	12

SAM BÍÓ .IS **KEFLAVÍK**

TRANSCENDENCE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
THE AMAZING SPIDER-MAN 2	kl. 5 - 10:20	12
THE OTHER WOMAN	kl. 8	12
RIÓ 2	kl. 1:30 - 3:30	12
HNETURÁNIÐ	kl. 2	12

SAM BÍÓ .IS **EGILSHÖLL**

TRANSCENDENCE	kl. 5:25 - 8 - 10:35	12
THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D	kl. 2 - 4:50 - 7:40 - 10:35	12
DIVERGENT	kl. 4:50 - 7:40 - 10:30	12
CAPTAIN AMERICA 2 3D	kl. 2 - 4:50 - 7:40 - 10:30	12
RIÓ 2	kl. 3D: 2:30 2D: 3:10 (1 SUN) L	12

SAM BÍÓ .IS **KRINGLUNNI** **NÚMÉRÚD SÆTI**

TRANSCENDENCE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
THAT AWKWARD MOMENT	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
DIVERGENT	kl. 5 - 8	12
CAPTAIN AMERICA 2 2D	kl. 10:50	12

SAM BÍÓ .IS **AKUREYRI**

TRANSCENDENCE	kl. 8 - 10:30	12
CAPTAIN AMERICA 2 3D	kl. 5:10	12
DIVERGENT	kl. 5:10 - 10:10	12
THAT AWKWARD MOMENT	kl. 8	12
THE LEGO MOVIE	kl. 2D: 2:50	12
MUPPETS MOST WANTED	kl. 2D: 2:50	12

